

spottið 12



Ítalska ólíkindatólið **Balotelli** fótbolti 32

Líflegar **lopapeysur** tíska 38



Kostnaður Íraksstríðsins hernaður 28



# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

29. október 2011  
253. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

BEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI  
**10**  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt gæðumbláttíðningi Carovest Grillun apríl - júní 2011



**Sem sama manneskjan**  
Margrét Helga og Vigdís Hrefna eru í aðalhlutverkum í leikverkinu Hreinsun. **leikhús 30**



**Ástríðunni fagnað**  
Bubbi og fjölskylda fögnuðu útgáfu nýrrar veiðibókar. **fólk 56**

**Vísir að danskri veislu**

Jólahlaðborð í heimahúsi útbúið með örlítilli fyrirhöfn. **allt 2**



**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu  
Heimili&Hönnun | Allt | Allt atvinna



## Eldhætta af lúpínu í byggð

Náttúrufræðistofnun segir tímaspursmál hvenær stórbruni verði þar sem lúpína vex í miklu magni. Slökkviliðsstjóri tekur undir þær áhyggjur.

**ÖRYGGISMÁL** „Það er ekki spurning um hvort heldur hvenær það verður stórbruni þar sem lúpína vex í miklu magni,“ segir Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. „Ég veit ekki hvort fólk áttar sig á hættunni.“

Í Hvítbók um náttúruvernd segir að með hlýnandi veðurfari skapist aukin hætta á tjóni af völdum bruna í náttúrunni. „Lúpína er hér sérstakt áhyggjuefni. Hún myndar miklar og þéttar breiður kringum þéttbýlisstaði, á skógræktar- og landgræðslusvæðum og í sumarbústaðalöndum.“

Á haustin myndast mikil sína í lúpínubreiðum og um leið gríðarlegur eldsmatur. Mælingar sýna að um fimm til tíu tonn af þurr-efni eru á hektara í lúpínusinu, sem er er tífalt það magn sem er í graslendi.

Í Hvítbókinni er varpað fram þeirri spurningu hvaða aðilar eigi að meta nauðsyn viðbragða. Full ástæða sé til að huga að setningu skýrari reglna um viðbrögð við náttúrueldum.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, deilir áhyggjum vegna þeirrar hættu sem lúpínunni fylgir. „Minni sláttur, í kjölfar hrunsins, og krafturinn í lúpínunni er áhyggjuefni,“ segir Jón Viðar og kastar fram þeirri hugmynd að eyða lúpínu kerfisbundið þar sem hún er á stórum svæðum og mynda þannig „brunahólf“ eða „eldgötu“ sem geri sinubruna viðráðanlegri.

„Við erum að byggja upp náttúruvernd nærri byggð sem tiltölulega lítill bruni getur eyðilagt á dagparti. Því er full ástæða til að vera á varðbergi,“ segir Jón Viðar. Hann segir slökkviliðin ágætlega útbúin til að fást við eldana en lengi megi gera betur.

Jón Gunnar segir að búast megi við að sinueldar verði viðvarandi og auknið vandamál á höfuðborgarsvæðinu næstu áratugi vegna aukins gróðurs í landi. „Það þarf líka að hafa hugfast að lúpínusinan brennur mun hraðar og myndar margfaldan hita á við venjulegan sinueld. Þetta er tífandi tímaspungja.“



Þetta er tífandi tímaspungja.

**JÓN GUNNAR OTTÓSSON**  
FORSTJÓRI NÍ

**VIÐ HEYJUM ÖLL OKKAR EINVÍGI** Heimsmeistaraeinvígið í skák 1972 er í forgrunni nýjustu bókar Arnaldar Indriðasonar. Einvígið er fimmtánda skáldsaga Arnaldar á jafnmörgum árum, en bækur hans hafa selst í 6,5 milljónum eintaka um allan heim. Í samtali við Fréttablaðið ræðir hann meðal annars nýjustu bók sína, freistingar frægðarinnar og afdrif Erlends rannsóknarlögsluáhrifanna, sem grunur leikur á að hafi mætt örlögum sínum. **Sjá síðu 24**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

- shá



Þú færð Nova netsímamann á nova.is

**0 kr.**  
Nova í Nova  
— nú líka í tölvunni!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

**NOVA**



## SPURNING DAGSINS



Stefán, ertu búinn að gera hreint fyrir þínum dyrum?

„Ég kem bara til dyranna eins og ég er klæddur.“

Rithöfundurinn Stefán Máni þurfti að breyta bók sinni, Skipinu, áður en hún kom út á Ástralíumarkaði, af því að í henni var vitnað í texta sveitarinnar The Doors. Samkvæmt áströlskum lögum þarf að greiða fyrir það.



KLAUS REGLING Framkvæmdastjóri neyðarsjóðsins kominn til Kína.

NORDICPHOTOS/AFP

Evruríkin leita til Kína:

## Kínastjórn sögð setja skilyrði

**KÍNA** Klaus Regling, framkvæmdastjóri björgunarsjóðs Evrópusambandsins, hélt til Kína í gær til að ræða möguleika þess að Kínverjar leggi til fjármagn í sjóðinn, sem notaður er til að veita nauðstöddum evruríkjum fjárhagsaðstoð.

Fréttaskýrendur, bæði á Vesturlöndum og í Kína, hafa haldið því fram að kínversk stjórnvöld muni krefjast þess að Vesturlönd fallist í staðinn á að Kína fái formlega stöðu markaðsríkis, sem myndi um leið auðvelda Kínverjum að stunda markaðsmisnotkun, eða að Vesturlönd hætti jafnvel að gagnrýna mannréttindabrot í Kína. - gb

Þjófnaðarmálið í rannsókn:

## Kærastinn laus

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur nú að rannsókn umfangsmikils þjófnaðarmáls sem upp kom þegar mæðgur voru nýverið staðnar að hnupli í verslun í Smáralind. Þær sitja í gæsluvarðhaldi fram á miðvikudaginn næstkomandi, en kærasti yngri konunnar, sem einnig var handtekinn og yfirheyrður, hefur verið látinn laus.

Lögregla vinnur meðal annars að því að flokka þýfið, sem mestmegnis var fatnaður, fylgihlutir og snyrtivörur, meta verðmæti þess og koma því til þeirra verslana sem mæðgurnar stálu úr. - jss

Sjöundi landsfundur Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs var settur á Akureyri í gær:

# Ótvíræður árangur hjá ríkisstjórninni

**STJÓRNMÁL** Sjöundi landsfundur Vinstri grænna hófst á Akureyri í gær. Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, flutti setningarræðu þar sem hann leit yfir hið pólitíska svið.

„Þá blasir við að það hefur unnist vel úr erfiðri, sumir sögðu vonlausri, stöðu Íslands. Hagvöxtur er genginn í garð. Skerðing lífskjara hefur verið stöðvuð og kaupmáttur er farinn að aukast,“ sagði Steingrímur sem ræddi um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Hann bætti



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

síðar við að nú þyrfti meira að fara að gerast í fjárfestingu, uppbyggingu og fjölgun starfa.

Steingrímur rifjaði upp erfiða stöðu landsins í kjölfar bankahrunsins og viðvörunarorð Vinstri grænna árin á undan. Hann sagði baráttu ríkisstjórnarinnar hafa snúist um endurheimt

efnahagslegs sjálfstæðis og framtíð velferðarsamfélagsins. Sú baráttu ynnist ekki án forna og þótt aðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði ríkisfjármála hefðu verið sársaukafullar hefðu þær verið óumflýjanlegar.

Steingrímur sagði breytingar ríkisstjórnarinnar á skattkerfinu hafa verið í samræmi við pólitíska stefnumótun flokksins. Þær hefðu miðast við meiri tekjujöfnun og græna skatta, svo eitthvað sé nefnt. Þá benti hann á að helmingur hjóna greiddi nú lægra hlutfall af tekjum sínum í

tekjuskatt og útsvar, þar með talinn fjármagnstekjuskatt, en árið 2008.

Loks fjallaði Steingrímur um valkosti Íslendinga í peningamálum. Hann sagði íslensku krónuna hafa reynst okkur vel á erfiðum tímum og sagðist sannfærður um að atvinnuleysi hefði farið í háa tveggja stafa prósentutölu ef Íslendingar hefðu ekki haft eigin gjaldmiðil síðustu ár. Þá hefði reynsla annarra þjóða sýnt að alveg eins væri hægt að setja sig á hausinn í evrum og krónum.

- mpj

# Ísland staðurinn til að heimsækja 2012

Lesendur Lonely Planet, stærsta útgefanda ferðatengds efnis í heiminum, telja Ísland og Reykjavík vera mest spennandi áfangastaði heims á næsta ári. Framkvæmdastjóri Íslandsstofu segist þess fullviss að útnefning sem þessi hafi áhrif.

**FERÐAÞJÓFNAÐUR** Ísland og Reykjavík eru mest spennandi ferðamanna staðir heims árið 2012. Þetta er mat lesenda efnis frá fyrirtækinu Lonely Planet, sem er stærsti útgefandi ferðatengds efnis í heiminum. Stutt er síðan bandaríska tímaritið National Geographic valdi Ísland einnig mest spennandi áfangastaðinn 2012.



JÓN ÁSBERGSSON

„Þetta er tvímælalaust staðfesting á því að við höfum verið að gera rétt í kynningum okkar undanfarið. Bæði með Inspired by Iceland-átakinu og svo nýja áttakinu, sem er reyndar kannski ekki byrjað að hafa áhrif,“ segir Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, sem hefur meðal annars það hlutverk að markaðssetja Ísland sem ferðamannastað.

„Ég held að við höfum slegið réttan tón í Inspired by Iceland með því að fá erlenda gesti til að segja frá sinni upplifun af landinu og koma þeim skilaboðum víðar en áður, til dæmis inn á samfélagsmiðlana,“ segir Jón og bætir því við að hann sé þess fullviss að útnefningar sem þessar hafi talsverð áhrif.

Lonely Planet er ástralskt fyrirtæki í eigu breska ríkisútvarpsins BBC sem gefur út bækur, tímarit, sjónvarpsþætti og fleira efni um ferðalög og ferðamannastaði.

Fyrirtækið gefur árlega út bók þar sem fjallað er um mest spennandi ferðamannastaði samtímans.



STROKKUR Meðal þess sem erlendir ferðamenn hafa hrifist af á Íslandi eru náttúrufergur landsins og næturlífíð í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er tvímælalaust staðfesting á því að við höfum verið að gera rétt í kynningum okkar undanfarið.

JÓN ÁSBERGSSON  
FORSTJÓRI ÍSLANDSSTOFU

Um fjöllun þess um Ísland og Reykjavík og listarnir yfir mest spennandi ferðamannastaði ársins birtast í nýútkominni 2012 útgáfu bókanna. Sú nýbreytni var hins vegar á gerð bókanna að þessu sinni að lesendum gafst færi á að kjósa sína uppáhaldsáfangastaði.

Bæði Ísland og Reykjavík höfðu nokkra yfirburði í kjörinu með alls

32 prósent og 27 prósent atkvæða hvort. Ítalía og Lissabon komu næst í kjörnum með 13 prósent og 15 prósent atkvæða. Meðal annarra landa sem komust á blað má nefna Indland, Filippseyjar, Tyrkland og Kólumbíu. Ístanbul, Barselóna, London og Bangkok voru síðan í hópi þeirra borga sem þóttu mest spennandi.

Hvorki Ísland né Reykjavík komust á topp 10 lista yfir mest spennandi lönd og borgir í fyrria, en þá þóttu Albanía og New York mest spennandi.

Meðal þess sem lesendur hrifust af við Ísland og Reykjavík voru náttúrufegurð og næturlífíð í Reykjavík.

magnusl@frettabladid.is



Á FUNDI MEÐ SAMVELDISLEIÐTOGUM Elisabet Bretadrottning á leiðtogafundinum í Ástralíu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

## Samveldisríkin breyta lögum: Dætur fá sama rétt og synir

**BRETLAND** Leiðtogar þeirra sextán bresku samveldisríkja sem enn eru með Elísabetu Bretadrottningu fyrir þjóðhöfðingja samþykktu einróma að gera þær breytingar á konungserfðum bresku krúnunnar að hún erfðist jafnt til dætra sem sona.

Þetta þýðir að elsta barn þeirra Vilhjálms prins og Katrínar Middleton eiginkonu hans verður þegar fram líða stundir þjóðhöfðingja Bretlands, hvort sem það verður drengur eða stúlka.

Breytingarnar eru þær róttækustu sem gerðar hafa verið öldum saman á fyrirkomulagi bresku krúnunnar og taka gildi þegar þjóðþing landanna hafa samþykkt lög þessi efni.

- gb

## DÓMSMÁL

### Dæmdur fyrir ræktun

Kannabisræktandi, karlmaður á þritugsaldri, hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn ræktaði í leiguíbúð í Hafnarfirði 49 kannabisplöntur. Hann játaði brot sitt. Plönturnar og búnaður til ræktunarinnar voru gerð upptæk.

## SAMGÖNGUR

### Suðurstrandarvegur opnar

Framkvæmdum við nýjan Suðurstrandarveg lýkur á dag. Með opnun vegarins er komið bundið slitlag frá Grindavík til Þorlákshafnar.

Icelandic Group í viðræður við High Liner Foods um sölu á hluta af starfsemi:

# Hreyfing á söluferli Icelandic

**VIÐSKIPTI** Icelandic Group hefur hafið einkaviðræður við kanadíska fiskisöluvirkjafyrirtækið High Liner Foods um sölu á starfsemi sinni í Bandaríkjunum og tengdri starfsemi í Kína. Þetta fékkst staðfest frá Icelandic Group í gærkvöldi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa viðræðendur sett sér 30 daga tímaramma til að komast að samkomulagi.

Icelandic Group er að stærstum hluta í eigu Framtakssjóðs Íslands en söluferli bandarísku starfseminnar hófst í júlí. Frestur til að skila inn tilboðum rann út 28. september síðastliðinn.

Fréttablaðið greindi frá því í lok september að sex erlend fyrirtæki hefðu haft hug á að leggja fram tilboð í starfseminna. Þeirra á meðal var kínverska fiskvinnslufyrirtækið Pacific Andes sem keypti starfsemi Icelandic Group í Frakklandi og Þýskalandi í júní.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þrjú tilboð tekin til alvarlegrar skoðunar: tilboð High Liner Foods og tilboð frá bandaríska fiskvinnslufyrirtækinu Trident Seafoods Corporation og frá suður-kórneska fiskvinnslufyrirtækinu Dongwon Industries.



ICELANDIC GROUP Framtakssjóður Íslands á 81 prósent hlut í fyrirtækinu.

Fréttavefurinn Intrafish hafði eftir heimildum í gær að söluverð í kringum 28 milljarða króna væri til viðræðu en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sú tala heldur í hærrí kantinum. Þá leggur Icelandic Group talsverða áherslu á það í viðræðunum að halda eftir vörumerki félagsins.

- mpj

9 AF HVERJUM 10 KONUM  
FINNA FYRIR ÓÞÆGINDUM  
Á KYNFÆRASVÆÐI?

RAKAAUKANDI  
GEL, EYKUR OG  
VERNDAR RAKASTIG,  
VIRKAR EINNIG SEM  
SLEIPIFNI

vivag  
FÆST Í APÓTEKUM



# Seríu markaður

í Skútuvogi

verð frá:

**199**

**SELJUM ELDRI LAGER  
Á BRJÁLUDU VERÐI  
UM HELGINA**

**INNISERÍUR, ÚTISERÍUR, SKRAUTSERÍUR, JÓLALJÓS OG MARGT FLEIRA!!!**




*Danfoss* living eco®

**KYNNING  
í Skútuvogi kl. 14-16**

Sérfræðingar frá Danfoss kynna nýja forritanlega hitastilla fyrir ofna og sýna hvernig hægt er að spara orku og peninga með þessari nýju tækni.

**KYNNING  
á hreinsivörum  
fyrir gólfefni  
í Skútuvogi kl. 13-16**

Kynnum frábær viðhalds- og hreinsiefni fyrir parket, flísar, náttúrustein og fleira frá HG international



**37.493**  
49.990

VID  
MÆLUM  
MED

**damixa**  
Sturtusett með öllu  
Blöndunartæki, sturtuhaus,  
handbrúsa og stöng.  
8000582

BLÖNDUNAR  
TÆKI  
**25%**  
afsláttur\*  
um land allt

**10.046**  
13.395

VID  
MÆLUM  
MED

**EMMEVI**  
Handlaugartæki Eden  
Emmevi, með lyftitappa.  
7900020

INNI  
MÁLNING  
**25%**  
afsláttur\*  
um land allt  
í október



FLÍSAM  
**20%**  
afsláttur\*  
um land allt



Ís  
aðeins  
**99** kr.



Pylsa eða pizza  
og kók **199** kr.  
Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar".  
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.



**HÚSAMÍÐJAN**



## GENGIÐ 28.10.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	112,64	113,18
Sterlingspund	181,25	182,13
Evra	159,28	160,18
Dönsk króna	21,396	21,522
Norsk króna	20,725	20,847
Sænsk króna	17,674	17,778
Japanskt jen	1,4840	1,4926

SDR 179,72 180,80

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
214,1307

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SAIF AL-ISLAM Hefur ekki sést síðan í ágúst. NORDICPHOTOS/AFP

Sonur Gaddafis enn í felum: Í viðræðum við stríðsglæpadóm

**HOLLAND** Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag, sem rannsakir og dæmir í stríðsglæpamálum, segir að óformlegar viðræður hafi átt sér stað, með aðstoð milligöngumanna, við Saif al-Islam, son Múammars Gaddafí.

Saif hefur verið felum frá því að faðir hans hrökklaðist frá völdum í ágúst, en hann var almennt talinn hafa átt að taka við af Gaddafí sem leiðtogi Líbíu.

Dómstóllinn hefur ákært Saif og gefið út alþjóðlega handtöku-skipan á hendur honum. - gb

## BOLUNGARVÍK

**Höfnin hagnast um milljónir**  
Rekstur Bolungarvíkurhafnar skilaði sex milljóna hagnaði fyrstu sex mánuði ársins. Unnið er nú að nýrri gjaldskrá fyrir höfnina, en vegna strandveiðigjalds hafna fær Bolungarvíkurhöfn um 1,5 milljónir í sinn hlut.

## LÖGREGLUMÁL

## Þjófur í síbrotagæslu

Karlmaður um þrjú hundruð hefur verið úrskurðaður í síbrotagæslu til 24. nóvember. Maðurinn hefur ítrekað komið við sögu hjá lögreglu en hann var síðast handtekinn í vikunni. Þá ók hann um á stolnum bíl og var auk þess í annarlegu ástandi.

Grikkir ósáttir við orð Sarkozy Frakklandsforseta um evrusvæðið:

## Mistök að hafa Grikkland með

**FRAKKLAND** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti segir það hafa verið mistök að leyfa Grikkjum að taka upp evruna strax árið 2001. Griksk stjórnmöld hafi ekki verið reiðubúin og að auki beitt blekkingum í ríkisbókhaldu til að fegra stöðuna.

„Þetta var ákvörðun sem var tekin held ég árið 2001, og nú erum við að greiða fyrir afleiðingarnar,“ sagði Sarkozy í sjónvarpsviðtali á fimmtudagskvöld, en nóttina áður höfðu leiðtogar evrusvæðisins komið sér saman um nýjan björgunarpakka fyrir



NICOLAS SARKOZY Í SJÓNVARPSVIÐTALI „Nú erum við að greiða fyrir afleiðingarnar.“ NORDICPHOTOS/AFP

Grikkland og önnur nauðstödd evruríki.

Hann sagði þó að björgunar-

pakkinn muni duga Grikkjum til að komast út úr vandanum. Með þessari ákvörðun hafi evruríkin komið í veg fyrir hamfarir á evrusvæðinu.

Griksk stjórnmöld hafa mótmælt orðum Sarkozy. Þau segja ekkert hæft í því að orsaka kreppunnar sé að leita í Grikklandi.

„Grikkland er í miðjum storminum,“ sagði Stavros Lambrinidis, utanríkisráðherra Grikklands, í viðtali við breska útvarpið BBC. „Það hjálpar ekkert að gera eitt land að blóraböggli þegar tekist er á við evrópskt vandamál.“ - gb

Dæmdur á skilorð:

## Með hundruð níðmynda

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft 174 ljósmyndir og 166 hreyfimyndir á fartölvu, borðtölvu og flakkara sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Lögregla lagði hald á gögnin á tölvuverkstæði í Kópavogi og á heimili mannsins á síðasta ári.

Maðurinn játaði sök. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til þess að hann er talinn misþroska og með geðraskanir. - jss

## Kostnaður við sérfræðilækna aukist um 7 prósent frá hrúni

Nauðsynlegt er að geta gert kröfu á sérfræðilækna um hvar þeir starfi á landinu og hvernig þeir hagi sínu starfi, að mati velferðarráðherra. Notkun Íslendinga á sérfræðilæknum er með því mesta sem gerist í Evrópu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að nauðsynlegt sé að geta gert kröfu á sérfræðilækna um hvar þeir starfi á landinu og hvernig þeir hagi sínu starfi. Sérfræðilækna hafa verið samningslausir frá 1. apríl síðastliðnum.

„Þeir vilja fá hækkanir sem ríkið og Sjúkratryggingar hafa ekki haft peninga í. Þeir vilja kjarasamninga en við höfum viljað fá meiri aðgangsstýringu hjá þeim,“ segir Guðbjartur. „Líka til þess að lækka kostnaðinn við þann hluta svo við höfum meira svigrúm annars staðar, því allt er þetta jú einn pottur.“

Í skýrslu Boston Consulting Group sem kynnt var í gær, þar sem greint er skipulag og staða heilbrigðiskerfisins, kemur fram að hér á landi séu hlutfallslega fleiri heimssóknir til sérfræðilækna en í sam-anburðarlöndunum og það valdi auknum kostnaði. Sérfræðilækna séu líka hlutfallslega fleiri miðað við fjölda heimilislækna. Kostnaður vegna sérfræðilækna hafi aukist um 7 prósent síðan 2008 meðan fjárútlát til flestra annarra þátta heilbrigðisþjónustu hafi lækkað. Einnig þurfi að bæta greiðsluferfi til sérfræðilækna.

Þá sé sérfræðisþjónusta misdreifð um landið, en hún er langmest á höfuðborgarsvæðinu.

„Spurningin er hvaða tæki við höfum til þess að ná tökum á þessu á sama tíma og við viljum auðvitað halda þjónustunni í landinu. Þetta er mjög vandradaður vegur en ég treysti á það að heilbrigðisstéttir í landinu finni sameiginlega lausn,“ segir Guðbjartur. Það skipti sköpum

Við erum nánast komin í tannlækna-pakkann, hækkanirnar lenda allar á sjúklingunum.

**KRISTJÁN GUÐMUNDSSON**  
FORMAÐUR SAMNINGANEFNDAR  
LÆKNAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

úti á landi að sérfræðilækna komi reglulega og sinni sjúklingum.

„Þannig er það í dag en þeir óttast að missa þetta ef við skerum of mikið niður. Þá er spurning hvort það séu Sjúkratryggingar sem borgi þá og þeir komi sem slíkir eða hvort kvótinn sé hjá stofnuninni og þeir geti sótt sér sérfræðingana sjálfir. En þetta er hárfín og erfið lína.“

Kristján Guðmundsson, formaður samninganefndar Læknafélags Reykjavíkur, segir þjónustu sérfræðilækna á landsbyggðinni í góðu standi.

„Við dekkum landið nokkuð vel. Sérfræðingar fara út á land í reglubundnar heimsóknir og það hefur gengið vel,“ segir hann. „En ég við-urkenni það að rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem lengra er farið frá Reykjavík fækkar heimsóknir til sérfræðilækna. En það þýðir ekki að það eigi að girða fyrir þjónustuna í Reykjavík.“

Kristján segir að sumt af þeirri gagnrýni sem fram hafi komið varðandi misdreifða þjónustu um landið kunni að vera réttmætt en annað sé einfaldlega ópraktískt og því ekki gert. Hann er ekki bjartsýnn á að samningar náist við ríkið á næstunni. Allt bendi til þess að á komandi ári verði verðhækkanir á þjónustu um 15 prósent.



TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM KYNNTAR Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra setti á fót starfshóp til að koma með tillögur að úrbótum í heilbrigðiskerfinu og voru niðurstöður hópsins kynntar formlega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Samtengd sjúkraskrá sett í forgang

Líkt og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir viku hefur Boston Consulting Group, sérfræðihópur á vegum starfshóps innan velferðarráðuneytisins, dvalið hér á landi í fimm vikur og gert ítarlega úttekt á íslenska heilbrigðiskerfinu. Í skýrslu hópsins kemur skýrt fram að gæði heilbrigðisþjónustu á Íslandi séu yfirhöfuð mjög góð. Megin gagnrýni hópsins sneri að því að hér er engin samtengd sjúkraskrá og þjónustustýringu vantar.

Á blaðamannafundi í gær voru tillögur starfshóps ráðuneytisins tilkynntar. Samtengd, rafræn sjúkraskrá verður sett í forgang, en áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er um fjórir milljarðar króna. Þá verður átaki hrundið af stað í samræmdri skráningu og birtingu heilbrigðisupplýsinga í heilbrigðiskerfinu. Þá verði komið á þjónustustýringu í áföngum svo öll heilbrigðisþjónusta, þar með taldir sjálfstætt starfandi sérfræðingar, tengist einni samtengdri sjúkraskrá. Sjúklingur eigi rétt á að einn tiltekinn læknir, að jafnaði heimilislæknir, sé gerður ábyrgur fyrir þjónustustýringu hans.

„Ný viðmiðunargjaldskrá og reglugerð um endurgreiðslur munu koma innan tíðar. Við erum nánast komin í tannlækna-pakkann, hækkanirnar lenda allar á sjúklingunum,“ segir Kristján og bætir við

að sérfræðilækna hafi gefið eftir tíu prósentu verðbótahækkun árið 2009. Nú séu liðin tvö og hálf ár og læknar vilji fara að fá þá launa-hækkun sem þeir hafi samningsbundinn rétt á. sunna@frettabladid.is


## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeirsdóttir**  
veður-fréttamaður

**RIGNING EÐA SLYDDA** Heldur leiðinlegt veðrið um helgina þar sem vindur verður stífur og má búast við úrkomu í all-flestum lands-hlutum. Hægt kólnandi veður og á mánudag verður hitinn um og undir frostmarki norðan til á landinu.

Á MORGUN 10-18 m/s NV- og V-til, annars hægar.

MÁNUDAGUR 10-18 m/s.



## HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	16°
Berlín	14°
Billund	12°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	24°
London	15°
Mallorca	16°
New York	7°
Orlando	24°
Ósló	8°
París	17°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

**fvb**  
Félag viðurkenndra bókará

**Viðurkenndir bókarar munið föstudaginn 11.11.11**

**Aðalfund kl.15:30**  
og  
**Árshátíð kl.19:30**

Í Lions salnum Lundu  
Auðbrekku 25-27, Kópavogi

**Skráning á www.fvb.is**



## EFTIRSÓTTAR VÖRUR EIGA EKKI AÐ VERÐA EINMANA Í HILLUNUM FYRIR JÓLIN.

ÞAÐ TEKUR ENGA STUND AÐ FÁ MEIRA MEÐ FLUGFRAKT.

Sumar vörur eru einfaldlega vinsælli en aðrar. Þegar þær hverfa hratt úr hillunum þá er gott að vita af því að nýjar vörur eru innan seilingar með aðstoð Icelandair Cargo.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo með vörur til og frá Íslandi.

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR  
CARGO 





Fylgdist þú með fréttum af ráðstefnu Íslenskra Stjórnvalda og AGS í Höfn?

Já 35,6%  
Nei 64,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú sammála dómi Hæstaréttar um að neyðarlögin skuli halda?

Segðu þína skoðun á Vísu.is



Sýning á Sveppa og töfraskápnunum til styrktar langveikum börnum:

# Sveppi í bíó og reiðhjól í vinning

**SAMFÉLAGSMÁL** Sjálfur Sveppi mun mæta á sérstaka sýningu á Algjörum Sveppa og töfraskápnunum á morgun, 30. október, kl. 12 í Kringlubíói. Bíómiðinn gildir sem happdrætti og verða reiðhjólín sem Sveppi og félagar hjóla á í myndinni í vinning.

Allur ágóði af sýningunni rennur til styrktarsjóðs Umhyggju, félags sem vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

„Hlutverk sjóðsins er að styrkja langveik börn og foreldra þeirra, sem orðið hafa



RAGNA MARINÓSDÓTTIR

tæki í landinu komin með rekstur þessa styrktarsjóðs. Við viljum gjarnan að hann styrkist sem

fyrir verulegum fjárhagsörðugleikum vegna veikinda barna sinna,“ segir Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju.

„Við erum upp á almenn-ing og fyrir-tæki í landinu komin með rekstur þessa styrktarsjóðs. Við viljum gjarnan að hann styrkist sem

mest svo að við getum hjálpað sem flestum foreldrum sem leita til okkar.“

Að sögn Rögnu er þörfin mikil. „Stundum þarf að kaupa stærri bíl fyrir fjölskyldu barns með hjálpartæki, auk þess sem foreldrar þurfa í sumum tilvikum að hætta að vinna úti. Við höfum getað veitt foreldrum sem ekki komast út að vinna styrk en hann er ekki mjög hár. Það er mikið álag á foreldrum, sem hafa ekki alltaf ráð á að sinna þörfum annarra barna sinna sem skyldi.“

- ibs

Með kókaín í orlofshúsi:

# Fjórir kókaín-menn í gæslu

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir Litháar hafa verið úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald. Mennirnir voru teknir með umtalsvert magn af meintu kókaíni í orlofshúsi í Árnassýslu fyrr í vikunni.

Lögreglan á Selfossi handtók þrjá mannanna aðfaranótt fimmtudagsins og naut við það aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra. Í kjölfarið var svo fjórði maðurinn handtekinn á höfuðborgarsvæðinu. Hann var fluttur á Selfoss þar sem fjórmenningsarnir gistu fangageymslur. - jss

# Neyðarlögin ekki brot á stjórnarskrá

Hæstiréttur hefur staðfest gildi neyðarlaganna. Mikill áfangi, segir slitastjórn Landsbankans, sem getur nú fljótlega byrjað að greiða niður Icesave-skuldina við Breta og Hollendinga. Jón Steinar Gunnlaugsson vildi dæma á annan veg.

**DÓMSMÁL** Neyðarlögin sem sett voru að kvöldi 6. október 2008 halda gildi sínu, samkvæmt dómi sem Hæstiréttur kvað upp að viðstöddu fjölmenni í gær. Hann staðfesti þar með niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að það væri ekki brot á jafnræðis- og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar að gera innstæður, þar á meðal Icesave-reikningana í Bretlandi og Hollandi, að forgangskröfum í þrotabú föllnu bankanna.

Landsbankinn ákvað að láta reyna á níu prófmál gegn almennum kröfuhöfum fyrir dómstólum og niðurstaðan var á sömu leið í þeim öllum: að ekki hefði verið sýnt fram á að neyðarlögin væru í andstöðu við íslensku stjórnarskrána, mannréttindasáttmála Evrópu eða EES-samninginn.

Sjó dómara Hæstaréttar kvaðu upp dóminn og einn þeirra, Jón Steinar Gunnlaugsson, skilaði sératkvæði. Hann vill ekki viðurkenna forgang innstæðna umfram almennar kröfur og telur það brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Slitastjórn Landsbankans boðaði til blaðamannafundar að lokinni dómssuppkvaðningunni, þar sem gerð var grein fyrir áhrifum dómsins á endurgreiðslur úr þrotabúinu.

Fulltrúar í slitastjórninni sögðu dóminn grundvallardóm við slit bankans og mikinn áfanga. Þeir treystu sér þó ekki til að segja til um hvenær greiðslur úr þrotabúinu gætu hafist. Fundur yrði haldinn með kröfuhöfum 17. nóvember þar sem þeim yrði kynntur áætlaður tímarammur.

Laust fé þrotabúsins stappar nærri 500 milljörðum króna en hluta af því verður haldið til hliðar vegna krafna sem enn er deilt um. Eftir standi um 400 milljarðar sem hægt verði að greiða Hollendingum



MISSÁTTIR Lögmennt málsaðila ræða málin í Hæstarétti í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 220 milljarða króna tilfærsla

Almennir kröfuhafar gömlu bankanna þriggja fá hið minnsta um 220 milljörðum króna minna upp í kröfur sínar í kjölfar dóms Hæstaréttar í gær um að heildsöluinnlán séu forgangskröfur í bú þeirra. Hefði niðurstaðan verið á hinn veginn, að heildsöluinnlánin væru almennar kröfur, hefðu forgangskröfur Landsbankans lækkað um 150-160 milljarða króna, að sögn Kristins Bjarnasonar, formanns slitastjórnar bankans.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir niðurstöðuna hafa þau áhrif á þrotabú Glitnis að greiðslur til almennra kröfuhafa verði lægri en ella. „Þessar innstæður hjá okkur eru um það bil 60 milljarðar króna. Við höfum alltaf eyrmerkt þetta forgangskröfum.“

Feldís Óskarsdóttir, sem situr í slitastjórn Kaupþings, telur að þetta muni ekki hafa nálægt því jafn mikil áhrif hjá Kaupþingi. „Við munum fara yfir hvort þetta muni hafa mögulega hafa áhrif á vaxtakröfur frá Þjóðverjum sem voru með Edge-reikninga. En umfram það teljum við að þetta muni ekki hafa teljandi áhrif á okkur.“

Landsbankinn viðurkenni heildsöluinnlán sem forgangskröfur kegar hún tók afstöðu til krafna í bú bankans. Það gerðu Glitnir og Kaupþing hins vegar ekki.

og Bretum fyrir Icesave-innlánin og heildsölulán. Forgangskröfur í bú Landsbankans nema í heild um 1.320 milljörðum.

Um sjöttíu almennir kröfuhafar sendu frá sér yfirlýsingu í gær

þar sem þeir sögðust ihuga að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Það mun þó ekki hafa áhrif á slit Landsbankans og greiðslur vegna Icesave-málsins.

stigur@frettabladid.is



# Hvalalíf

## Tækifæri í ferðapjónustu

Stórt og öflugt hvalaskoðunar fyrirtæki í Reykjavík er til sölu. Fyrirtækið rekur stærsta og glæsilegasta hvalaskoðunarskip landsins.

Fyrirtækið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og hefur mikla möguleika á auknum umsvifum og mjög góðum hagnaði.

Áhugsamir vinsamlega hafið samband við Guðna Halldórsson í síma 414 1200 eða með tölvupósti: gudni@kontakt.is

# KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200  
www.kontakt.is



Þorsteinn Húnbogason dæmdur til að greiða 270 þúsund króna sekt:

# Sekur um að fylgjast með Siv

**DÓMSMÁL** Þorsteinn Húnbogason, fyrrverandi sambýlismaður Sivjar Friðleifsdóttur, hafði engan annan tilgang en að fylgjast með ferðum hennar þegar hann kom fyrir ökurita í bíl sem hún hafði til umráða í fyrra. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hefur dæmt Þorstein til að greiða 270 þúsund krónur í sekt vegna brots á fjarskiptalögum.

Þorsteinn bar því við að hann hefði sett búnaðinn í bílinn til að fylgjast með aksturslagi sonar síns, sem var nýkominn með bílpróf. Þessa skýringu féllst dómari ekki á.

„Það stenst ekki að búnaðurinn hafi átt að gefa upplýsingar um akstur drengsins, enda hafði móðir hans enga hugmynd um hann. Það hlaut þó að vera nauðsynlegt þar eð hún hafði umráð bifreiðarinnar og sonurinn væntanlega þurft að snúa sér til hennar til að fá hann lánaðan. Það verður því ekki séð annað en eini tilgangur ákærða með að koma búnaðinum fyrir hafi verið að fylgjast með ferðum fyrrum sambýliskonu sinnar eins og honum er gefið að sök,“ segir í dómnum.

Saksóknari hafði farið fram á tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi yfir Þorsteini.

- sh



SEKTAÐUR Dómari tók ekki mark á skýringum Þorsteins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Skoppa & Skritla

## 20% AFSLÁTTUR

af öllum Skoppu & Skritlu fatnaði, stígvélum og DVD

Skoppa og Skritla  
skemmta í Hagkaup  
laugard. 29.10  
Kringluðni kl. 14.00  
Smáralind kl. 16.00

Nýjar  
vörur!



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

Gildir laugardag og sunnudag

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## VEISTU SVARID?



1. Hvar var Þór, nýjasta varðskip Landhelgisgæslunnar, smíðað?
2. Hver leikstýrir Kirsuberjagarðinum sem sýnt er í Borgarleikhúsinu?
3. Hvaða lið er á toppi N1-deilar karla í handknattleik?

SVÖR:

Haukar.  
1. f. Síle. 2. Hilmitr Snær Guðnason. 3.



**MAKRÍLL** Samningafundur vegna skiptingar makrílafloka fóru fram í vikunni og halda áfram í desember.

Uppbyggilegar viðræður:

## Makrílfundur verða í desember

**SIÁVARÚTVEGUR** Tveggja daga samningsfundir vegna stjórnar á makrílveiðum lauk í London í gær og segir Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands, að fundurinn hafi verið mjög uppbyggilegur.

Deilur hafa staðið síðustu misseri um skiptingu heildarafla úr makrílstofninum. Viðræður hafa staðið yfir í haust og verður haldið áfram í byrjun desembermánaðar. Vonast er til þess að samkomulag takist fyrir næsta ár um skiptingu aflaheimilda milli Íslands, ESB-rikkjana, Noregs, Færeyja og Rússlands.

Skemmdi bíl með járnbitum:

## Braust inn og réðst á fyrrum tengdaföður

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að brjótast inn í hús, ráðast á fyrrverandi tengdaföður sinn og stórskemma síðan bít.

Maðurinn braut rúðu í útidyrarhurð með tréskaftri af exi og réðst síðan á fyrrverandi tengdaföðurinn og hrinti honum á hurðarkarm, þannig að hann hlaut þrjá skurði í andlitið. Þá henti maðurinn tveimur stórum járnbitum inn í bíl með þeim afleiðingum að rúður bifreiðarinnar brotnuðu.

- jss

Reykjavíkurborg gerð afturreka með afturköllun byggingarleyfis og dagsektir vegna verulegra annmarka:

# Fyrirmæli voru ekki framkvæmanleg

**STJÓRNSÝSLA** Ákvörðun Reykjavíkurborgar um að afturkalla að hluta byggingarleyfi vegna breytinga við íbúðarhús á Laufásvegi hefur verið ógilt af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Á árinu 2007 var veitt leyfi til þess að byggja við Laufásveg 68 anddyri, stækka nýsamþykktar svalir með geymslurými undir og koma fyrir heitum potti á stækkuðum svölum. Eftir kæru frá nágretta var byggingarleyfið á endanum afturkallað að hluta og húseigandann tilkynnt í mars 2010 að lagðar yrðu á hann 25 þúsund króna dagsektir þar til hann hefði fjarlæggt sumar framkvæmdirnar og komið

öðrum í það horf sem samræmdist aðaluppdráttum. Þessa ákvörðun kærði hann.

Úrskurðarnefndin segir fyrirmæli borgarinnar hafa verið óljós og óframkvæmanleg og ákvörðun hennar haldna verulegum annmörkum, bæði hvað varðar form og efni.

„Verður að gera þá kröfu að íþyngjandi ákvarðanir um beitingu þvingunarúrræða séu skýrar og framkvæmanlegar og studdar málefnalegum rökum. Þykir mikið á skorta að hin kærða ákvörðun fullnægi þessum skilyrðum og verður hún því felld úr gildi,“ segir úrskurðarnefndin.



**LAUFÁSVEGUR 68** Leyfi var veitt fyrir ýmsum breytingum við húsið árið 2007 en leyfið síðan afturkallað eftir kæru frá nágretta. Sú ákvörðun hefur verið úrskurðuð ógild.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RACHED GHANNOUCHI OG INTISSAR KHERIGI** Leiðtogi og einn stofnenda Endurreisnarflokksins ásamt dóttur sinni, sem er mannréttindalögfræðingur og hefur starfað bæði hjá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuþinginu.

NORDICPHOTOS/AFP

# Sigur íslamskra umbótasinna í höfn

Framkvæmd fyrstu frjálssu kosninganna í Túnis um síðustu helgi er sögð til fyrirmyndar. Félagar Ben Ali forseta, sem hrökklaðist frá völdum í janúar, hafna þingsætum. Þingskosningar verða haldnar í Egyptalandi í næsta mánuði.

**TÚNIS** Sigurvegarar þingskosninganna í Túnis um síðustu helgi voru félagar í Endurreisnarflokknunum, Ennahda, sem er sagður vera hófsamur flokkur íslamista.

Þegar talningu atkvæða var lokið á fimmtudaginn reyndist flokkurinn hafa fengið 41,47 prósent atkvæða og 90 sæti á 217 manna stjórnlagabingi, sem fær það tvískipta hlutverk að semja nýja stjórnarskrá og skipa bráðabirgðastjórn sem fer með völd í landinu þangað til hin nýja stjórnskipan tekur gildi.

Endurreisnarflokkurinn var stofnaður í núverandi mynd árið 1989, sama ár og Berlínarmúrinn hrundi, en starfsemi hans var bönnuð strax þetta sama ár.

Leiðtogi hans, Rashid Ghannouchi, sem hafði áður setið árum saman í fangelsi fyrir stjórnar-

andstöðu sína, flúði land og sneri ekki aftur fyrr en í janúar síðastliðnum, þegar stjórnarbylting var orðin að veruleika.

Hann vill leggja íslömsk gildi til grundvallar samfélaginu en er þó enginn bókstafstrúarmaður heldur umbótasinni. Hann hefur samkvæmt því meðal annars barið fyrir réttindum verkafólks og kvenréttindum.

Nærri þrjátíu aðrir flokkar og óháð framboð náðu kjöri, en þrír þeir stærstu, fyrir utan Endurreisnarflokkinn, eru samkvæmt stefnuskrá sinni allir veraldlegir flokkar.


Flokkur stuðningsmanna og fyrrverandi samstarfsmanna Zine el Abidine Ben Ali forseta, sem hrökklaðist frá völdum í byltingunni í janúar, náði 19 mönnum á þing en þeir hafa ekki þegið

þingsæti til að mótmæla úrskurði kjörnefndar, sem á fimmtudag lýsti því yfir að kosning nokkurra frambjóðenda flokksins væri ógild. Í gær brutust svo út óeirðir víða í landinu þar sem stuðningsmenn flokksins mótmæltu þessum úrskurði.

Eftir stendur að Endurreisnarflokkurinn þarf að fá til liðs við sig að minnsta kosti 19 þingmenn til að mynda starfhæfa meirihlutastjórn og hefur þá úr þremur veraldlegum flokkum að velja.

Innlendir jafnt sem erlendir eftirlitsmenn segja framkvæmd þessara fyrstu frjálssu kosninga í landinu hafa verið til fyrirmyndar. Óðum styttist í næstu kosningar arabíska vorsins svonefnda, því í næsta mánuði ganga Egyptar að kjörborði og velja sér nýtt þing.

gudsteinn@frettabladid.is



**FRÁ FUNDI RÁÐHERRA** Ógmundur Jónasson innanríkisráðherra tilkynnti stofnun starfshópsins hinn 7. október síðastliðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Guðmundar- og Geirfinnsmál: Hópur vill gögn og upplýsingar

**DÓMSMÁL** Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmálin hefur nú tekið til starfa. Hópurinn var skipaður í byrjun október til að fara yfir málin í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem snúa að rannsókn þeirra og framkvæmd hennar.

Þeir sem búa yfir upplýsingum um málin, vilja koma á framfæri ábendingum eða hafa gögn undir höndum sem varða málin eru hvattir til þess að hafa samband við starfshópinn. Hægt er að senda hópnum bréf í gegnum innanríkisráðuneytið eða í gegnum netfangið gg@irr.is.

Hópurinn hyggst skila áfanga-skýrslu þar sem koma mun fram hvort og til hvaða ráðstafana eigi að grípa.

- þeb

## Minnt á öryggisbúnað: Endurskinsmerki mikilvæg

**LÖGGÆSLA** Nú þegar svartasta skammdegið fer að skella á minnir lögregla á mikilvægi endurskinsmerkja. Foreldrar eru hvattir til að setja endurskinsmerki á fatnað barna sinna.

Þá er ekki síður mikilvægt að fullorðnir noti þennan sjálfsagða og einfalda öryggisbúnað sér einnig til vendar. Hlauparar og reidhjólamenn eru líka minntir sérstaklega á mikilvægi endurskinsmerkja.

- jss

Minnt á að undirbúa veiðiferð af kostgæfni:

## Mikill hugur í rjúpnaskyttum

**VEIÐI** Rjúpnaveiðitímabilið hófst í gær og eru leyfðar veiðir í alls níu daga fram til 27. nóvember. Rjúpnaskyttur fjölmenna í veiðiverslanir og birgja sig upp af skotum og öðrum nauðsynjum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg bendir á að vegna þess hversu fáa daga veiði sé leyfð sé von til þess að ásókn veiðimanna í veiðilendur verði mikil, sem feli í sér hættur. Veiðimenn fari jafnvel til veiða í tvísýnu veðri frekar en að missa af veiðidegi. Minnir Landsbjörg á að björgunarsveitir séu ítrekað kallaðar út til að leita að rjúpnaveiðimönnum þó svo að slíkum leitum fari fækkandi.

Tilfinning Landsbjargar, um mikinn áhuga veiðimanna á að nýta fáa daga vel, virðist á rökum reist því starfsmenn sportveiðiverslana sem Fréttablaðið ræddi við sögðust ekki hafa áður séð eins mikið keypt af skotum og fyrir þetta veiðitímabil.

Slysavarnafélagið Landsbjörg vill minna veiðimenn á að fylgjast vel með veðurspám, gera ferðaáætlun og fara eftir henni. Eins að kynna sér veiðisvæði og huga að fjaraskiptum, réttum klæðnaði og sjúkragögnum. Einnig er rétt að hafa hugfast að betra er að snúa við í tíma heldur en að koma sér í ógöngur, segir í tilkynningu frá Landsbjörgu.

- shá

**Við bjóðum frábært verð**

Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-

**Til eldri borgara:**

Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is





## Sígild jólahefð

Það eru gömlu hefðirnar sem gera jólin að sannri hátíð. Við hittum fólkið okkar, gleðjumst og borðum góðan mat.

Jólahlaðborðið okkar á sér fastan sess á aðventunni og eins og á hverju ári taka **Trausti** og **Marentza** höfðinglega á móti ykkur. Sígild hátíðarstemning á glæsilegum nýjum veitingastað.

# satt



## FRÉTTASKÝRING: Samkeppnismarkaðir eftir bankahrun



HÚSASMÍÐJAN Fyrirtækið er nú í eigu Framtakssjóðs Íslands og í söluferli. Stærsti eigandi Framtakssjóðsins er Landsbankinn, sem er líka helsti lánardrottinn Húsasmiðjunnar.

# Velta hefur dregist saman um þriðjung

Viðskipti byggingavöruslana skiptast gróflega í tvennt: sölu til einstaklinga og sölu á þungavöru til fyrirtækja. Á fyrri markaðnum starfa margar aðilar í samkeppni hver við annan. Á hinum, svokölluðum þungavörumarkaði, eru tvö fyrirtæki með yfir 90% markaðshlutdeild. Þau heita Húsasmiðjan og Byko. Fréttablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um samkeppnismarkaði eftir bankahrun.

Landsbankinn tók yfir Húsasmiðjuna í október 2009. Þá var allt hlutfé afskrifað og bankinn

breytti 10,2 milljörðum króna af skuldum í nýtt hlutfé. Um var að ræða 70 prósent af öllum vaxtaberandi skuldum Húsasmiðjunnar við lánastofnanir. Fyrirtækinu var komið fyrir í eignaumsýslufélaginu Vestia ehf., sem á þeim tíma var í eigu Landsbankans. Vestia, og allar eignir þess, var síðar selt til Framtakssjóðs

Íslands (FÍ). Landsbankinn er stærsti einstaki eigandi FÍ með 27,6 prósent hlut og því óbeint enn stærsti eigandi Húsasmiðjunnar.

#### Slök afkoma

Rekstur Húsasmiðjunnar hefur ekki verið upp á marga fiska þrátt fyrir að fjárhagslegri endurskipulagningu hennar eigi

að hafa lokið fyrir tveimur árum. Í janúar þurfti Landsbankinn að breyta einum milljarði króna til viðbótar af skuldum Húsasmiðjunnar í nýtt hlutfé. Fyrirtækið tapaði 815 milljónum króna árið 2009 og 144 milljónum króna í fyrra. Velta Húsasmiðjunnar fór úr því að vera 18,9 milljarðar króna árið 2008 í að vera 12,3 milljarðar króna í fyrra. Hún dróst því saman um 35 prósent á tveimur árum.

Fréttablaðið hefur auk þess undir höndum upplýsingar úr uppgjöri Húsasmiðjunnar fyrir fyrstu sjö mánuði þessa árs. Þar kemur fram að fyrirtækið hafi tapað 309 milljónum króna á tímabilinu og að velta þess sé nú prósentum undir því sem fjárhagsáætlanir gerðu ráð fyrir. Skuldir fyrirtækisins eru einnig komnar niður í 2,6 milljarða

**35%** samdráttur varð á veltu Húsasmiðjunnar á síðustu tveimur árum.

króna og eru nánast einvörðungu við Landsbankann.

Húsasmiðjan var sett í söluferli fyrir skemmstu. Í sölugögnum sem afhent voru væntanlegum bjóðendum kemur þó skýrt fram að til greina komi að FÍ haldi eftir hlut í fyrirtækinu.

#### Byko tapar líka

Hinn risinn á byggingavörumarkaði er Byko, sem er í eigu Norvik hf. Stærsti eigandi þess félags er Jón Helgi Guðmundsson og félag tengd honum.

Aðalfjárfestingafélag Jóns Helga og barna hans heitir Straumborg ehf. Það á 22 prósent hlut í Byko en Jón Helgi á til viðbótar 24 prósent hlut í eigin nafni. Straumborg tapaði 14,7 milljörðum króna á árunum 2008 og 2009 og gerði kyrrstöðusamning (e. stand-still agreement) við lánardrottina sína 9. apríl í fyrra. Hann gildir til janúar 2013, eða í um 14 mánuði til viðbótar. Stærsti kröfuhafi Straumborgar er Arion banki. Bankinn á fulltrúa í stjórn félagsins. Byko er ein helsta eign Straumborgar og ljóst að henni verður ekki ráðstafað á samningstímabilinu nema með vitund og vilja bankans.

Byko hefur tapað samtals 544 milljónum króna á síðustu tveimur árum. Velta félagsins hefur farið úr því að vera 22,7 milljarðar króna á árinu 2008 í að vera 16,1 milljarðar króna í fyrra. Það er um 30 prósent samdráttur í seldum vörum á tveimur árum. Eiginfjárstaða Byko er þó enn sterk. Fyrirtækið átti 1,8 milljarð króna eigið fé um síðustu áramót. Í desember 2010 samþykkti stjórn Byko að skipta fyrirtækinu upp í fjögur félag til að aðskilja betur rekstur einstakra rekstrareininga.

Saman eiga Húsasmiðjan og Byko Steinullarverksmiðjuna á Sauðarkróki, en 90 prósent allrar einangrunar í byggingar hérlendis kemur úr þeirri verksmiðju. Aðrir aðilar á þungavörumarkaði á Íslandi eru Múrbúðin auk þess sem von er á þýska byggingavörurisanum Bauhaus inn á markaðinn á næsta ári.

## Til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu

Byko og Húsasmiðjan eru til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu, sem grunar þau meðal annars um að hafa boðið samkeppnisaðila að taka þátt í verðsamráði, að borga með tilboðum til að þau séu lægri en samkeppnisaðila og að hafa lækkað verð um tugi prósent á þungavörum þegar nýr aðili hóf sölu á slíkum vörum. Vegna þessa var framkvæmd húslit hjá báðum fyrirtækjunum í mars og hátt á annan tug stjórnenda og starfsmanna handteknir og færðir til yfirheyrslu. Rannsókn eftirlitsins er ekki lokið. Samhliða henni rannsakar efnahagsbrotadeild ætluð brot starfsmanna Húsasmiðjunnar og Byko.

**KPMG**

cutting through complexity

MORGUNVERÐARFUNDUR

## Viltu verða stjórnarmaður?

Kynning á hlutverki og ábyrgð stjórnarmanna

1. og 2. nóvember | kl. 8:30

1. nóvember er fjallað um hlutverk stjórnar og hvað stjórnarmenn þurfa að vita um viðkomandi félag.

2. nóvember er fjallað um árangursríka stjórnarfundir og lagalega ábyrgð stjórnarmanna.

Takmarkaður sætafjöldi.

Skráning fer fram á [kpmg.is](http://kpmg.is)



Póður Snær Júlíusson  
thordur@frettabladid.is





# TOYSRUS<sup>®</sup>

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 25%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM!

Á AÐEINS  
VIÐ UM  
LAUGARDAGINN  
OG SUNNUDAGINN  
29. OG 30.  
OKTÓBER 2011

Frekari upplýsingar á [www.toysrus.is](http://www.toysrus.is)

Tilboðin eiga aðeins við um 29.10.2011 - 30.10.2011. Verðin eru með virðisaukaskatti. Fyrirvarar eru gerðir við mögulegar prentvillur eða uppselda vöru.



Parf frekar vitnanna við um áhrif áforma ríkisstjórnarinnar á afkomu sjávarútvegsins?

## Hlustar enginn?

Enn bætast við hrollvekjandi upplýsingar um áhrif fyrirhugaðra breytinga ríkisstjórnarinnar á fiskveiðistjórnarkerfinu á afkomu sjávarútvegsins.

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte vann úttekt, sem sagð var frá á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í fyrradag. Þar kemur meðal annars fram að nái kvótafrumvarp Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra fram að ganga þýði það gífurlegan viðsnúning í sjóðstreymi sjávarútvegsfyrirtækja, eða um 320 milljarða. Neikvætt sjóðstreymi dregur úr getu fyrirtækja til að borga skuldir, greiða reikninga og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum.

Jafnframt metur Deloitte það svo að samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningskilareglum þurfi að afskrifa strax allar aflaheimildir, sem fyrirtækin hafi keypt. Það myndi lækka eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja um 212 milljarða króna.

Eftir hrun er sjávarútvegurinn eina stóra atvinnugreinin þar sem eigið fé hefur farið hækkandi. Ríkisstjórninni er augljóslega mikið í mun að laga það, þannig að allir lepji dauðann úr sömu skel.

Þessi skerðing á eigin fé sjávarútvegsfyrirtækjanna þýddi ekki bara að þau færu mörg á hvínandi hausinn, heldur yrðu áhrifin á fjármálafyrirtæki mjög neikvæð. Landsbankinn, sem er að stærstum hluta í eigu ríkisins, yrði verst úti og mat Þorvarðar Gunnarssonar, forstjóra Deloitte, hér í blaðinu í gær er að skattgreiðendur þurfi að leggja bankanum til fé til að standast áfallið, gangi þessi áform eftir.

Álit Deloitte er á sama veg og langflestra sérfræðinga sem gefið hafa álit sitt á efnahagslegum áhrifum áforma ríkisstjórnarinnar. Hagfræðingahópurinn sem Jón Bjarnason skipaði sjálfur til að fara yfir málið komst að þeirri niðurstöðu að tillögurnar væru efnahagslegt glapræði.

Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, sagði á aðalfundinum í fyrradag að nú mætti ætla að stjórnvöld hefðu lært sína lexíu, sæju að sér og kölluðu aðila málsins að borðinu til að falla frá þessum geggjúðu breytingum. Því væri hins vegar ekki að heilsa; þingmenn svöruðu rökstuddum athugasemdum með útúrslúningum.

Einn af þeim útúrslúningum er þegar þingmenn svara því til að það sé nú fleira en hagkvæmni sem skipti máli í sjávarútvegnum, til dæmis byggðasjónarmið og réttlætissjónarmið um arð þjóðarinnar af auðlindinni. En hagkvæmni kemur auðvitað fyrst. Það er hvorki sjávarbyggðunum í hag né réttlátt fyrir nokkurn mann ef fyrirtæki sem eru vel rekin í dag fara á hausinn vegna heimskulegra ákvarðana stjórnvalda. Það er engu líkara en að í stjórnarmeirihlutunum sé enginn að hlusta á þær grafalvarlegu viðvaranir sem heyrast úr öllum áttum.

Það er hægt að fullnægja grundvallarsjónarmiðinu um að þjóðin njóti afraksturs fiskimiðanna með því að hækka veiðileyfagjaldið að því marki að sjávarútvegurinn standi undir því. Það á ríkisstjórnin að halda sig við en hún á að hætta við að geryðileggja fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefur reynzt vel og er mörgum öðrum ríkjum fyrirmynd.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald  
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**HJÓNABANDSSÆLA**

Með Edda Björgvinsdóttur og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

af Michele Riml

„Edda og Laddi slá í gegn“

— Jón Víðarinn Hjónabandsælin

**GAMLA BÍO**  
LEIKHÚS

Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is | Sími: 563 4000



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Þversögnin í sigri Jóhönnu

Nýleg fylgiskönnun gaf til kynna að nærri tveir þriðju hlutar kjósenda Samfylkingarinnar gætu hugsað sér að kjósa framboð Besta flokksins og Guðmundar Steingrímssonar. Þetta er viðbending um þverrandi traust Samfylkingarinnar undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur. Ástæðan er uglaust óánægja með stjórnarstefnunna.

En pólitíkin er þversagnakennd. Niðurstaðan á landsfundi Samfylkingarinnar sýndi að hugmyndafræði Jóhönnu Sigurðardóttur nýtur vaxandi fylgis á þeim vettvangi. Hún færði flokkinn fyrir tveimur árum nokkrar þingmannaleiðir til vinstri. Á þessum lands-



ÞORSTEINN PÁLSSON

fundi fékk hún mjög afgerandi stuðning við að halda áfram á þeirri braut. Að því leyti styrkti hún hugmyndafræðilega stöðu sína innan flokksins.

Á undanförunum mánuðum hafa ýmsir forystumenn innan Samfylkingarinnar lýst áhuga á að beina flokknum aftur inn á frjálslyndari braut nær miðjunni. Þessi landsfundur var síðasta tækifæri þeirra til að láta reyna á þau viðhorf fyrir kosningar. Það gerðist

ekki og hlýtur að teljast sigur fyrir Jóhönnu og vinstrivæng flokksins.

Þetta hefur þá afgerandi þýðingu að Samfylkingin starfar nú aðeins til vinstri og hefur lokað dyrunum í átt að miðjunni. Fyrri formenn gættu þess hins vegar að halda þeim opnum.

Í tengslum við landsfundinn létu formenn Samfylkingarinnar og VG þau orð falla að flokkarnir stefndu að framhaldi á samstarfinu eftir kosningar. Formaður VG sagði afdráttarlaust að flokkarnir gættu að vera saman í ríkisstjórn eða saman utan stjórnar. Þessi ummæli sýna að stjórnarflokkarnir ætla saman að skerpa skilin í hugmyndabaráttunni.

## Tveir ríkisstjórnarkostir?

Í síðustu kosningum í Svíþjóð og Danmörku brenndu jafnaðarmannaflokkarnir sig verulega á bandalagi við sósíalíska systurflokka VG. Í Danmörku komust jafnaðarmenn að vísu til valda þrátt fyrir verstu úrslit í sögunni. Því réði mikill kosningasigur flokks á miðjunni.

Hvorki þessi reynsla frá Norðurlöndunum né skoðanakannanir valda efa í Samfylkingunni um þéttara samstarf við VG. Þó að formaðurinn hafi fengið ótvíræðan stuðning við hugmyndir sínar innan flokksins bendir þó flest til

að VG haldi málefnalegri forystu í ríkisstjórnarsamstarfinu.

Skilaboðin frá landsfundi Samfylkingarinnar eru þau að næstu kosningar eigi að snúast um tvo skýra ríkisstjórnarkosti: Annars vegar um núverandi stjórnarflokka með viðbótarstuðningi Besta flokksins og Guðmundar Steingrímssonar sem nú ver ríkisstjórnina vantrausti. Hins vegar um Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn.

Eftir að Ögmundur Jónsson missti flugið í átökunum um völdin í VG lítur Sjálfstæðis-

flokkurinn ekki lengur í þá átt til samstarfs. Nýjar tillögur stjórnarandstöðuflokkanna í skattamálum benda einnig til að vilji þeirra sé að skerpa skilin og láta kosningarnar snúast um þessa tvo ríkisstjórnarkosti.

Uppistaðan í fylgi Besta flokksins og Guðmundar Steingrímssonar er tilfærsla frá ríkisstjórnarflokkunum. Eigi að síður gæti sú sneið sem hann tekur frá stjórnarandstöðuflokkunum komið í veg fyrir að þeir næðu meiri hluta þrátt fyrir afar veika stöðu ríkisstjórnarinnar.

## Aðild slegin af eða áfram í gíslingu VG?

Nýtt pólitískt mynstur af þessu tagi gefur kjósendum vissulega skýrt val um ríkisstjórn. Í því ljósi er það áhugaverð nýlunda. Á hinn bóginn leysir það ekki þá gátu hvernig fara á með aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið. Þessi nýja pólitíska staða er því ekki farvegur til lausnar á því stóra máli.

Jóhanna Sigurðardóttir vakti réttilega athygli á því á landsfundinum að VG hefði ekki beitt áhrifum sínum til að stöðva aðildar-

umsóknina alfarið þó að það hefði tafið framgang hennar. Fyrir það vill formaðurinn að stuðningsmenn Samfylkingarinnar séu þakklátir. Í raunveruleikanum þýðir þetta þó að málið er í gíslingu VG. Einnmitt sú staða hefur öðru fremur fært VG undirtökin í stjórnarsamstarfinu.

VG hefur ekki upplýst hvort samkomulag flokkanna um aðildarumsóknina takmarkast við þetta kjörtímabil. Líklegt verður þó að telja að það haldi og verði óbreytt sem sameiginleg stefna

ríkisstjórnarflokkanna í kosningunum. Fari svo verða málalok háð meiri óvissu á næsta kjörtímabili en þessu.

Fjölmargin kjósendur vilja ljúka viðræðunum í fullri alvöru þegar best hentar íslenskum hagsmunum á næsta kjörtímabili. Sætta þeir sig við að kostirnir verði bara tveir: Að þetta stóra mál verði slegið af eða festist í gíslingu VG? Eru forystumenn í verkalyðshreyfingunni sáttir við það? Eru forystumenn í atvinnulífnum sáttir við það?



# LIFÐU VEL

# HEIMA HÚSIÐ

**CERVE**

Desertskálar 6 stk. 6.900,- stgr. 5.520,-

**CERVE**

Flaska 890,- stgr. 552,-  
Skál 890,- stgr. 712,-  
Glös 3 stk. 1.890,- stgr. 1.512,-

**CERVE**

Staup 6 stk. 1.950,- stgr. 1.560,-

**CERVE**

Cities of the World  
Glös 6 stk. 2.900,- stgr. 2.320,-

**CERVE**

Skál 890,- stgr. 712,-  
Einnig til glösa, könnur og flöskur.

**CERVE**

Flaska 890,- stgr. 712,-

## NÝKOMIN ÍTÖLSK GJAFAVARA FRÁ FRÁBÆR VERÐ!



**LSA**

Staup 4 stk. 4.200,- stgr. 3.360,-

**LSA**

Kanna 6.800,- stgr. 5.440,-

**LSA**

Desertskálar 4 stk. 6.300,- stgr. 5.040,-

**KAK B177 Rúm m/dýnu 185 x 240 cm.**  
Ljóst leður. Verð 376.700,- stgr. 301.360,-

**TILBOÐ - 30% afsláttur af heilsudýnum**

**STÆRÐIR OG VERÐ**

120 x 200 cm	134.000,-	nú 93.800,-
160 x 200 cm	155.000,-	nú 108.500,-
180 x 200 cm	169.000,-	nú 118.300,-

**20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

# HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16

*Óskilríkt* mood lifum  
GALLERY GOLF  
PARKET-FLISAR



# BYKO

# ELKO GRANDA

AFMÆLISTILBODIN GILDA EINGÖNGU Á ELKO GRANDA LAUGARDAG OG SUNNUÐAG

TAKMARKAD MAGN 30 STK.

20%  
AFSLÁTTUR



40" - LCD  
1920x1080  
Clear Motion

TAKMARKAD MAGN 30 STK.

Full HD  
1080p

SAMSUNG

99.995  
VERÐ ÁÐUR 124.995

eða 8.908 kr. á mánuði  
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, áls 106.896 kr.

**LE40D504XXE.** Stílhreint 40" FullHD - LCD sjónvarp frá Samsung. Tækið er með upplausn 1920x1080, "Clear Motion" myndvinnslubúnað og stafrænan móttakara sem gefur mjög skýra mynd. Tengimöguleikar eru 2xHDMI, 1xScart, 1xRCA, 1xMini-jack, 1xLoftnet, 1xUSB sem gerir það að verkum að þú getur skoðað ljósmyndir og hlustað á tónlist beint af USB minnislykli í sjónvarpinu.

40%  
AFSLÁTTUR

TAKMARKAD MAGN 100 STK.



Spilar DivX  
Screen Fit

7.995  
VERÐ ÁÐUR 13.495

PHILIPS

**DVP3800.** Mjög þunnur DVD spilar frá Philips sem spilar DVD og CD diska og styður algengustu skráarsnið. Tengimöguleikar eru Scart, RCA og Digital Coax. Screen Fit tæknin tryggir að þú fullnýtir allan skjáinn sama hvaða mynd þú ert að horfa á.

1400 snúninga  
Tekur 6 kg

77.777  
VERÐ ÁÐUR 99.995

eða 7.001 kr. á mánuði  
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, áls 84.812 kr.

22%  
AFSLÁTTUR



Whirlpool

Orkuskiptur A+  
Þvottahæfni A

**AWOD6001.** Stafræn 1400 snúninga þvottavél sem tekur 6 kg. Hefur öll helstu kerfi þar á meðal sparkerfi og 30 mín. hraðþvottakerfi. Hægt að tímaræsa kerfi og hefur stóran skjá sem sýnir m.a. eftirstöðvar tíma. Orkuskiptur A+. Rakí í þvotti eftir vindingu er 48%. Stærð (hxbxd): 85x59,5x56,5 cm. Þyngd = 72 kg.

9.995  
VERÐ ÁÐUR 16.995

TAKMARKAD MAGN 100 STK.



40%  
AFSLÁTTUR

PHILIPS

**HD7810SVORT.** Kaffivél. Mjög einföld í allri notkun og lagar kaffi á aðeins 30 sek. Lagar 1 eða 2 bólla í einu og slekkur sjálfvirk á sér ef hún stendur ónotuð í 60 mín.

# 0% VEXTIR

3% lántökugjald og 325 kr. greiðslugjald á hverja borgun. Sjá nánar á [www.elko.is](http://www.elko.is)



# TELKO

# 1. ÁRS!

## iPad2

Pynnri. Léttari. Hraðari. FaceTime. Smart Covers\*. 10 tíma rafhlaða.

TAKMARKAD MAGN 30 STK.

15%  
AFSLÁTTUR



16GB WiFi hvítur  
**69.995**  
VERÐ ÁÐUR 81.995

eða 6.590 kr. á mánuði  
míðað við 12 mánaða vaxtalust lán, alls 79.000 kr.



\*Smart Covers selt sér.

**IPAD2 MC979SO.** 9,7" LED bakiýstur skjár, íveggja kjarna Apple A5 örgjövi, iOS 4 stýrikerfi, Wi-Fi 802.11, HD vefmyndavél að framan og aftan, FaceTime, netvafrí, pósthótt, margmiðlunarspilari, dagatal, Youtube, skipuleggjari, skrifblokk o.fl. Það eru til hundruðir þúsunda forrita fyrir iPad 2 á App Store.

TAKMARKAD MAGN 150 STK.



33%  
AFSLÁTTUR

**3.995**  
VERÐ ÁÐUR 5.995

SAMSUNG

**SAME1080BLA.** Nettur sími sem vegur aðeins 65 g. Litaskjár. Leikir. Titrarahringing. 100 nr. símaskrá. Innbyggður hátalari. MP3 hringingar. T9. Dagatal, vasaljós, klukka og margt fleira. 12 kst. í tali og 420 í bið.

TAKMARKAD MAGN 50 STK.



28%  
AFSLÁTTUR

**59.995**  
FULLT VERÐ 81.990

eða 5.475 kr. á mánuði  
míðað við 12 mánaða vaxtalust lán, alls 65.700 kr.

SONY

**Ekki bara leikjatölva.** High Definition leikjatölva sem spilar CD, Bluray, 3D Bluray, DVD, Mpeg, DivX, MP3 o.fl. Spilar einnig Ps3 leiki í þrívídd. Þráðlaust net og fullkominn netvafrí innbyggjt í vélina. Tvö USB tengi, HDMI tengi, optical tengi með 7.1 hljóðútgangi. Spilar myndbönd og tónlist í gegnum USB eða í gegnum heimanetið af öðrum tölum. 160GB harður diskur sem hægt er að fylla af tónlist, ljósmyndum eða myndböndum. Þráðlaus stýripinni fylgir. Fullkomið Media Center.

TAKMARKAD MAGN 100 STK.



**5.995**  
VERÐ ÁÐUR 9.995

40%  
AFSLÁTTUR

SEGA

**SEGA00010.** Sega Master System leikjatölva. Lófatölva með 30 retro SEGA leikjum. Hægt að tengja í sjónvarp með viðbótarkapli. Litaskjár, hátalari, tengi fyrir heymartól, notar 3 x AAA rafhlöður. Leikir s.s. Sonic Drift, Golden Axe, Alex Kidd o.fl.

# TELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Grandi - Fiskislóð 15 - 101 Reykjavík

Opnunartími: Mán-Fös 8-19, Lau 10-18, Sun 11-17



# Hvað er líknarmeðferð?

## Heilbrigðismál

### Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

sjúkrahúsprestur á líknardeild Landspítala Kópavogi



### Svandís Íris Hálfánardóttir

sérfræðingur í líknarhjúkrun, Landspítala



Þegar fólk veikist af lífsógnandi sjúkdómi verða miklar breytingar á daglegu lífi, sem í raun fer úr skorðum. Í slíkum aðstæðum er mikilvægt að fólki sé mætt af virðingu og umhyggju af fagfólki í heilbrigðisþjónustunni og að það finni að brugðist sé við af fagmennsku og öryggi með heildarhagsmunum þess að leiðarljósi. Sjúkdómsmeðferð getur verið flókin og reynir á þann einstakling sem veikir er, sem og fjölskyldu hans. Í sumum tilfellum er lækningu ekki viðkomandi en möguleiki er á að halda sjúkdóminum í skefjum um lengri eða skemmri tíma með umfangsmikilli og sérhæfðri meðferð.

Líknarmeðferð er veitt þar sem um er að ræða langvinna og/eða lífsógnandi sjúkdóma svo sem krabbamein, ýmsa taugasjúkdóma og hjarta- og lungnasjúkdóma. Líknarmeðferð er yfirleitt í fyrstu veitt samhliða annarri meðferð en eftir því sem sjúkdómsástand versnar eykst vægi líknarmeðferðar. Slík meðferð er því ekki eingöngu veitt við lok lífs þó vægi líknarmeðferðar sé þá mest. Mikil áhersla er á að efla lífsgæði sjúklunga og styðja einstaklinginn og fjölskyldu hans í sjúkdómsferlinu og sorginni.

Líknarmeðferð er skilgreind sem þjónusta við lífið og byggir hún á hugmyndafræði sem má rekja til Cicely Saunders (1918-2005), en hún stofnaði fyrsta líknarheimilið í Bretlandi árið 1967. Í líknarmeðferð eins og hún hefur þróast og fram kemur í skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2002) er áherslan á að bæta lífsgæði sjúklunga og fjölskyldna þeirra andspænis lífshættulegum sjúkdómi. Hornsteinn góðrar líknarmeðferðar felst í meðferð einkenna þar sem tekið er tillit til margra þátta, svo sem líkamlegra, sálfélagslegra og andlegra þarfa, gildismats, trúarþarfa og menningar. Líknarmeðferð gengur út frá þverfaglegri nálgun og áhersla er lögð á heildræna sýn á manneskjuna.

á Akureyri og heimahjúkrun á Suðurnesjum.

Á þessum stöðum hefur verið byggð upp fagleg þekking og áratuga reynsla með áherslu á ólík þjónustustig til að mæta sem best ólíkum þörfum sjúklunga. Meginþorri sjúklunga sem fá þjónustu frá sérhæfðum þjónustuaðilum er sjúklingar með dreifðan og langt genginn sjúkdóm. Sjúklingar sem liggja á líknardeild eru þar aðallega vegna flókinna erfiðra einkenna og/eða umönnunar við lok lífs.

Nú stendur fyrir dyrum endurskipulagningu á líknarþjónustu sem veitt er á Landspítala og þar með líknardeildunum tveimur. Mikilvægt er í þeirri endurskipulagningu að setja í forgang þarfir þeirra sem eru með lang-

“ Líknarþjónustan þarf að geta áfram sinnt sérhæfðri líknarmeðferð til að mæta sem best þörfum þeirra sem eru með mikil einkenni sjúkdóms og skertar lífslíkur.

Líknarmeðferð er hluti af þeirri meðferð sem veitt er sjúklungum á mörgum deildum Landspítala en þó er þó fyrir sérhæfðar einingar sem starfa eftir hugmyndafræði líknarmeðferðar. Sérhæfð líknarmeðferð er einkum veitt á líknardeildum Landspítala, í Kópavogi og á Landakoti, hjá Heimahjúkrun Landspítala sem og líknarráðgjafateymi Landspítala, Karitas hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu í Reykjavík, Heimahjúkrun

vinna og/eða lífsógnandi sjúkdóma og þurfa á líknarmeðferð að halda. Líknarþjónustan þarf að geta áfram sinnt sérhæfðri líknarmeðferð til að mæta sem best þörfum þeirra sem eru með mikil einkenni sjúkdóms og skertar lífslíkur.

Líknarmeðferð er ein af grunnstöðum góðrar heilbrigðisþjónustu og mikilvægt er að standa vörð um og styrkja þjónustuna, sem og áframhaldandi þróun og uppbyggingu hennar hér á landi.

# Um klíníska þjónustu, vændi, hjúkrun og ritstörf

## Samfélagsmál

### Helga Bragadóttir

hjúkrunarfræðingur og dósent



Ágæti Guðmundur Andri. Ég má til með að leiðrétta leiðan misskilning sem birtist í pistli þínum mánudaginn 24. október sl. Í pistlinum birtir þú hugleiðingar þínar um vændis kaup og -sölu sem uppátæki Stóru systra hafa vakið hjá þér. Ég ætla ekki að gera óljósa skoðun þína á vændi að umfjöllunarefni heldur tel ég mér bæði ljúft og skylt að leiðrétta misskilning þann sem birtist í skrifum þínum um klínísk störf og hjúkrun.

Sam hjúkrunarfræðingur tilheyri ég klínískri stétt heilbrigðisvísinda og get því talað af nokkurri þekkingu og reynslu. Klínísk hjúkrun felur í sér að samþætta fræðilega þekkingu hjúkrunarfræðinnar faglegri færni í því að annast einstaklinga og hópa á heildrænan hátt. Þannig er leitast við á jafningjargrunni með samstarfi við sjúklunga að efla heilbrigði þeirra. Þar er fullt tillit tekið til allra mannlegra þátta, bæði líkamlegra, andlegra/tilfinningalegra og félagslegra.

Ég get með engu móti séð að vændi feli þetta í sér og þar af leiðandi er út í hött að spyrða vændi við klíník og líkja því við hjúkrun. Af pistli þínum má ætla að það að hjúkra feli eingöngu í sér kalda líkamlega þjónustu. Það er af og frá. Að minnsta kosti vona

ég að þú og þínir njótið umhyggjusamrar og heilðrænnar hjúkrunar í samskiptum við heilbrigðiskerfið. Ég get fullyrt við þig að hjúkrunarfræðingum og öðrum sem sinna umönnunarstörfum er annt um sjúklinga sína, einnig þegar þeir eru að sinna líkamlegum þörfum sjúklunga.

Hjúkrunarfræðin leitast við að byggja upp þekkingu á því hvernig mæta má á sem bestan hátt þörfum sjúklunga, styðja þá til sjálfshjálpar eða aðstoða þá sem ekki geta sinnt sínum þörfum án hjálpar. Hjúkrun snýst ekki um að framkvæma verk á vélrænan hátt heldur að nota vitsmuni og þekkingu á flókin viðfangsefni þar sem gagnrýnni nálgun er beitt af innsei, þarfir sjúklunga metnar, meðferðir skipulagðar, þeim hrint í framkvæmd og árangur metinn. Því get ég með engu móti skilið hvernig þú getur líft vændi við klíníska vinnu sem hjúkrun og geng því út frá því að um leiðan misskilning eða hreinlega vanþekkingu sé að ræða.

Til frekari fróðleiks um klíníska hjúkrun bendi ég á Tímarit hjúkrunarfræðinga sem er opið öllum á veraldarvefnum á heimasíðu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, bók Kristínar Björnsdóttur Líkami og sál sem gerir grein fyrir þróun hjúkrunarfræðinnar á Íslandi og bók Margrétar Guðmundsdóttur Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld sem er hvoru tveggja falleg og fræðandi. Að lokum vil ég taka fram að pistlar þínir hafa jafnan vakið hjá mér ánægju og hlakka ég til að sjá þann næsta.

# Orkunýting og búmennska

## Orkumál

### Gústaf Adolf Skúlason

aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku



Íleiðara Fréttablaðsins föstudaginn 28. október segir Steinunn Stefánsdóttir að umgengni Íslendinga við auðlindir hafi fram til þessa borið meiri svip af veiðimennsku en búskap, og á þar við umgengni um orkuauðlindir.

Vandséð er hvernig aðstoðarritstjórnin kemst að þessari niðurstöðu. Eða þekkir Steinunn einhver dæmi um að gengið hafi verið of nærri íslenskum orkuauðlindum? Ef átt er við að einhverjar virkjanir hafi haft óæskileg áhrif á náttúruna þá verða vissulega ávallt uppi mismunandi sjónarmið í þeim efnum, en við Íslendingar erum þó Evrópu-meistarar í verndun landsvæða og mikil áform eru uppi um að ganga enn lengra í þeim efnum.

Steinunn fer mikinn og talar meðal annars um rétt þeirra sem ófædd eru, en munu þau ekki einmitt njóta ávaxtanna af því að reistar hafi verið hér virkjanir og jafnvel þegar afskrifaðar, þótt þær skapi þjóðinni áfram verðmæti? Hún kallar það mýtu að með nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda hérlandis séum við Íslendingar að leggja okkar af mörkum til umhverfismála á alþjóðavísu, þar sem fyrir vikið sé minni þörf á notkun mengandi orkugjafa annars staðar. Ástæðan sé sú að í alheimssamhengi sé framleiðanleg orka á Íslandi ekki svo mikil.

Samkvæmt þessari röksemdafærslu getum við þá t.d. látið það eiga sig að sinna þróunaraðstoð,

þar sem okkar framlag telur varla mikið slíku í alheimssamhengi. Formaður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna kom þó hingað um árið og hvatti Íslendinga til að halda áfram að nýta hér endurnýjanleg orkuauðlindir, í þágu baráttunnar gegn áhrifum svonefndra gróðurhúsalofttegunda.

## Orkan er ekki ál

Loks skal hér nefnt að í leiðaranum er kvartað undan tilvísunum í störfum við álframleiðsluna

“ Við Íslendingar búum við þá algeru sérstöðu að hér er svo gott sem öll raforka unnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum, og sama gildir um húshitun.

sem við taki að loknum virkjanaf framkvæmdum. Nú er það vissulega svo að þrjú öflug álfyrirtæki eru langstærstu viðskiptavinir íslenskra orkufyrirtækja. Sú staða segir hins vegar ekkert til um framhaldið og engin ástæða er til að tengja virkjanir framtíðarinnar endilega við framleiðslu á áli.

Við Íslendingar búum við þá algeru sérstöðu að hér er svo gott sem öll raforka unnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum, og sama gildir um húshitun. Við hljótum að geta sameinast um að vera stolt af þessari einstöku stöðu. Svo mikið er víst að margur kola- og olíubrennandi nágranninn litur hingað öfundaragum.

## IDN VÉLAR

# Laser og Fræsivélar fyrir útskurð, letur, skiltagerð og módelismiði




## LASER ÚTSKURÐARVÉLAR

Fyrir Pappír, Tau, Málma, Tré ofl. efni

Litlar borðvélar upp í stórar iðnaðarvélar. Hugbúnaður – kennsla – þjónusta



Hugbúnaður fyrir Letur – skilta – skartgripagerð



Leturgerð



Útskurður



Módelismiði

Fræsarar, fyrir útskurð og leturgerð.

## IDN VÉLAR

Smíðjuvegí 44-46 – 4142700 • idnvelar@idnvelar.is • www.idnvelar.is



# Vertu með í að skapa betra samfélag

Samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland hefur undirritað, þá skulu blindum og sjónskertum (fötluðum) einstaklingum gefin jöfn, raunveruleg og aðgengileg tækifæri til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, meðal annars með bættu aðgengi og samgöngum. Það mun skila okkur betra samfélagi.

Blindrafélagið vakir yfir og berst fyrir þessu.

## Á ÍSLANDI ERU AÐEINS 5 LEIÐSÖGUHUNDAR FYRIR BLINDA. ÞÖRF ER Á MIKLU FLEIRI.

Svanhildur Anna Sveinsdóttir um leiðsöguhundinn Exo sem hún fékk árið 2010:

„Líf mitt eftir að ég fékk Exo er ekki sambærilegt við það sem það var áður, hann er mér svo mikil hjálp. Samvinna okkar hefur gengið mjög vel og ég dáist að því hvað hann er mikill snillingur í sinni vinnu.

Hjálpin sem hann veitir mér er gulls ígildi.“

## Happdrættismiði frá Blindrafélaginu í heimabankanum þínum.

### Dregið 9. desember.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er samfélagslegt afl – mannréttinda-samtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Blindrafélagið fjármagnar starfsemi sína að langmestu leyti með sjálfsaflafé.

#### Þar gegnir happdrætti félagsins veigamiklu hlutverki.

Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

#### Happdrættismiðinn þinn hefur verið birtur sem valkrafa í heimabankanum þínum.

Að sjálfsögðu er það þitt val hvort þú greiðir miðann eða lætur það vera. En kjósir þú að gera það og styrkja Blindrafélagið þar með um **kr. 1.939** átt þú möguleika á að vinna einhvern eftirtalinnna vinninga:



#### Alls 208 vinningar að verðmæti yfir 50 milljónir króna!

- **3 bílar frá Bilabúð Benna:** *Chevrolet Captiva LT*, 2,2 l diesel, sjálfskiptur, að verðmæti kr. 6.290 þús. *Chevrolet Aveo LT*, 1,6 l sjálfskiptur, að verðmæti kr. 2.990 þús. *Chevrolet Spark LS*, 1,2 l beinskíptur, að verðmæti kr. 1.990 þús.
- **75 ferðavinningar frá Heimsferðum:** 25 ferðavinningar að eigin vali, hver að verðmæti kr. 500 þús. 50 ferðavinningar eftir eigin vali, hver að verðmæti kr. 250 þús.
- **100 iPad-spjaldtölvur frá Apple:** 32GB 3G/Wi-Fi, frá Epli.is, hver að verðmæti kr. 129.900
- **30 gjafakort í Kringluna.** Hvert að verðmæti kr. 25 þús.

## Þinn stuðningur er mikilvægur

Blindrafélagið þarf að afla 80-90% af tekjum sínum með fjáröflunum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi og þjónustu.

BLINDRAFÉLAGIÐ  
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

Frekari upplýsingar á [www.blind.is](http://www.blind.is) og í síma 525 0000.  
Vinningaskrá birt á síðu 290 í textavarpri sjónvarpsins og á [www.blind.is](http://www.blind.is)



# Ferðafrelsi

## Umhverfisvernd

**Snorri Baldursson**  
Þjóðgarðsvörður  
á vestursvæði  
Vatnajökulsþjóðgarðs



Hinn 25. október síðastliðinn fylgdi Fréttablaðinu auka- blaðið „Ferðast um hálendið“. Útgefandi er ferðafrelsisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4. Í blaðinu eru ýmsar greinar og sumar fróðlegar. Áberandi þema er þó meintur yfirgangur náttúruverndara og umhverfisyrivalda við að hindra ferðafrelsi jeppamanna á hálendinu.

Í grein sem nafnlaus skrifar undir fyrirsögninni „Það er verið að loka landinu“ er fullyrt að með verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs hafi 70 slóðum verið lokað, samtals 200 km að lengd.

Megintilgangur þessarar greinar er ekki að elta ólar við rangar eða í besta falli afar villandi fullyrðingar sem þessar en þó má spyrja hvaða skilgreiningu á hugtakinu „slóð“ ónefndur notar. Er það réttmæt slóð sem aðeins er hægt að fara um á stórum jeppa á risadekkjum? Önnur spurning er svo hvenær slóð breytist í opinn veg. Er nóg að ökumaður haldinn frelsisþrá skælist yfir land utan vega til að GPS-ferill eftir hann sé skilgreindur sem vegur? Og enn má spyrja, fyrir hvern er það ferðafrelsi sem gerir einungis ráð fyrir illfærnum slóðum um hálendið?

Innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru

engar slóðir, aðeins vegir. Sé hluti þeirra 70 slóða, sem ónefndur vitnar til, GPS-ferlar sem til voru af Tungnaáröræfum þá er það vissulega rétt að mikið var hreinsað til í öllu því ferlaneti við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar. Það var gert í samráði við Jökklarannsóknafélagið og Samtök um útivist sem Ferðaklúbbsinn 4x4 á aðild að. Enn þarf að laga til í vegakerfinu á Tungnaáröræfum og hugsanlega að fækka vegum þar, því sumar skilgreindar leiðir reyndust ófærar þegar aðilar tengdir þjóðgarðinum hugðust aka þær á öflugum jeppum sumarið 2010.

Mikið hefur áunnist í umhverfismálum á undanföllum áratugum en umgengni um hálendið hefur setið á hakanum. Þar hafa vélknúin ökutæki skilið eftir ljót og óþörf ummerki. Það er ósatt að verið sé að loka hálendinu fyrir ferðafólki. Þvert á móti eru yfirvöld að reyna að síðvæða ferðamennsku þar, færa hana yfir á skilgreinda vegi og inn í 21. öldina. Svokallað frelsi ganvart umhverfinu er oft ekkert annað en jarðvöðulsháttur.

Innan Vatnajökulsþjóðgarðs er veganet sem spannar 813 km. Þetta veganet skilar ferðafólki að eða í gott göngufæri við alla eftir-

“Færa má rök fyrir því að 20–30 slóðum hafi verið lokað við friðlýsingu Lakagíga. Ætlar frelsisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 að berjast fyrir því að þær verði opnaðar aftur?”

Í blaði ferðafrelsisnefndar er vitnað með virðingu og eftirsjá í frumkvöðla í bflamennsku á hálendinu, svo sem Jón Sigurgeirsson, Guðmund Jónasson og Pál Arason. Ég bendi á að þessir heiðursmenn unnu sín verk á allt öðrum tímum og í allt öðrum tíðaranda en nú ríkir. Þá ríkti önnur hugsun gagnvart umhverfinu. Þá þótti ekki aðeins sjálfsagt að aka yfir holt og hæðir heldur líka að hella notaðri olíu í bæjarlæki, veita óhreinsuðu skólpi í ár og vötn, brenna rusl og eiturfni á víðavangi og skera mýrlendi sundur og saman með skurðum.

sóttustu staði þjóðgarðsins. Fram á áttunda áratuginn þótti sjálfsagt að aka fram og aftur um Lakagígagarröðina eins og hverjum ferðamanni blés í brjóst og jafnvel aka upp á suma gígana til að kíkja ofan í þá. Eftir að gígaröðin var friðlýst, árið 1976, var lokað fyrir slíkan akstur en í staðinn lagður einn vegur sem nú myndar hringleið um vestari gígaröðina. Færa má rök fyrir því að 20–30 slóðum hafi verið lokað við friðlýsingu Lakagíga. Ætlar frelsisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 að berjast fyrir því að þær verði opnaðar aftur?

# Heilindi og gagnsæi gefa norrænu samstarfi byr í seglin

## Norræn samvinna

**Bertel Haarder**  
forseti Norðurlandaráðs



**Jan-Erik Enestam**  
framkvæmdastjóri  
Norðurlandaráðs



Danmörku hafa lýst yfir vilja til að efla norrænt samstarf. Það skulum við hafa hugfast þegar við aukum skilvirki í samstarfinu og eflum aðgerðir til að auka gagnsæi.

Samstarfið hefur verið gagnrýnt fyrir seinagang en á þinginu verður rætt hvernig bæta megi úr því. Mikilvægt er að Norræna ráðherranefndin bregðist fyrir við tillögum frá Norðurlandaráði. Eins er lagt til að haldin verði aukabing að vori til þess að lýta fyrir og jafnvel fjölga ákvörðunum.

Við verðum að standa vörð um opin samfélög okkar en einnig að hafa áhrif á umheiminn í kringum okkur. Norðurlandabúar eru um 25 milljónir talsins og því nógu fjölmennir til að láta að sér kveða. Hin opnu samfélög eru tromp á hendi okkar meðal annarra þjóða.

Á undanföllum árum hafa Norðurlönd staðið sig vel í samanburði við aðrar þjóðir en engu að síður verðum við að efla nýsköpun og nýta okkur einstaka kjarnahæfni ef við eigum að standast alþjóðlega samkeppni. Sú hæfni byggist á menningu okkar, er helsti styrkur okkar og veitir okkur sérstöðu. Við búum til dæmis við einhverja minnstu spillingu í heimi og það má ekki síst þakka því gagnsæi sem löngum hefur einkennt samfélög okkar.

Við verðum að standa ótrauð vörð um hið opna lýðræðissamfélag og jafnvel af meiri einurð en áður. Með aukinni skilvirki vill Norðurlandaráð auka pólitískt vægi samstarfsins. Stefnt er að því að gefa stjórnáráðgjafningu á opnunardegi þingsins. Það er fagnaðarefni að nýjar ríkisstjórnir í Finnlandi og

Hryðjuverkin í Ósló og á Útey á liðnu sumri reyndu á opin samfélög Norðurlanda. Viðbrögð þjóðanna og samhugur þeirra með Norðmönnum báru vott um ósvikin heilindi þeirra – og samkennd.

Þegar framin eru hryðjuverk er yfirleitt brugðist við með hertu eftirliti og þvingunaraðgerðum en Norðmenn völdu aðra leið. Þrátt fyrir óhug og sorg ríkti einhugur um að standa vörð um opið og lýðræðislegt samfélag. Þegar Knut Storberget, dómsmálaráðgjafi Nor- gets, tjáði sig opinberlega um verknadinn komst hann svo að orði að norskt samfélag hefði brugðist við á dæmigerðan norrænan hátt. Fyrir vikið áunnu Norðmenn sér virðingu um allan heim.

Dagana 1.–3. nóvember heldur Norðurlandaráð sitt árlega þing og verður samstarfsvettvangur þingmanna nýttur til þess að efla gagnsæi á Norðurlöndum. „Hin opnu norrænu samfélög“ er yfirskrift leiðtogafundar forsætisráðherranna og þingmanna í Norðurlandaráði á opnunardegi þingsins.

Það er fagnaðarefni að nýjar ríkisstjórnir í Finnlandi og

# Um falskar minningar

## Minningar

**Auður Inga Einarsdóttir**  
**Bjarni Karlsson**  
**Guðmundur Örn Jónsson**  
**Guðrún Karlsdóttir**  
**Hólmgrímur E. Bragason**  
**Íris Kristjánsdóttir**  
**Jóna Lovísa Jónsdóttir**  
**Kristín Þórunn Tómasdóttir**  
**Sigfinnur Þorleifsson**  
**Sigríður Guðmarsdóttir**  
**Svanhildur Blöndal**

prestar í Þjóðkirkju Íslands

Síðastliðinn fimmtudag birtist grein í Fréttablaðinu eftir sr. Kristin Jens Sigurþórssson þar sem hann fjallar um reynslu- sögu Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur. Í greininni segir: „Það hlýtur að vekja spurningar með öllum þeim sem lesa um minningar Guðrúnar Ebbu hvernig hægt sé að gleyma áratugslangri kynferðismisnotkun og ofbeldi jafn rækilega og hún segist hafa gert.“

Sr. Kristinn Jens ræðir um fákunnáttu fagmanna sem leiði skjólstaðinga sína á villigötur og telur að eftir lestur um falskar minningar sé „erfitt að verjast þeirri hugsun að Guðrún Ebba sé eitt fórnarlambið í viðbót.“

Okkur sem þetta ritum þykir

miður hvernig greinin er sett fram og nefnum þrenns konar ástæður. Þau sem gera upp minningar af kynferðisafbrotum og sífjaspellum upplifa mikla höfnun og sársauka þegar orð þeirra eru sögð marklaus og þau dregin í efa. Við teljum að veigamiklar ástæður þurfi að liggja til grundvallar því að véfengja slíkan vitnisburð.

Í öðru lagi teljum við að þær „hugsanir“ sem sr. Kristinn Jens fær vart varist um að sálfræðingurinn Ása Guðmundsdóttir hafi gert fórnarlamb úr skjólstaðingi sínum nálgast atvinnurög. Að okkar mati þarf gild rök til að kasta rýrd á greiningar sálfræðings með þeim hætti sem hér er gert. Við álitum að umræða um sálfræðigreiningar þurfi að fara fram á faglegum nótum af til þess bærur sérfræðingum.

Í þriðja lagi er saga Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur sögð í skugga mistaka ýmissa kirkjunnar þjóna í kynferðisafbrotamálum tengdu nafni Ólafs Skúlasonar sem eru tilgreind í skýrslu Rannsóknarnefndar Kirkjubings. Þjóðkirkjan sem stofnun hefur misst traust sem hún áður nauð. Því teljum við sárandi að starfandi prestur í Þjóðkirkju Íslands skuli draga reynslu Guðrúnar Ebbu í efa í blaðgrein. Þjóðkirkjan þarf að endurvinnna traust með faglegum vinnubrögðum og af nærgætni við það hugrakka fólk sem opinber reynslu sína af kynferðisafbrotum. Við teljum grein starfsbróður okkar ekki gott veganesti á þeirri vegferð.



# Málþing með notendum Faxaflóahafna

Miðvikudaginn 2. nóvember, kl. 16:00 í Sjóminjasafninu við Grandagarð

Til þess að kynna það sem er efst á baugi hjá Faxaflóahöfnum sf. og fræðast um starfsemina á hafnarsvæðum fyrirtækisins þá boða Faxaflóahafnir sf. til málþings miðvikudaginn 2. nóvember n.k. í Sjóminjasafninu við Grandagarð.

**Dagskrá málþingsins á að snerta málefni sem flestra á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. og verður sem hér segir:**

- Ávarp: Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna sf. - skipulags- og umhverfismál.
- Gísli Gíslason, hafnarstjóri - rekstur og framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna sf. árið 2012.
- Eggert Guðmundsson, forstjóri HB Granda hf. - Starfsemi HB Granda hf. í Reykjavík og á Akranesi - staða og horfur í sjávar útvegi.
- Bergþóra Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Líflands ehf. - starfsemi Líflands ehf. í Reykjavík og á Grundartanga.
- Ágúst Ágústsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna sf. - Hátíð hafnsins, þróun umferðar skemmtiferðaskipa, aðstaða fyrir löndun á frystum fiski í Sundahöfn.
- Umræður og fyrirspurnir.

**Fundurinn er opinn öllum**, en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavinum.

Gísli Gíslason,  
hafnarstjóri



tísku sýning  
**í dag**  
 milli  
 kl. 12-16  
 Bíldshöfða 8

Fáðu þér  
 croissant  
 og café



Sjáðu nýja hönnun  
 Citroën C4 Comfort  
**Bíldshöfða 8**



## Citroën C4. Sjáðu nýjustu tískuna frá París.

Fátt er jafn ekta franskt og Citroën. Besta leiðin til að vera daglega umfavinn frönsku umhverfi er að keyra um í nýja Citroën C4 Comfort. Sjáðu Citroën. Mátuðu Citroën. Komdu í Brimborg.

Sjáðu franskan munað - nýjan Citroën C4 Comfort. Areiðanlega með best útbúnu bílunum í sínum flokki. Citroën C4 hlaut 5 störnur hjá Euroncap fyrir frábæra útkomu í öryggispröfunum. Keyrðu Citroën.

Tvívirk tölustýrð miðstöð með loftkælingu er í nýja Citroën C4 sem tryggir að loftið helst alltaf ferskt og við rétt hitastig. ESP stöðugleikastýrikerfið heldur bílnum stöðugum og tryggir að hann rási ekki á veginum. Nýi Citroën C4 er útbúinn hraðastilli.

**Sjáðu tískusýninguna hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8:**



**Citroën C4 Comfort**  
 1,6 Hdi dísil 92 hö 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun 4,2 l/100 km. Koltvísýrningur CO2 110g/km.  
**Sjáðu verðið: Kr. 3.590 þús.**  
 Frítt í stæði



**Citroën C1 SX**  
 1,0 VTI bensín 68 hö 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun 4,5 l/100 km. Koltvísýrningur CO2 103g/km.  
**Sjáðu verðið: Kr. 2.090 þús.**  
 Frítt í stæði



**Citroën C3 SX Airdream**  
 1,6 eHdi dísil 92 hö 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun 3,7 l/100 km. Koltvísýrningur CO2 93g/km.  
**Sjáðu verðið: Kr. 2.950 þús.**  
 Frítt í stæði



**Citroën C4 Comfort**  
 1,6 VTI bensín 120 hö 5 dyra sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun 6,9 l/100 km. Koltvísýrningur CO2 159g/km.  
**Sjáðu verðið: Kr. 3.990 þús.**



**Citroën Berlingo Multispace**  
 1,6 Hdi dísil 92 hö 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun 5,3 l/100 km. Koltvísýrningur CO2 139g/km.  
**Sjáðu verðið: Kr. 3.450 þús.**



**Citroën C5 Dynamique**  
 2,0 Hdi dísil 163 hö 4 dyra 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun 6,2 l/100 km. Koltvísýrningur CO2 163g/km.  
**Sjáðu verðið: Kr. 5.990.000**

**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 og sjáðu það nýjasta frá París.  
 Farðu í Citroën C4 Comfort. Nú er gott að kaupa!**



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**FERSKT UNGNAUTASNITSEL**



**FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**



**KJARNAFÆÐI FROSÐ NAUTAHAKK 620 GRÖMM**



**FERSKUR KJÓRFLUG**



**FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK**



**FERSKT UNGNAUTAHAKK**



**FERSKUR HEILL KJÓRFLUGUR**



**ÍSLANDSNAUT 100% UNGNAUTAHAMBORGARAR 80 GR - 4 STK. MEÐ BRAUÐI**



**FERSK UNGNAUTA MINÚTUSTEIK**



**BÓNUS FERSKIR KJÓRFLUGAVÆNGIR**



**BÓNUS FERSKIR KJÓRFLUGABITAR**



**KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**



**FRÁ AKURSELI 1/2 KG. LIFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR 359 KR.**



**NICKY SALERNISPAPPÍR 3 RÚLLUR Í KAUPAUKA SAMTALS 12 WC RÚLLUR**



**189 KR. 2 LTR.**



**OS BRAUÐOSTUR TILBOÐ 998 KR. KG VERÐ ÁÐUR 1298 KR. KG**




**FRÁ NÝJA SJÁLANDI LIFRÆNT RÆKTUÐ EPLI 398 KR. KG**

## BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungla VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



Neutral STORVASK  
**2498 kr. 8 kg.**

HAGKVÆM INNKAUP - 68 ÞVOTTAR



**MEIRA KJÖT, MINNA BEIN** MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA!  
**DANSKUR FROSINN 1.6 KG. HOLDA KJÚKLINGUR**



**1298 KR. STK**



**EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR**



**1498 KR. 900 GRÖMM**

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veitutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur



# Samvinna

## Samvinnufélög

### Skúli Skúlason

formaður Kaupfélags Suðurnesja



Samvinna er hugsjón um samvinnu einstaklinga og samhjálp. Samvinna er því andstæða skefjulausrar sérhyggju. Áherslan er samtakamáttur einstaklinga þar sem maðurinn situr í öndvegi en fjármagn gert að þjóni þess. Samvinnufélög á Íslandi hafa að mestu verið neytendafélög eða í framleiðslugeira. Víða erlendis eru þau starfandi á öðrum sviðum eins og heilbrigðisþjónustu, barnagæslu, öldrunarþjónustu, útfararþjónustu, fjármálaþjónustu og sérfræði- og ráðgjafarþjónustu svo dæmi séu tekin.

Í Bandaríkjunum til dæmis hefur samvinnurekstur dafnað vel, enda viðbót sem tryggir frekar samkeppni við stórfyrirtækin sem með fákeppni eða einokunaraðstöðu hafa hreiddað um sig með græðgina að leiðarljósi. Í Bandaríkjunum eru tugþúsundir samvinnufélaga með yfir 100 milljónir viðskiptavina og nokkur þeirra eru meðal 500 stærstu fyrirtækja landsins. Tugir þúsunda barna njóta þjónustu leikskóla sem þar eru reknir með samvinnuformi. Hugsuðurinn og uppfinningamaðurinn Benjamín Franklín var einn af stofndum samvinnuhreyfingarinnar í Bandaríkjunum.

Hlut sinn í samvinnufyrirtæki eiga einstaklingarnir fyrir hönd nærsamfélagsins og megin-

markmiðið með starfsemi er ekki hámarks hagnaður heldur að bjóða bestu mögulegu þjónustu á sem lægstu verði til hagsbóta fyrir félagsmenn.

Tíminn vinnur með félögum sem rekin eru með samvinnu að leiðarljósi, enda fákeppni oft vandamál í örsmáum hagkerfum. Það er því þörf fyrir samvinnustarf sem mótvægi og til að treysta nærsamfélagið. Samvinna er tæki gegn valdþjöppun og fyrir lýðræði stuðlar hún að samfélagslegri samkennd, trausti og samfélagslegri ábyrgð.

Með sama hætti og í samvinnuhreyfingu byggir félagsgeirinn eða óarðsækni geirinn ekki á aðild fjárfesta heldur á félagslegri þátttöku. Óarðsækni, non profit, byggir á félagslegum gildum sem skipta miklu máli fyrir almenna velferð og framfarir.

Á Íslandi eru skráð í kringum 12.000 samtök og áhugafélög. Veðifélög eru um 158 í landinu. Hér á landi eru í kringum 68 sjálfseignarstofnanir, rúmlega 80 lífeyrissjódir. Þá má nefna

íþróttafélög, björgunarsveitir, stéttarfélag, líknarfélag, trúfélög, lista-, menningar- og fræðslustofnanir, dvalarheimili, velferðarsamtök, stjórnmalafélög og áhugamannasamtök og hagsmunasamtök. Aðilar vinnumarkaðar og stjórnmalamenn taka jafnan höndum saman og stofna svæðisbundin þróunarfélög og gera þróunaráætlanir byggðar á slíkri samvinnu. Samvinnufélögin, sparissjódirnir og lífeyrissjódir og fleiri rekstrarform bera svipuð einkenni.

Treystum samvinnu á sem flestum sviðum.



Tíminn vinnur með félögum sem rekin eru með samvinnu að leiðarljósi...

# Smokkurinn lengi lifi!

## Heilbrigðismál

### Sigurlaug Hauksdóttir

yfirfélagsráðgjafi á sóttvarnasviði embættis landlæknis



Eins og margir hafa eflaust tekið eftir þá hanga smokkaplaköt víða um land, í skólum, félagsmiðstöðvum, á heilsugæslustöðvum, apótekum, bensínstöðvum og víðar. Á plakötunum er fræga fólkið í dag að handleika smokka. Gerð þessara plakata er virðingarvert framtak þriggja aðila sem langaði til að endurvekja gömlu smokkaplakötin með fræga fólkinu hérna áður fyrr. Eiga þeir þakkir skildar fyrir sitt frumkvæði. Einnig er frábært hve margir studdu við framtakið með fjárframlögum eða með öðrum hætti. Mörgum er greinilega annað kynheilsu landans enda því miður ekki vanþörf á.

### Sé barnið ekki dottið...

Ákjósanlegast væri að bygja brunninn og nota alltaf smokkinn sé maður ekki kominn í langvarandi samband. Þá dregur verulega úr líkum á kynsjúkdómsmiti. Samanburðarrannsókn (HBSC) á getnaðarvarnanotkun 10. bekkinga sýndi að hún er talsvert minni hér á landi en meðal jafnaldrara þeirra í öðrum Evrópulöndum. Það voru 2/3 sem notuðu smokk við síðustu samfarir, 15% pilluna, 4% aðrar getnaðarvarnir. Það sem var alvarlegast var að 15% notuðu engar getnaðarvarnir og 5% rofnar samfarir, sem telst ekki örugg getnaðarvörn. Við þurfum því svo sannarlega að taka okkur á í þessum efnum og fara að sýna gúmmíinu

meiri virðingu. Hver vill í raun smitast af kynsjúkdómi? Pillan er góð til að koma í veg fyrir getnað, en smokkurinn er eina getnaðarvörn gegn kynsjúkdómum. Val á getnaðarvörn skiptir því miklu.

### Sé barnið dottið...

Sem dæmi um kynheilsu landans smitast sex einstaklingar á dag af klamydíu, flestir á aldrinum 15-25 ára. Hæsta tíðni smitunar er hér á landi á Norðurlöndunum. Klamydían er lúmsk, því hún er oftast einkennalaus en getur valdið ófrjósemi taki maður ekki lyf. Margir kynsjúkdómar eru

sjúkdómadeild Landspítalans, A-1, á göngudeild smitsjúkdóma, A-3, hvort tveggja í Fossvoginum, eða fara til læknis á heilsugæslustöð. Þanta þarf tíma og er greining og meðferð alvarlegustu kynsjúkdómanna að kostnaðarlausu. Ekki þarf að panta tíma á síðdegisvöktum heilsugæslustöðva og á læknavaktinni í Kópavoginum.

Hvað skiptir mestu? Sumir nota sjaldan smokka því þeir segja að smokkurinn sé dýr og/eða að hann dragi úr næmni í kynlífi. Það getur vafalaust verið rétt. En er rétt að láta slíka þætti ráða mestu og taka áhættuna á



Er ekki vel þess virði að velta fyrir sér hvað í raun hindri mann í að nota smokkinn? Eru ástæður til að nota hann ekki? Tannburstun fyrirbyggir tannskemmdir og smokkar kynsjúkdóma. Við getum auðvitað sleppt hvoru tveggja, en viljum við sitja uppi með afleiðingarnar?

eins og hún auðsmitanlegir og einkennalausir. Flestir vita því ekki um eigið smit og eru í góðri trú um að allt sé í lagi. Í raun er það bara eigin hegðun í kynlífi sem getur sagt til um hvort leita beri hjálpar eða ekki. Hafi maður tekið séns eða er í vafa um smit er því eina ráðið að leita til læknis og fá úr því skorið. Óöryggið er yfirleitt erfiðast.

Ábyrgð í eigin lífi og tillitssemi dregur úr líkum á því að smita aðra. Oftast er hægt að fá lækningu við kynsjúkdómum með lyfjagjöf eða hjálp við að draga úr einkennum þeirra. Margir leita sér aðstoðar á Húð- og kyn-

því að fá kynsjúkdóma? Getur neysla af einhverju tagi og/eða feimni við að setja mörk gert mann kærulausari en ella? Er ekki vel þess virði að velta fyrir sér hvað í raun hindri mann í að nota smokkinn? Eru ástæður til að nota hann ekki? Tannburstun fyrirbyggir tannskemmdir og smokkar kynsjúkdóma. Við getum auðvitað sleppt hvoru tveggja, en viljum við sitja uppi með afleiðingarnar?

Ég hvet skóla, foreldra og ekki síst unga fólki til að nýta sér plakötin til umræðu um gildi smokksins, um það hvað sé í raun gott kynlíf.





# Ný menntastefna Samfylkingarinnar

## Menntamál

Skúli Helgason  
alþingismaður



Samfylkingin samþykkti fram-sækna umbótastefnu í menntamálum á nýafstöðnum landsfundi. Markmið hennar er að íslenskir nemendur standi jafnfætis nemendum í nágrannalöndum okkar og njóti menntunar sem veiti góðan undirbúning fyrir fjölbreytt störf að námi loknu.

Þar er talsvert verk að vinna því rannsóknir sýna að þrátt fyrir að Íslendingar verji tiltölulega miklu fjármagni til menntamála er almennt menntunarstig þjóðarinnar hið lægsta meðal ríflega 30 ríkja OECD og brottfall úr framhaldsskóla með því hæsta sem þekktist í Evrópu. Framlög til framhaldsskóla og sérstaklega háskóla eru langt undir meðaltali OECD. Hér þarf að bregðast skjótt við með heildstæðri áætlun í menntamálum sem tryggir samhengi milli skólastiga, eykur vægi verk- og tæknigreina og eflir háskólastigið með auknum framlægum til kennslu og stóraukinni samvinnu, verkaskiptingu og jafnvel sameiningu háskóla. Þá þarf að efla verulega rannsóknir með auknum framlægum til samkeppnissjóða.

### Stjórnarskrárvarinn réttur

Í 76. grein stjórnarskrárinnar er áréttað að öllum skuli tryggður með lögum réttur til almennrar fræðslu og menntunar við sitt hæfi. Ljóst er að menntakerfi þar sem um 30% nemenda hverfa frá námi án brautskráningar stenst ekki þær kröfur sem stjórnarskráin setur hvað

þetta varðar. Mikilvægt er því að laga menntakerfið að þörfum nemenda með það að markmiði að virkja hæfileika allra en gefast ekki upp fyrir þeirri staðreynd að nemendur eru ólíkir og hæfileikar þeirra eru á mismunandi sviðum. Enginn vafi er t.d. á því að vægi verklegs náms hefur verið of lítið í íslensku skólakerfi og það á vafalítið stóran þátt í miklu brottfalli hér á landi.

Samfylkingin vill skoða sérstaklega hvernig megi innleiða á jafnræðisgrunni árangursríkar leiðir til að þjóna nemendum með mismunandi þarfir, svo sem bráðgerum nemendum og þeim sem glíma við náms- eða hegðunarerfiðleika.

### Samstarf ríkis og sveitarfélaga um framhaldsskóla

Samfylkingin vill auka samfellu leik-, grunn- og framhaldsskóla þannig að gæði og skilvirkni menntunar og skólakerfis verði sem mest. Brýnt er að auka samstarf ríkis og sveitarfélaga um starfsemi framhaldsskólans og hvetur Samfylkingin til víðtækrar umræðu um kosti þess og galla að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaga. Ljóst er að skoðanir eru mjög skiptar í því efni og er því nauðsynlegt að greina vandlega alla kosti áður en menn komast að niðurstöðu.

### Átak gegn brottfalli

Stefna ber að því að hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið viðurkenndu starfs- eða framhaldsskólanámi lækki úr 30% í 10%. Þar er grundvallaratriði að efla og styrkja starfsnám, m.a. með þróun styttri námsbrauta og auknu samstarfi skóla og atvinnulífs.

Samfylkingin leggur áherslu á aukna fjölbreytni námsframboðs og auknið vægi list- og verkgreina innan allra skólastiga. Nauðsynlegt

er að styðja sérstaklega við fagmenntun kennara og námsráðgjafa í raun- og tæknigreinum og setja markið á að styrkja raungreina-menntun íslenskra grunnskólubarna. Aukin áhersla á nýsköpunarmennt og frumkvöðlafræðslu er ein leið að þessu marki.

### Aukið samstarf og sameining háskóla

Samfylkingin vill efla háskólastarf í landinu með áherslu á kennslu og rannsóknir sem standast alþjóðlegar gæðakröfur. Hækka þarf framlög til háskóla, en Ísland rekur nú lestina innan OECD þegar skoðuð eru framlög til háskólamentun- ar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á mann. Samfylkingin vill huga að stofnun samstæðu allra háskóla í landinu, opinberra sem einkarekinna, með það fyrir augum að auka samstarf og verkaskiptingu þeirra á milli, draga úr offramboði á hliðstæðu námi og greina hagkvæmni einstakra sameiningarkosta.

Skref á þeirri leið væri að setja á fót sjálfstæða háskólanefnd sem myndi leggja fram tillögur um aukið samstarf háskóla, skoða leiðir til að samræma rekstrarform og fjármögnun háskólanna, meta hvort flokka eigi háskóla í rannsóknaháskóla og fagháskóla, hvernig megi samnýta búnað og aðstöðu til kennslu og rannsókna o.s.frv. Mikilvægt er að styrkja stöðu Háskóla Íslands sem öflugrannsóknarháskóla og vilji er til að sameina opinbera háskóla, ef sýnt er að það eykur gæði kennslu og rannsókna og uppfyllir kröfur

um hagkvæmni. Hér þarf þó að hafa í huga samfélagslegt hlutverk háskólastofnana í landinu, sem m.a. tryggja framboð háskólanáms og rannsókna í heimabyggð.

### Efling samkeppnissjóða

Samfylkingin vill auka verulega framlög til samkeppnissjóða á Íslandi enda eru þeir árangursríkasti farvegur fyrir stuðning við vísindarannsóknir í landinu. Stefna ber að því að framlög til rannsókna og þróunar nái 4% af landsframleiðslu árið 2020. Brýnt er að rannsóknasjóðir í sjávarútvegi og landbúnaði sameinist Rannsóknasjóði og/eða Tæknipróunarsjóði með það fyrir augum að samræma gæðamat, fjármögnun og eftirfylgni með vísindarannsóknnum á Íslandi.



Samfylkingin vill að hluta námslána verði breytt í styrk ef lánþegi klárar námið sitt innan tilskilins tíma.

### Bætt þjónusta LÍN

Mikilvægt er að gera úrbætur á fyrirkomulagi námslána á Íslandi, taka upp að nýju sam- tímagreiddslur og tryggja að framfærslulán LÍN verði jafnhá atvinnuleysisbótum til þess að hvetja fólk til náms. Samfylkingin vill að hluta námslána verði breytt í styrk ef lánþegi klárar námið sitt innan tilskilins tíma.

Eitt verðugasta verkefnið er síðan að samþætta áherslur í menntamálum og atvinnumálum, því leiðin til verðmætasköpunar í framtíðinni felst ekki síst í að mennta fólk til starfa í greinum sem nú vaxa hröðum skrefum, t.d. hugverkaiðnaði, skapandi greinum og greinum sem byggja á orku- og umhverfistækni.

## AF NETINU

### Hagfræðingar andskotans

Ég var ákaflega undrandi á fréttamati RÚV í gærkvöldi þar sem fram kom að helsta atriði ráðstefnunnar í gær um stöðu efnahagsmála hefði verið að krónan væri bjarghringur Íslands, auk þess að fyrirlesarar væru furðu lostnir yfir því að Íslendingar vildu skipta henni út fyrir evru.

Ég sat ekki þessa ráðstefnu, var fastur í vinnu, en vitandi hverjir voru á mælendaskrá var ég viss um að fyrirlesarar væru ekki allir sömu skoðunar. Ég veit það núna að það voru Mr. Wolf og Krugman sem dásömuðu krónuna ekki aðrir.

Það er rétt krónan er fin fyrir skuldlaust efnafólk, krónan gerir það reglulega ríkara með stórkostlegum eignatilfærslum sem gerðar eru með gengisfell- ingum, þetta sjónarmið virðist fréttastofa RÚV styðja umfram önnur.

Reyndar finnst mér þessir menn tala eins og á Íslandi hafi ekki verið líf fyrir Hrun. Þeir töluðu heldur ekki um hversu stóran þátt krónan átti í hamförum heimilanna. Þeir fjölluðu ekki um hvers vegna tugþúsundir Íslendinga töpuðu öllu sem þeir áttu og stóðu þar að auki frammi fyrir ókleifu skuldafalli. Hvers vegna stendur íslenskur almenn- ingur mun verr eftir efnahags- hrunið en t.d. almenningur í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi já og jafnvel Írlandi.

Þeir töluðu eins og líf hefði byrjað á Íslandi 1. nóv. 2008 með öll mælitæki núllstillt.

<http://gudmundur.eyjan.is>

Guðmundur Gunnarsson

# ERU EINS

Engir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins. Þetta skiljum við hjá Verði og þess vegna viljum við kynna stöðugt viðskiptavinum okkar betur. Við lærum að þekkja þá svo að þeir fái örugglega þá þjónustu sem þeim hentar.

Við viljum sjá til þess að þú sért með réttu tryggingarnar, hvort sem um er að ræða líf- og heilsutryggingu, tryggingu fyrir húsið, bílinn eða fyrirtækið.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR





Á HÓLMGÖNGUSTAD Atburðarás Einvígisins hverfist um heimsmeistaraeinvígið í skák 1972, þegar Bobby Fischer og Boris Spasskí mættust í Laugardalshöll og kastljós umheimsins beindist að Íslandi. Arnaldur segist hafa þurft að leggja á sig meiri undirbúningsvinnu fyrir þessa bók en aðrar og kynnti sér meðal annars starfsaðferðir lögreglunnar á 8. áratugnum, einvígið sjálft og sögu berklaveikinnar á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ég skrifa alvöru bókmenntir

Einvígið, fimmtánda skáldsaga **Arnaldar Indriðasonar**, kemur út á þriðjudag. Þar vikur sögunni að Marion Briem, lærimeistara Erlends rannsóknarlögreglumanns, sem margir telja dáinn eftir síðustu bók. Í samtali við **Bergstein Sigurðsson** ræðir Arnaldur örlög Erlends, fylgifiska frægðarinnar og vandann við að skrifa bók um persónu sem enginn veit hvort er karl eða kona.

Útlendingar spyrja mig stundum hvort ég dragi ekki upp óþarflega dökka mynd af Íslendingum í bókum mínum,“ segir Arnaldur Indriðason rithöfundur, sem hefur sérheft sig í sögum af glæpum. „Ég hef svarað því til að Íslendingar séu fullfærir um það sjálfir og þurfi enga hjálp frá mér í þeim efnum,“ bætir hann við og hlær.

Umræðuefnið er nýafstaðin Bókamessa í Frankfurt, þar sem Arnaldur hélt opunarerindi, og velgengni bóka hans á erlendri grund. Hann hefur selt sex og hálf milljón eintaka erlendis undanfarin ár og um 300 þúsund eintök hér heima, sem er afrek út af fyrir sig. Hann hefur nú sent frá sér bók á ári fimmtán ár í röð og verið áskrifandi að efsta sæti metsölulistans fyrir hver jól undanfarinn áratug.

Tílefni viðtalsins er einmitt fimmtánda skáldsaga hans, *Einvígið*, sem kemur út á þriðjudag – 1. nóvember, eins og aðrar bækur hans. Hér bregður Arnaldur sér aftur í tímann, til ársins 1972 nánar tiltekið, þegar heimsmeistaraeinvígi Bobby Fischer og Boris Spasskí var háð í Laugardalshöll. Unglingspiltur er stunginn til bana í Hafnarbíói í aðdraganda skákeinvígisins. Marion Briem, sem lesendur Arnalds kannast við úr fyrri bókum hans, tekur að sér rannsókn málsins og fljótlega berast böndin að einvíginu, sem hefur gert Ísland að miðdepli heimsins í skamma stund.

## Er Erlendur dáinn?

Áður en lengra er haldið verður þó ekki komist hjá því að staðnæmast við endalok síðustu bókar, *Furðustranda*, og spyrja að því sem allir sem lásu bókina vilja vita: *Er Erlendur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður, höfuðpersóna flestra bóka Arnalds og lykllinn að vinsældum þeirra, dáinn?*

„Það verður hver og einn að lesa í það,“ segir Arnaldur. „Ég skrifaði bók um hann, sem gerðist fyrir austan. Hún endar eins og hún endar og ég hef sáralitlu við það að bæta. Ég hef síðan komist að því að sumir halda að hann sé dáinn en jafn margir virðast halda að hann sé lifandi. Svarið liggur í *Furðuströndum* fyrir hvern og einn að uppgötva.“

## Kynlaus aðalpersóna

Í Einvíginu koma saman tvær hugmyndir sem hafa blundað með Arnaldi lengi, annars vegar að skrifa bók um Marion Briem, lærimeistara Erlendar í lögreglunni, sem og sögu heimsmeistaraeinvígisins í skák.

„Ég er búinn að skrifa sögu allra í þessu rannsóknarlögregluteymi Erlends, nema Marion,“ segir hann. „Til þess þurfti ég að fara aftur í tímann og þá kom ég að árinu, 1972, sem var ansi merkilegt út af einvíginu og gerir okkur á litlum tímamarki að miðju heimsins. Hingað streymdi fólk og við komumst í fréttirnar. Mér fannst þetta bjóða upp á ansi marga möguleika og ákvað því að staðsetja söguna þar. Kalda stríðið var í hámarki, streitan á milli austurs og vesturs var mikil og öll sú taugaveiklun

kom síðan berlega í ljós í þessu einvígi. En sagan er um margt fleira. Á einum stað í bókinni segir að við heyjum öll okkar einvígi, svo titillinn hefur líka breiðari skírskotun.“

Eitt af sérkennum persónunnar Marion er að aldrei hefur komið fram hvort hún er karl eða kona og Arnaldur hefur leikið sér að því að ýja að hvoru tveggja. Á því er engin breyting í Einvíginu, hvergi í bókinni kemur ótvírætt fram af hvaða kyni aðalpersónan er. Sjálfur segir Arnaldur það ekki einu sinni skýrt í sínum huga.



Ég veit það ekki enn þá hvort Marion er karl eða kona. Í bókinni er ýmislegt gefið í skyn í báðar áttir. Það var mjög erfitt að skrifa heila bók þar sem aðalpersónan er í rauninni kynlaus, en að sama skapi afskaplega skemmtilegt.

„Ég veit það ekki ennþá hvort Marion er karl eða kona. Í bókinni er ýmislegt gefið í skyn í báðar áttir. Það var mjög erfitt að skrifa heila bók þar sem aðalpersónan er í rauninni kynlaus, en að sama skapi afskaplega skemmtilegt. Ég vona bara að lesendur geri upp sinn eigin hug um það.“

**Mesta rannsóknarvinnan hingað til** Einvígið er margslungin bók og þótt hún gerist 1972 teygir hún anga sína allt aftur til kreppuáranna, á berklahælin á

Vífilsstöðum og í Kolding í Danmörku. Arnaldur segir að líklega hafi engin af fyrri bókum hans útheimt jafn mikla rannsóknarvinnu og undirbúning.

„Ég hafði mikinn áhuga á að skrifa um þetta tímabil, upphaf áttunda áratugarins, sem var mikið breytingaskeið fyrir okkur. Það var heilmikið að gerast í menningu og listum, Breiðholtið að byggjast upp og síðan auðvitað þetta einvígi. Ég er sagnfræðimenntaður og hef mjög gaman af því að velta fortíðinni fyrir mér en þetta er líka

fór talsverður tími í þetta en það er svo gaman að leita aftur; kynna sér tíðaranda og andrúmsloft og segja frá því í sögu, án þess að ég vilji festa mig af mikið í einhverjum veruleika heldur nota skáldaleyfið eins og ég get.“

Einn hluta bókarinnar viðurkennir Arnaldur að byggja sjálfum sér, það er allt að því þráhyggjukenndan bíóáhuga einnar persónunnar.

„Ég var bíósjúkur og fór á allar myndir sem voru sýndar; margar oftast en einu sinni, stundum með félögum mínum, stundum einn. Oft fór ég á fimm-sýningarnar, eins og persónan í bókinni, þá var meira næði og maður gat valið sér sæti. Ég var ellefu ára árið 1972, þetta var sá tími þegar maður fór að vakna til vitundar um heiminn og hann fór að stækka. Mér fannst mjög gaman að rifja þetta upp og fletti til dæmis upp á gömlum bíóauglýsingum og Undir urðarmána með Gregory Peck var einmitt sýnd í Hafnarbíói á þessum tíma, eins og kemur fram í bókinni.“

## Auðvelt að týna sér í sviðsljósinu

Arnaldur gefur sjaldan færi á löngum viðtölum. Síðast var rætt við hann í þessu blaði fyrir fimm árum, í tílefni *Konungsbókar*. Þá var hann löngu búinn að festa sig í sessi sem vinsælasti rithöfundur landsins og farinn að njóta þó nokkurrar velgengni erlendis. Í millitíðinni hefur vegur hans vaxið gífurlega, bækur hans seljast í milljónum eintaka, hann er orðinn

**FRAMHALD Á SÍÐU 26**



# BYKO Breidd

Gerum hreint og fínt fyrir jólin!



## Kynningartilboð um helgina á BUZIL hreinsivörum

Sérfræðingur frá Ræstivörum kynnir Buzil hreinsivörurnar í BYKO Breidd frá kl. 12 – 14 í dag.



NÝTT

Sadolin

LIGHT & SPACE



## 40% meira endurkast!

Kynningartilboð alla helgina á Light & Space málningu sem endurkastar birtu allt að 40% meira en venjuleg málning.

Kristján Sveinsson, málrameistari, kynnir nýju málninguna í BYKO Breidd í dag frá kl. 12 – 15.

Sadolin Light & Space er umhverfisvæn málning og uppfyllir kröfur um EU Blómið og Svansmerkið.



Kaffi og kaka  
**199 kr.**



Pizza og gos  
**199 kr.**



Ódýrt og gott í Kaffihorninu  
alla helgina!



## FRAMHALD AF SÍÐU 24

að stofnun í íslensku bókmenntalífi og nafn hans að hálfgerðu vörumerki. Hvaða áhrif hefur „Arnalds-íðnaðurinn“ á höfundinn?

„Ég er alltaf að reyna að halda þessu frá mér. Það eina sem ég hef áhuga á er að skrifa, segja mínar sögur. Þetta hefur hlaðið gríðarlega utan á sig en ég vil helst fá að vera í friði og fá næði. Auðvitað er afskaplega gaman að bækurnar séu svona vinsælar og þýddar á mörg tungumál. Ég reyni að fylgjast með þar sem þær koma út og er í sambandi við útgefendur. Ég hef aftur á móti dregið mjög mikið úr ferðalögum, rétt eins og ég hef dregið mikið úr viðtölum. Ég held að það sé nefnilega mjög auðvelt að tynast í þessu; leggjast í ferðalög, liggja á hótélum og njóta sviðsljóssins. Það vekur hins vegar engan áhuga hjá mér, kannski vegna þess að ég byrjaði svo seint að skrifa. Ef ég væri tuttugu árum yngri hefði þessi lífsstíll kannski freistað mín en ég er einfaldlega kominn á þann aldur að það höfðar ekki svo mikið til mín.“

Hann segist enn finna fyrir sömu ástríðu gagnvart skriftunum og áður.

„Sem betur fer, já. Það held ég að helgist af því að ég hef náð að halda þessu algjörlega aðskildu og gætt þess að gefa mér tíma til að einbeita mér að bókunum. Öðruvísi hefði ég ekki getað skrifað eina bók á ári í fimmtán ár, það kostar þetta. Einsemdin er höfundinum svo dýrmæt, án hennar gerist ekkert. Að geta setið við tölvuna, einn með sína sögu, það er draumurinn.“

## Fæst við alvöru skáldskap

Arnaldi er einn hrósaður fyrir hversu gott vald hann hefur á glæpasagnaforminu, svo gott að mati sumra gagnrýnenda að nú sé orðið tímabært að hann taki sig til og skrifi „hefðbundna“ – með öðrum orðum „alvöru“ – skáldsögu. Þessi umræða hefur ekki farið framhjá Arnaldi, sem þykir heldur lítið gert úr glæpasagnaforminu.

„Mér finnst þetta satt að segja heldur hlægileg umræða. Auðvitað yddast maður með hverri bók, ég vona að minnsta kosti að ég sé að skána sem höfundur. Ég hef aldrei lítið á það sem ég hef verið að gera sem annað en hreinar og klárar bókmenntir – „alvarlegar bókmenntir“, eins og það er stundum kallað. Þær eru inni í þessu glæpasagnaformi og ég er mjög sáttur við það. Ég komst að því fljótlega eftir að ég fór að skrifa að það á furðu vel við mig að búa til gátur; að setja upp mál sem lesendur vilja vita meira um. Og ég nýt þess einlæglega. Ég blæs á alla umræðu um að ég eigi að færa mig yfir í alvöru skáldskap, ég fæst við hann nú þegar.“

Bækur Arnaldar fjalla enda sjaldnast um glæpi sem slíka, heldur notar hann glæpasöguna til að bregða ljósi á önnur málefni, samfélagsmeini og mannlegar tilfinningar.

„Ég hef engan áhuga á íslenska glæpaheiminum. Það sem ég hef áhuga á er áfallið sem glæpurinn heldur í lífi fólks; missirinn sem af honum hlýst, reiðin og hefndin. Ég er miklu frekar að fjalla um þessar stóru tilfinningar en einhver glæpaplott. Mér er nokkuð sama þótt lesandi komist að því hver morðinginn er um miðja bók, ef ég fæ bara að segja mína sögu.“

## Mótefni við trylltum tíðaranda

Í bókunum birtist oft lágstemmd en beinskeytt ádeila á íslenskan tíðaranda og í Svörtuloftum var útrásarbraskið tekið markvisst fyrir. Sjálfur dró Arnaldur ekki dul á það í viðtali árið 2006 að sér hugaðist ekki efnishyggjan, sem var allsráðandi, og í opnunarræðu sinni á bókamessunni í Frankfurt gagnrýndi hann það sem hann kallaði

„skýjaborgir frjálshyggjunnar“.

„Ég leit lengi á Erlend sem mótefni við því sem var að gerast; að við ættum aðeins að hægja á okkur og huga að því hvar við værum og hvaðan við erum komin. Við vorum bændasamfélag, sem þar til fyrir nokkrum áratugum var bláfátækt, en verðum á örskömmum tíma ein ríkasta þjóð heims. Í kjölfarið ætlum við að kenna heiminum kaupsýslu og úr verður bóla sem springur. Enginn vissi hvaðan peningarnir komu og enginn veit hvert peningarnir fóru en eftir sitjum við í rústum einhverrar frjálshyggju. Auðvitað er þetta að mörgu leyti óskiljanlegt. Í bókum mínum hef ég hins vegar alltaf verið að leita aftur til einfaldari tíma, sem Erlendur stendur fyrir. Ég er líka að gera það í þessari bók, að leita að einhverjum einfaldari sannleik um lífið. Þetta var orðið allt of tryllt.“

Spurður hvort hann ætli að skrifa meira um hrúnið og afleiðingar þess segist Arnaldur sjálf-sagt eiga eftir að gera það.

„Við erum í sjálfu sér enn inni í storminum og sjáum ekki alveg út ennþá, svo ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér með það. En þetta eru erfiðir tímar og það er margt söguefnið.“

## Skilur reiðina í samfélaginu

Hvernig upplifir Arnaldur sjálfur ástandið á Íslandi í kjölfar hruns?

„Ég hef í sjálfu sér ekki haft mikinn áhuga á íslenski pólitík, mér finnst hún leiðinleg. Það er aftur á móti enn mikil reiði í samfélaginu og ég skil ekki af hverju ekki hefur verið reynt að sefa hana á markvissari hátt. Reiðin stafar að hluta til af stöðu heimilanna í kjölfar hrunsins, sem er mjög slæm, og svo auðvitað vegna þess að það virðist ganga mjög hægt að draga menn til ábyrgðar. Ég, eins og hver annar Íslendingur, fylgist með því sem er að gerast og skil þá reiði.“

Bækur Arnaldar hafa sem fyrr segir selst í milljónum eintaka og hann fyrir vikið stórefnast. Hvaða áhrif hefur það haft á hann? Finnst honum hann vera í verri aðstöðu til að gagnrýna efnishyggju í ljósi þess að hann hefur auðgast?

„Ég hef efnast eingöngu út á sölu bóka minna og það hefur gert mér kleift að sinna ritstörfunum alfarið. Það er það eina sem ég hef nýtt mér í sambandi við þessar breyttu aðstæður. Ég hef frið til að vinna að bókum mínum en áður þurfti ég að vinna tvö störf.“

Arnaldur segir það ekki fara í taugarnar á sér að athyglin sem beinist að honum snúi ekki síður að sölutölum og peningum en sjálfum ritverkunum.

„Þessi umræða er skiljanleg á sinn hátt, það eru ekki margir rithöfundar í þessari stöðu sem ég er í. Þetta er vissulega einhver leiðinlegasta umræða sem ég get hugsað mér en hún er fylgifiskur þess að maður selur margar bækur.“

## Les aldrei eigin bækur

Hjá Arnaldi er hver dagur öðrum líkur, fyrir utan sumrin, þegar hann leyfir sér að taka langt frí og ferðast um landið. Þar fyrir utan er hann rútínumaður, er sestur við tölvuna klukkan níu að morgni. Í hádeginu les hann í einn til einn og hálfan tíma; Skagfirðingabók, Stefan Zweig, ljóð, Tinna og allt þar á milli, áður en hann sest aftur við tölvuna og vinnur fram eftir degi. Hver bók byrjar á stórri hugmynd – heimilisöfbeli, Austur-Þýskaland, skákeinvígi – sem hann síðan býr til aðstæður í.

„Ég veit yfirleitt ekki hvernig bókinn endar þegar ég sest niður og byrja á henni. Oft kvikna persónur í miðri sögu sem ég sníð til og reynast hafa mikið vægi þegar upp er



staðið. Dag eftir dag, þegar maður situr við, kvikna svo allar þessar milljón litlu hugmyndir sem gera bók að bók. Það er það sem gerir þetta starf svo skemmtilegt; maður er alltaf að uppgötva eitthvað sem maður vissi ekki að maður ætlaði að skrifa um. Svo veit maður aldrei hvort maður nái á annað borð að klára sögu eða verði ánægður með hana þegar henni er lokið. Segjum sem svo að manni takist það, þá taka við kannski þrjár til fjórir mánuðir í að skoða hana, laga, bæta við og taka úr.“

Hann hefur þó aldrei lent í því að þurfa að kasta handriti sem hann er langt kominn með. „Nei, en það hefur komið hik á mann og ýmislegt hefur þurft að hugga upp á nýtt en sem betur fer hefur mér alltaf tekist að klára bók.“

Þegar bókin er komin út lítur hann svo á að hann hafi lokið sínu. Hann hefur aldrei lesið eigin bók eftir að hún er útgefin.

„Ég veit ekki hvers vegna; ég gef mér bara ekki tíma til þess og hef í sjálfu sér ekki mikinn áhuga á því. Maður hefur lifað svo lengi með þessum verkum og undir lokin er óneitanlega komin þreyta í mann. Þegar bókin er komin út þá einfaldlega snýr maður sér að öðru. Það kemur fyrir að ég lesi einstaka hluta, málsgreinar sem ég man að voru mér að skapi, en aldrei heila bók.“

Hann segir enga sérstaka ástæðu fyrir því að 1. nóvember hafi orðið fyrir valinu sem fastur útgáfudagur. „Ég er að minnsta kosti búinn að steingleyma því, þessi dagur hefur ekki neitt tilfinningagildi fyrir mig þannig séð. Þetta er heppi-

legur tími til að setja bók á markað fyrir jólavertíðina og bara hefð sem myndaðist. Mér finnst gott að halda í hefðir.“

## Stoltastur af Konungsbók

Spurður hvort hann sé stoltari af einhverri einni bók en annarri nefnir hann *Konungsbók*.

„Það er bók sem ég hafði mikla ánægju af að skrifa og kynna mér þá hluti sem koma við sögu í henni. Ég er sérlega stoltur af því að hafa tekist að koma hápunkti sögunnar í Gullfoss á siglingu sinni til Íslands eftir að Halldór Laxness fékk tilkynninguna um Nóbélinn. Það eru svona hlutir sem maður hefur gaman af, þótt aðrir hafi það kannski ekki. Þetta er það sem skáldsagan gefur manni; það er hægt að leyfa sér svo margt og leika sér með veruleikann með því að snúa aðeins upp á hann.“

Konungsbók tileinkaði hann föður sínum, Indriða G. Þorsteinsyni, á sínum tíma og hefur áður rætt hversu mikil áhrif hann hafi haft á sig. Fyrr á árinu kom skáldsagan 79 af stöðinni eftir Indriða út í Þýskalandi og hefur hlotið lofsamlega dóma, sem er Arnaldi ekki lítið ánægjuefni.

„Þýskir gagnrýnendur hafa tekið bókinni fagnandi, sem er merki-legt í ljósi þess að bókin er skrifuð 1955. En hún á greinilega ennþá erindi ekki síður erlendis en hér og hefur sitt að segja nýjum lesendum. Það er mjög ánægjulegt að verða vitni að því.“

Það er hins ekki bara bókin hans pabba sem gerir það gott; það er með ólíkindum hversu mikið er að koma út af íslenskum bókum í

Þýskalandi. Tækifærin sem það felur í sér eru mikil, ekki bara þar í landi heldur víðar. Ég þekki það sjálfur, því eftir að byrjað var að gefa út bækurnar mínar í Þýskalandi fyrir um áratug opnaði það aðrar dyr og mörg önnur lönd bættust í hópinn.“

## Rithöfundar láti ekki segja sér fyrir verkum

Íslenska glæpasagan hefur fest sig svo rækilega í sessi að það er auðvelt að gleyma hversu ungt þetta form er; að ekki er nema hálfur annar áratugur síðan það var álit- iga ómögulegt að semja trúverðuga íslenska glæpasögu. Arnaldur hefur verið í lykilhlutverki í þeirri þróun. Spurður hvaða þýðingu hann telji glæpasöguna hafa haft fyrir íslenskt bókmenntalíf hugsar hann sig um.

„Mér dettur í fljótu bragði tvennt í hug. Í fyrsta lagi hafa glæpasögurnar náð miklum vinsældum, ekki bara sögunar mínar heldur annarra líka. Þær hafa vakið áhuga á lestri og íslenskum bókmenntum, ekki síst meðal ungs fólks. Það hlýtur að vera fagnaðarefni.“

Í öðru lagi hefur velgengni glæpasögunnar opnað á þá hugmynd að allt sé mögulegt. Það eru engin takmörk, rithöfundar geta leyft sér að skrifa um hvað sem er. Ég man hvað það var talið bjánalegt í fyrstu að skrifa glæpasögu á Íslandi. Rannsóknarlögglæpumaður sem heitir Erlendur, það þótti ekki lítið asnalegt. Þetta sýnir að rithöfundar eiga ekki að láta segja sér fyrir verkum. Það á enginn að ákveða fyrir mann hvað er hægt að skrifa um og hvað ekki.“



# Lambalæri

- MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásýkur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl  
Rífið limebörk úti kókos og saxið myntu úti. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásýkri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

#### Sósa

Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um  $\frac{2}{3}$ . Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

### Meistarasmakk í Krónunni - svona er nýja lambakjötið ljúffengt

Smakkið nýslátrað og brakandi nýsteikt lambalæri í verslunum Krónunnar Lindum, Granda, Bildshöfða, Mosfellsbæ, Akranesi og Selfossi í dag, laugardaginn 29. október frá kl. 11. Kjötmeistarar gefa ykkur góð ráð um meðferð og matreiðslu lambakjöts.



Lambakjöt  
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

í dag, laugardag 29. október frá kl. 11

í Krónunni: Lindum - Granda - Bildshöfða - Mosfellsbæ - Akranesi - Selfossi



# Níu ára stríði í Írak að ljúka

**Barack Obama** tilkynnti fyrir skemmstu að allt herlið Bandaríkjanna yrði flutt burt frá Írak fyrir árslok. Stríðið hefur staðið í tæp níu ár, hundruð þúsunda hafa fallið og kostað Bandaríkjamenn hundruð milljarða dala. **Porgils Jónsson** rifjar upp Íraksstríðið.

**N**okkur tímamót urðu fyrir síðustu helgi þegar Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að frá og með næstu áramótum yrði herafli Bandaríkjanna alfarinn út úr Írak, eftir nær níu ára stríðsrekstur. Hermennirnir 39.000 sem nú eru í landinu verða komnir heim „í tæka tíð fyrir jólin“ eins og Obama sagði, og aðeins nokkrir tugir hermanna verða eftir til að verja sendiráðið í Bagdad. Þess utan verða þó enn á sjötta þúsund öryggisverktaka sem munu sjá um að verja aðra bandaríska borgara, fyrirtæki og stofnanir í Írak framvegis.

Í ávarpi sínu minntist Obama ekki einu orði á að sigur hefði unnist, enda hefur stríðið reynst myllusteinn um háls Bandaríkjanna. Ekki er nóg með að það hafi skaðað ímynd Bandaríkjanna á alþjóðvettvangi varanlega; það kostaði ríkissjóð mörg hundruð milljarða dala og síðast en ekki síst hafa tugir eða hundruð þúsunda karla, kvenna og barna látið lífið í þessum darraðardansi.

## Andstaða við innrás

Þetta átti ekki að vera neitt mál. George W. Bush og stjórn hans héldu því fram að Saddam Hussein, forseti Íraks, hefði verið með í ráðum við undirbúning ársanna 11. september 2001 og ætti gjöreyðingarpöpp sem hann væri reiðubúinn að nota. Hann væri nú að víða að sér efniviði í kjarnorkuvopn og því þyrfti að stöðva hann með öllum tiltækum ráðum, áður en hann næði að valda tjóni. Þessi stefna fyrirbyggjandi hernaðaraðgerða hefur síðan verið kennd við Bush.

Árslok 2002 einkenndust af hörðum deilum á alþjóðasviðinu, þar sem bandarísk stjórnvöld reyndu að fullvissa önnur ríki um að innrás í Írak væri eina svarið. Þeir fengu hins vegar ekki sama hljómgrunn og fyrir innrás í Afganistan rúmu árið áður. Í því tilfelli var takmarkið ljóst og samúð heimsins var með Bandaríkjunum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fékkst ekki til að samþykkja harðari aðgerðir gegn Írak en óháð vopnaeftirlit og það þótti Bush ekki nóg.

Andstaða var mikil, jafnvel meðal lykilríkja í NATO, en einnig meðal almennings sem safnaðist saman í milljónatali í borgum um allan heim hinn 15. febrúar 2003.

## Leifturstríð og sigurvíma


Það reyndist þó vera til lítils vegna þess að hinn 19. mars hófst innrásin í Írak, þar sem Bandaríkin, Bretland, Pólland og Ástralía sendu um



Á HEIMLEIÐ Bandarískir hermenn á leið upp í flutningavél og burt frá Írak. Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti fyrir skemmstu að allur herafli yrði farinn heim fyrir áramót fyrir utan nokkra tugi sem myndu sinna öryggisgæslu við sendiráðið í Bagdad. Stríðið í Írak hefur staðið í tæp níu ár og kostað um 4.500 hermenn Bandaríkjanna lífið.

NORDICPHOTOS/AFP

## MANNFALL Í ÍRAKSSTRÍÐINU



200.000 menn inn í landið og mættu lítilli mótspyrnu. Hersveitir óðu áfram í átt að höfuðborginni Bagdad, sem var hernúmin 9. apríl, og hinn 1. maí var landið allt komið undir stjórn innrásarhersins og Saddam kominn í felur.

Saddam fannst þó áður en langt um leið og var síðar dæmdur fyrir glæpi sína og tekinn af lífi. Bush og undirsátar hans reiknuðu í upphafi með því að Íraskir borgarar tækju þeim sem hetjum eftir „frelsun“ landsins en annað kom á daginn.

## Martröð borgarastyrjaldar

Í upplausnarástandinu og tómarúminu sem myndaðist eftir sigur innrásaraflanna blossaði upp mikil úlfúð milli súnnia og sjía, sem bárust á banaspjótum í blóðugri borgarastyrjöld áður en langt um leið. Það reyndist einnig vera frjór jarðvegur fyrir Al Kaída-hryðjuverkanetið, sem varð afar öflugt undir stjórn Abu Musab Al-Zarqawis.

Óöldin hófst í ársbyrjun 2006 og stóð í rúm tvö ár, þar sem þúsundir

manna létu lífið í mánuði hverjum í óvægnum hjaðningavígum.

## Spilaborgin hrynur

Rökin fyrir stríðinu, það er að Saddam hafi átt geryðingarpöpp, hafi verið að reyna að smíða kjarnorkusprengru og hafi verið í samskiptum við Al Kaída, voru alltaf á veikum grunni reist en þegar rannsóknir hófust féll spilaborgin.

Strax í byrjun árs 2004 fór að renna upp fyrir bandarískum yfirvöldum að engin slík vopn væri að finna í Írak. Þess utan kom í ljós að engin tengsl voru milli Saddams og Al Kaída.

Árið 2005, eftir tveggja ára leit, var komist að þeirri lokaniðurstöðu að Saddam hefði ekki átt nein gjöreyðingarpöpp og líklega hefði hann ekki gert tilraunir til að komast yfir slíkt frá lokum Persaflóastríðsins árið 1991.

Það sem skaðaði málstað Bandaríkjamanna einna mest voru hins vegar pyntingarnar sem viðgengust í fangelsinu Abu Ghraib. Uppljóstrunin á meðferðinni á íröskum föngum vakti upp reiðiöldu um allan heim og varð endanlega til að svipta aðgerðir Bandaríkjamanna ljógmæti í huga verulegs hluta almennings.

## Raunverulegar ástæður

Í ljósi þess að grundvallarrök fyrir innrásinni í Írak stóðust ekki

## PÍNLEGT FRUMHLAUP FORSETANS



Hinn 1. maí 2003, rúnum mánuði eftir innrásina í Írak, lenti George W. Bush Bandaríkjaforseti í orrustuþotu á þilfari flugmóðurskipsins USS Abraham Lincoln og lýsti því yfir við hátíðlega athöfn að hernaðaraðgerðum í Írak væri lokið. Landið væri á valdi bandalagsríkjanna og harðstjórnunum Saddam Hussein hefði verið endanlega steypt af stóli.

Í baksýn blakti stærðarinnar borði ofan við brú skipsins þar sem stóð Mission Accomplished, „Áætlunarverki lokið“.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikið frumhlaup þar var um að ræða þar sem stríðið stendur enn í dag og ljótustu og blóðugustu kaflar þess urðu ekki fyrr en margt löngu eftir þessa uppkomu.

4.345 bandarískir hermenn hafa látist við skyldustörf í Írak eftir að „áætlunarverki lauk“.

skoðun hefur margt verið skrafað og skeggrætt um raunverulegar ástæður að baki.

Innanbúðarmenn í stjórn Bush hafa síðar sagt að forsetinn hafi allt frá embættistöku sinni stefnt að því að fella Saddam. Þá gætu Bandaríkjamenn hafa viljað koma upp sterkum bandamanni á Persaflóasvæðinu til að vega upp á móti Íran, auk þess sem Ísraelum stóð mikill stuggur af hótunum Saddams í þeirra garð. Þá er olíuauður Íraks ríkulegur og þætti ýmsum nokkru fórnandi til að ná þeim.

## Fórnarkostnaðurinn


Það er erfitt að segja með fullri vissu hver fórnarkostnaðurinn er, en frá mars 2003 hafa að minnsta kosti 103.000 Íraskir borgarar látið lífið í stríðsátökum og tæplega 4.500 bandarískir hermenn.

Enn í dag deyta daglega um tíu almennir borgarar í sprengingum, skotárásum og öðrum ofbeldisverkum sem tengjast stríðinu.

286 óbreyttir borgar hafa látist í Írak það sem af er þessum mánuði og 2,8 milljónir Íraka eru flóttamenn í eigin landi.

Þó hlýtur að vera fagnaðarefni að Bandaríkjamenn séu á heimleið, bæði fyrir Íraka sem vilja standa á eigin fótum og ekki síður fyrir almenning í Bandaríkjunum, sem er langbreyttur á mannfalli og fjárástri í vafasaman stríðsrekstur.

2003 DESEMBER



■ **Mars 2003** Bandaríski herinn gerir innrás í Írak með fulltungi Bretlands, Póllands og Ástralíu. Íslenska ríkisstjórnin hafði lýst yfir stuðningi við aðgerðirnar.

■ **Maí 2003** Írak er allt undir stjórn innrásaraflanna. Lýst er yfir lokum stríðsaðgerða í Írak.

■ **Desember 2003** Saddam Hussein er handtekinn.

■ **Janúar 2004** Ljóst þykir að engin gjöreyð-

2004 APRÍL



ingarvopn er að finna í Írak.

■ **Apríl 2004** Abu Ghraib-hneykslið kemst í hámaili.

■ **Janúar 2005** Fyrstu lýðræðislegu kosningar í Írak í hálfu öld eru haldnar.

■ **September 2005** Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðgjafi, játar að rökstuðningur fyrir innrás hafi byggst á röngum gögnum.

2006 JÚNÍ



■ **Júní 2006** Abu Musab al-Zarqawi, æðsti maður Al Kaída í Írak, er felldur í sprengjuárás.

■ **Desember 2006** Saddam Hussein er tekinn af lífi.

■ **Janúar 2007** Bandarískum hermönnum er fjölgað til að hemja óöldina í Írak.

■ **September 2007** Öryggisverðir Blackwater skjóta 17 Íraska borgara til bana á götu úti.

2008 DESEMBER



■ **Desember 2008** Skó er kastað í Bush forseta á blaðamannafundi.

■ **Febrúar 2009** Barack Obama, nýkjörinn forseti, útlístar brottfarir herliðs frá Írak.

■ **Júní 2009** Brottflytningur Bandaríkjamanna hefst. Írakar taka öryggismál í sínar hendur.

■ **21. október 2011** Obama forseti lýsir því endanlega yfir að herinn verði á brott fyrir áramót.

2011 OKTÓBER





ÖFLUG VIRKNI  
án kemískra efna

NÁTTÚRULEGAR  
ILMOLÍUR  
ferskur ilmur



Allt sem þú þarft er smá **ATTITUDE**<sup>®</sup>  
umhverfisvæn og húðvæn hreinsiefni sem **virka**

HÚÐVÆNT  
án ertandi ilm- og litarefna

UMHVERFISVÆNT  
framleitt samkvæmt  
ströngustu umhverfisstöðlum

CO2NEUTRAL



EcoLogo



blettahreinsir



baðherbergishreinsir



yfirborðshreinsir



glerhreinsir



sturtuhreinsir



uppvottalögur



uppvottaefni



mýkingarefni



þvottaefni og mýkingarefni



þvottaefni





**MARGRÉT HELGA** Fannst hún hafa lent á vitlausum flugvelli þegar hún kom aftur í Þjóðleikhúsið eftir 40 ára fjarveru en fór fljótt að kunna vel við sig aftur.



**VIGDÍS HREFNA** Vonast til þess að leikverkið Hreinsun verði lóð á vogarskálar þess að fólk láti sig málefni á borð við mansal og afleiðingar stríðs varða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Að standa með sínum karakter

Í annað sinn á þessu ári setja **Margrét Helga Jónsdóttir** og **Vigdís Hrefna Pálsdóttir** sig í fótspor sömu persónunnar, en þær túlka hina eistnesku Aliide á mismunandi aldurskeiðum í leikverkinu Hreinsun. Leikkonurnar sögðu **Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur** meðal annars frá mikilvægi þess að reyna að skilja sinn karakter, sama hversu ljóta glæpi hann hafi gerst sekur um.

**P**ar sem þær sitja og stinga saman nefjum á meðan ljósmyndarinn smellir af þeim myndum skilur maður vel að þær Margrét Helga Jónsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir hafi í tvígang verið fengnar til að túlka sömu manneskjuna. Þær gætu verið náskyldar.

„Já, okkur finnst við dálítið líkar,“ segir Vigdís Hrefna. Margrét Helga kinkar kolli til samþykkis og bætir við: „Ég hef stundum verið spurð að því hvort Vigdís sé dóttir mín. Það eru sennilega kattaraugun og kinnbeinin sem við höfum báðar. Ég er bara búin að fylla dálítið vel upp í mínar kinnar!“

Þær eru ekki einungis áþekkar heldur bera þær sig á einhvern hátt á líkan máta. Er kannski skýringin á því að þær eru komnar djúpt á kaf í sameiginlegan karakter sinn, hina eistnesku Aliide, aðalpersónuna í leikverkinu Hreinsun?

**Vigdís:** „Stebbi [Stefán Jónsson leikstjóri] vinnur mikla forvinnu og stillir leikhópin vel saman. Við höfum samt ekki unnið karakterinn saman að öðru leyti, en ég fylgist auðvitað vel með Margréti í hennar senum...“

**Margrét:** ...og ég með Vigdís. En það er auðvitað talsverður aldursmunur á okkur í verkinu og fólk breytist með aldrinum. Þegar Vigdís er á sviðinu er persónan mín að upplifa sínar minningar.“

**Vigdís:** „En konan sem hún leikur er ekki konan sem ég leik, í rauninni. Það sem kemur fyrir mig gerir mig að þeirri manneskju sem Margrét leikur.“

**Margrét:** „Já, hún er brennd af sínu lífi.“

## Að standa með sínum karakter

Leikritið hefst stuttu eftir að Eistland öðlast sjálfstæði á tíunda áratug liðinnar aldar. Gömul kona, Aliide, finnur unga ókunna stúlku í garðinum sínum, illa til reika og á flóttu. Kona stúlkunnar neyðir Aliide til að horfast í augu við skelfilega hluti úr fortíð sinni, frá þeim tíma þegar kommúnistar hertóku landið. Þetta verk er ekkert léttmeti! Hvernig setur maður sig í spor persónu eins og Aliide?

**Margrét:** „Í fyrsta lagi verður maður alltaf að standa með sínum karakter. Réttlæta gerðir hans og skilja hann.“

**Vigdís:** „Einmitt, því allir hafa einhverjar forsendur fyrir gjörðum sínum, líka þeir sem gera slæma hluti.“

**Margrét:** „Það er svo auðvelt að dæma fólk. En hvað er þetta fólk búin að lifa við? Hvernig væri maður ef maður hefði verið í þessum sömu aðstæðum árum og áratugum saman?“

**Vigdís:** „Það finnst mér snilldin við þetta verk. Um leið og Aliide gerir ófyrirgefana hluti finnur maður til samkenndar með henni og skilnings. Hún er í vonlausri aðstöðu. Verkið tekur líka á því hvernig kúgun og þöggun, burtséð frá stríðinu, eitra samfélagið. Það er nokkuð sem við getum lært af í dag. Það er nauðsynlegt að ræða fortíðina til að geta haldið áfram. Hún hverfur ekkert með því að söpa henni undir teppi. Þá gerum við bara sömu mistökina aftur.“

## Að nýta sér neyð annarra

Eistar hafa upplifað að vera undir hæl bæði Þjóðverja og Rússa. Eftir að Rauði herinn hvarf á brott þaðan kom annar skaðvaldur, rússneska mafían, sem meðal annars hefur augðgast af því að selja eistneskar stúlkur í vændi. Sögur af slíkum stúlkum kynnti leikhópurinn sér, í undirbúningi fyrir hlutverk sín.

**Vigdís:** „Þetta verk og öll rannsóknarvinnan hafði mikil áhrif á okkur.“

**Margrét:** „Þetta kemur okkur öllum við. Það þýðir ekki að draga fyrir gluggann og hækka í sjónvarpinu þegar óþægilegir hlutir eru að gerast. Við erum meðsek, þótt við séum ekki þátttakendur. Að sýna fálæti og þykjast ekki sjá hluti fyrir framan þig, það er í rauninni glæpur.“

**Vigdís:** „Ef þessi sýning getur orðið örlítið lóð á vogarskálar þess að fólk hugsi sig tvisvar um, þegar kemur að hugmyndum þess um mansal og afleiðingar stríðs, þá verð ég glöð. Mér hefur til dæmis fundist með ólíkindum hvað hún er lífseig þessi myta um glöðu melluna. Það er búin að taka vændi niður á eitt-hvert kasjúalt plan. Það er bara eitthvað fundið grín að prófa að fá sér hóru. Þetta er ekkert grín. Þú ert að nýta þér neyð annarrar manneskju. Ef þú ert til í það, vertu þá meðvitaður um það!“

**Margrét:** „Það á ekki að vera neitt sport að kaupa sér aðgang að annarri manneskju.“

## Erfitt hlutverk í Eldfjalli

Margrét Helga leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmynd Rúnars Rúnarssonar, Eldfjalli. Þar leikur hún eiginkonu aðalsögupersónunnar, ellilífeyrisþegans Hannesar, sem er í mikilli tilvistarkreppu. Vigdís leikur eiginkonuna unga og sést á myndskeiðum og ljósmyndum sem eiga að túlka endurminningar Hannesar frá því þau hjónin voru ung og ástfangin.

**Vigdís:** „Kvikmyndaferill minn finnst mér alltaf svolítið myndinn. Ég lék Julie Christie unga í kvikmynd eftir Sally Potter, þegar ég var þriggja ára. Seinna var ég statisti fyrir Juliu Stiles fyrir A Little Trip to Heaven. Svo núna er ég á ljósmynd hjá Rúnari í Eldfjalli!“ segir Vigdís og hlær dátt.

„Ég spyr bara, hvað kemur næst?“

„Vigdís mín, góðir hlutir gerast hægt!“ segir Margrét og talar af reynslu. En þrátt fyrir áratugi í bransanum er hlutverk hennar í Eldfjalli eitt það erfiðasta sem hún hefur glímt við á ferlinum. „Ég hef alltaf brosað út í annað þegar ég hef lesið viðtöl við leikara úti í heimi, sem lifa sig svo inn í hlutverk sín að þeir þurfa helst að fara í þerapiu eftir myndir, þær hafi tekið svo á. En þetta er í eina skiptið sem ég var í smá tíma að jafna mig.“

## Aðdáendur úr fjarska

Leiðir þeirra Vigdísar og Margrétar hafa ekki legið saman áður á leiksviðinu sjálfu, þar sem Margrét hefur verið fastráðin hjá Leikfélagi Reykjavíkur og leikið á fjöllum Borgarleikhússins, á meðan Vigdís hefur verið í Þjóðleikhúsinu. Þær hafa þó fylgst með hvor annarri úr fjarska.

**Vigdís:** „Ég hef fylgst með Margréti með aðdáun úr fjarlægð í langan tíma en við höfum aldrei unnið saman áður. Ég man meira að segja eftir því hvenær ég sá Möggu fyrst. Það var í kvikmyndinni Kristnihaldi undir jökli, þar sem hún lék á móti afa mínum, Baldvini Halldórssyni. Það hefur verið mjög gefandi að vinna með Margréti og læra af henni.“

**Margrét:** „Baldvin kenndi mér líka í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins og ég vann stundum undir hans leikstjórn líka. En ég man fyrst eftir henni Vigdís þegar hún byrjaði sem

sætavísu í Borgarleikhúsinu. Og svo man ég næst eftir því hvað ég var heilluð að sjá hana leika með Nemendaleikhúsinu. Ég man sérstaklega eftir því að hún söng eins og engill.“

## Lent á vitlausum flugvelli

Margrét hefur verið fastráðin hjá Leikfélagi Reykjavíkur frá því árið 1972. Nú er fastráðningin hins vegar runnin út þar sem Margrét er komin yfir sjötugt. „Eins og útrunnið jógúrt og fæ að ráða mér sjálf,“ eins og hún lýsir því sjálf með stríðnislegu brosi á vör. Ef til vill er hún heppin að vera útrunnið, því það gerði henni kleift að taka að sér

hlutverkið í Þjóðleikhúsinu, þar sem hún hefur ekki stigið á svið í 40 ár. Það var því stór stund á fimmtudagskvöldið þegar Hreinsun var frumsýnd. „Fyrst þegar ég kom aftur fannst mér ég hafa lent á vitlausum flugvelli. Flestallir sem ég vann með eru horfnir, svo þetta var skrítið og svolítið erfitt. En mér fór fljótt að líða vel,“ segir Margrét. „Þjóðleikhúsið var mín vöggustofa. Pabbi var að vinna þarna, þarna fór ég fyrst í leikhús tíu ára gömul og þarna hófst minn leikferill.“

Margrét hefur ekki beinlínis lifað rólegu lífi ellilífeyrisþegans þetta árið. Þvert á móti hefur það verið eitt það við-

burðaríkasta á hennar ferli og hún hefur slegið í gegn í hverju hlutverkinu á fætur öðru – í leiksýningunum Fjölskyldunni og Gauragangi og í sjónvarpsþáttunum Heimsendi, auk Hreinsunar og Eldfjalls. „Já, þetta er stundum svona, safnast allt saman á sama tíma og ég kvarta ekki yfir því. En ætli það fari ekki að koma að því að ég taki frí. Ég náði nefnilega bara sex dögum í sumarfrí,“ segir Margrét. En höfum það á hreinu að hún er að tala um frí – ekki að setjast í helgast stein. Hún sér fyrir sér að halda áfram að leika, svo lengi sem hlutverkin bjóðast. „Ég ræð auðvitað engu um það, enda stjórna ég hvorki leikhúsunum né kvikmyndunum. En „stara út um gluggann líf“, það er ekki fyrir mig.“



Við erum meðsek, þótt við séum ekki þátttakendur.

ENN STÆRRI  
Meira af Maryland fyrir sama verð





Heimsækið  
Jólandið  
í Skútuvogi!

# RÝMUM FYRIR JÓLUM Í BLÓMAVALI

Pottaplöntur  
RÝMINGARSALA

**50%** AFSL.

Af öllum pottaplöntum  
nema jólastjörnu

Ráðgjöf í blómlaukum og pottaplöntum  
verður milli 13-16

Allir haustlaukar

RÝMINGARSALA

**40-50%** AFSL.

Meðan birgðir endast

Jólastjörnurnar  
komnar  
stórar og flottar

**1499** kr.



Pylsa eða pizza  
og kók

**199** kr.

Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.




Ís  
aðeins  
**99** kr.

**blómaval**  
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir  
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík





# Mario Balotelli er engum líkur

Framherjinn **Mario Balotelli** hagar sér eins og vanstilltur ítalskur sportbíll. Undarleg atvik utan vallar hafa einkennt ferilinn. **Sigurður Elvar Þórólfsson** skoðaði bakgrunn ítalska landsliðsmannsins sem stelar fyrrsögnunum í bresku blöðunum nær daglega.

**M**ario Balotelli er ráðgáta,“ sagði David Platt, aðstoðarþjálfari Manchester City, á dögum við fréttamenn. Líklega er það besta lýsingin á hinum 21 árs gamla ítalska framherja. Skapgerð hans og uppátæki minna reyndar á íslenska veðrið. Ef „Super Mario“ er á svæðinu, þá er engin lognmolla.

Það má til sanns vegar færa að Balotelli sé ráðgáta sem á eftir leysa. Meira að segja hinn „sérstaki“ José Mourinho gafst upp á því að reyna að ala Balotelli upp þegar þeir voru báðir hjá Inter á Ítalíu.

Balotelli hefur sýnt tilburði sem benda til þess að hann sé eins og vanstilltur ítalskur sportbíll. Hávaxið vöðvatröll sem hleypur hraðar en flestir aðrir, og skotfótur hans er ekki vanstilltur. Langt því frá. Balotelli hefur átt sviðið undanfarna mánuði, þó oftast vegna furðulegra atvika utan vallar.

Par má nefna að lenda í stórkostlegum vandræðum við að klæða sig í æfingavesti við upphitun, hann lét taka sig í „bólínu“ með iPad-lófátölvu á varamannabekknunum í landsleik gegn Færeyjum og nýverið kveikti hann í húsinu sínu með því að kveikja á flugeldum innandyrna. Nokkrum dögum síðar hófst auglýsingaherferð í

Manchester um örugga notkun á flugeldum og þar var Balotelli að sjálfsögðu helsti talsmaður herferðarinnar. Í stuttu máli sagt; algjört rugl.

Eflaust er það heitasta ósk forsvarsmanna Manchester City að Balotelli verði aðeins í heimsfréttum vegna afreka sinna á fótboltavellinum. „Super Mario“ gaf fyrirheit um slíkt með því að skora tvívegis í 6-1 sigri Man. City gegn Englandsmeistaraliði Manchester United á Old Trafford. Ungstirnir kann að koma boltanum í mark. Á því leikur enginn vafi. Óstöðugleikinn sem einkennir hann utan vallar hefur vakið þá spurningu hvort „Super Mario“ sé að að feta sömu slóð og þekktir kappar á borð við Paul Gascoigne, John Daly og Dennis Rodman. Svo einhverjir séu nefndir.

Þeir sem fjalla um ensku úrvalsdeildina í fótbolta eru án efa hæstánægðir með þá ákvörðun Man. City að kaupa Balotelli frá Inter á Ítalíu. Hann talar í fyrrisögnunum og það er alltaf eitthvað að fréttu af kappanum. Eigandi liðsins, Sheik Mansour, hefur eflaust ekki velt því fyrir sér að kaupverðið á Balotelli slagar hátt í verðmiðann á varðskipinu Þór, stolti íslensku Landhelgisgæslunnar. Þór var 4 ár í smíðum í Síle og kostar um 5 milljarða kr. Hinn tvítugi Balotelli var verðlagður á „aðeins“ 4 milljarða kr.

## Erfið æska og ósætti við fjölskylduna

Roberto Mancini, knattspyrnu- stjóri Man City, var ekki í vafa um að hann væri ekki að kaupa köttinn í sekknum. Mancini þekkti vel til Balotelli eftir samstarf þeirra hjá Inter. Og Mancini er ekki í vafa um að Balotelli eigi eftir að komast í hóp bestu leikmanna heims. Það þarf hins vegar að slípa demantinn aðeins betur til þess að koma honum á stall með Lionel Messi, Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney.

En hver er Mario Balotelli? Hann er fæddur í Palermo á Ítalíu sama ár og heimsmeistarakeppnin fór fram á Ítalíu, 1990. Foreldrar hans eru innflytjendur frá Gana og frumberska hans var ekki dans á rósum. Balotelli glímdi frá fæðingu við alvarleg veikindi í melt-ingarfærum. Hann fór í fjölmargar aðgerðir og Barwuaahs-hjónin frá Gana hans sáu sér ekki fært að sinna drengnum. Þegar hann var þriggja ára var hann ættleiddur af ítölsku hjónunum Francesco og Silviu Balotelli, millistéttarfólki með tvö börn – og eins og gefur að skilja eru þau hvít á hörund.

„Super Mario“ hefur lítið sem

ekkert samband við föður sinn eða móður. Hann er sjálfur á þeirri skoðun að blóðforeldrar hans hafi yfirgefið hann þegar hann glímdi við veikindin tveggja ára gamall.

„Ef ég væri ekki Mario Balotelli, þá hefðu þau ekki sýnt neinn áhuga á að hafa samband á ný,“ hefur fótboltamaðurinn látið hafa eftir sér.

Foreldrar hans eru með aðra útgáfu af viðskilnaðinum og þau leyna ekki vonbrigðum sínum. Frumburður þeirra veit varla aura sinna tal á meðan foreldrarnir lifa við kröpp kjör í verksmiðjubæ nyrst á Ítalíu. Balotelli vill ekkert með þau hafa.

Móðir hans hefur sagt að sonur hennar hafi breyst mikið. Hann hafi ávallt verið glaður, hlegið og brosið verið vörumerkið. Eitt er víst. Mario Balotelli er ekki mikil tilfinningavera á fótboltavellinum. Hann brosir ekki. Aldrei. Ekki einu sinni þegar hann skorar. Sem er mjög undarlegt. „Ég er alltaf glaður, líka þegar ég brosi ekki. Framherjar eiga að skora, það er vinnan mín og þess vegna brosi ég ekki,“ sagði Balotelli eftir leik þar sem hann skoraði þrennu fyrir Man. City gegn Aston Villa á síðustu leiktíð. Þá vitum við það.

## Mancini hefur tröllatru á Balotelli

Það var Roberto Mancini sem fékk Balotelli til Inter árið 2007. Balotelli hafði áður farið til reynslu hjá Barcelona á Spáni, sem hafði ekki áhuga á að semja við hann. Mancini fór síðan frá Mílanóborg og hinn eini sanni José Mourinho tók við Inter. Skömmu síðar fór allt til fjandans í samskiptum Balotellis og Mourinhos. Portúgalinn setti hann í bann í janúar 2009 eftir margvísleg agavandamál. Mourinho taldi að Balotelli væri latur.

Og strákurinn brást illa við gagnrýni. Hann kastaði m.a. keppnistreyju Inter í grasið eftir tapleik gegn Barcelona í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Hópur stuðningsmanna Inter gerði sig líklegan til þess að ráðast á Balotelli í kjölfarið. Það má segja að Balotelli hafi lokið keppni hjá Inter með því að mæta í AC Milan-treyju í sjónvarpsspjallþætti. Það eru ekki margir sem láta sér detta svona lagað í hug. Aðeins „snillingar“ á borð við Balotelli framkvæma slíkt.

Eins og áður segir bíða forsvarsmenn Man. City eftir því að aðeins afrek Balotellis á fótboltavellinum verði fréttæfni. Aðeins tíminn mun leiða í ljós hvort sú ósk rættist. Man. City er á toppi ensku úrvalsdeildinnar og næsta verkefni hjá Balotelli er í dag gegn Úlfunum. Hvað gerist veit enginn en spennandi verður það.

## MARIO BALOTELLI

Fæddur 12. ágúst 1990 í Palermo á Ítalíu

**Hæð:** 1,88 m.  
**Leikstaða:** Framherji.

**Ferill:**  
2001-2005 Lumezzane, unglingslið  
2005-2007 Lumezzane  
2 leikir – 0 mörk  
2007-2010 Inter  
59 leikir – 20 mörk  
2010- ? Manchester City  
22 leikir – 11 mörk

**Landsliðsferill með Ítalíu:**  
2008-2010 U21 / 16 leikir – 6 mörk  
2010 - A-landslið  
5 leikir – 0 mörk

**Víkulaun:** 18 milljónir kr.  
**Árslau:** 940 milljónir kr.

## „Af því ég er ríkur“

Hinn 5. september í fyrra klesukeyrði Balotelli Audi-glæsibífið sína. Lögreglan var kölluð á svæðið og samkvæmt starfsvenjum var ástandið á bílstjóranum kannað. Í rassvasa framherjans fann lögreglan 5.000 pund í seðlum eða rétt tæplega eina milljón íslenskra króna Þegar Balotelli var inntur eftir því af lögreglunni af hverju hann væri með hnausþykkt seðlabúnt í rassvasanum, var svarið einfalt. „Af því ég er ríkur.“

## Í kvennafangelsi

Balotelli er enn sem komið er ekki skilgreindur sem „góðkunningi lögreglunnar“. Sem betur fer. Hins vegar var landsliðsmaðurinn staðinn að verki í október á síðasta ári í Brescia á Ítalíu. Þar keyrði hann ásamt bróður sínum í gegnum hlið á kvennafangelsi. Að sjálfsögðu án leyfis. Hann var yfirheyrður á staðnum og sagði Balotelli forvitnina hafa tekið völdin. „Super Mario“ hafði aldrei séð kvennafangelsi og hann gekk bara í það verk af miklum vilja.

## Pílukastið

Pílukast er vinsælt á Bretlandseyjum og Balotelli er alveg með það á hreinu. Hann fór aðeins yfir strikið í æfingum sínum þegar hann kastaði graníthörðum og egghvössum pílum í leikmann unglingsliðs Man City í lok mars á þessu ári. Balotelli var með útskýringar á reiðum höndum. Honum leiddist. Skömmu áður hafði Balotelli fengið 36 milljóna kr. sekt frá Man City þar sem hann hafði fengið rautt spjald í 16-liða úrslitum Evrópu-deildarinnar gegn Dynamo Kiev. Balotelli fékk 18 milljóna króna sekt fyrir pílukastið.

## ■ HVÆÐ SEGJA SPEKINGARNIR?

### Maðurinn er snillingur

Guðmundur Benediktsson, umsjónarmaður Sunnudagsmessunnar

Hæfileikar hans á vellinum eru ótvíræðir en einnig er alveg á hreinu að hann er ekki allra. Mancini virðist ná því besta úr honum á meðan Mourinho og hann virtust ekki alltaf vera að spila sama sönginn hjá Inter,“ segir Guðmundur Benediktsson, íþróttafréttamaður á Stöð 2 sport, þegar hann var inntur eftir skoðun sinni á „Super Mario“. „Ef hann heldur áfram að þróast sem knattspyrnumaður og „atvikunum“ utan vallar fækkar er ég sannfærður um að við munum tala um Balotelli sem einn besta framherja Evrópu á næstu árum. Gleymum því ekki að strákurinn er aðeins 21 árs og á sín bestu ár eftir ef allt verður eðlilegt. Það er alveg ljóst að heimur íþróttafréttamanna yrði fátækari án hans í boltanum, Balotelli talar í fyrrisögnunum.

### Getur ekkert án Mancini

Hjörvar Hafliðason, sérfræðingur í Sunnudagsmessunni

Balotelli er fljótur, með góða tækni og afburða spyrnumaður. Hann þrífst best með annan mann frammi með sér eins og við sáum á sunnudaginn. En hans helsta vandamál er auðvitað hann sjálfur. Þrátt fyrir að vera orðinn 21 árs gamall hefur hann aðeins leikið fimm landsleiki og hefur í raun hvergi getað verið nema Mancini haldi í höndina á honum. Undir það síðasta hjá Mourinho var Portúgalinn búinn að fá sig fullsaddan af Balotelli og til að mynda fékk „Super Mario“ ekki að spila sekúndu í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í fyrra með Inter.







# TAX-FREE HELGI



## AF ÖLLUM VÖRUM



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM VÖRUM!




LAUGARDAG 29/10 og SUNNUDAG 30/10

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500  
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30



Daim kókusneið  
Verð 195,-







**ÞJÓÐFRÆÐINGUR** Fyrri bók sína, Orðabelgur Ormars ofurmennis, skrifaði Bryndís ásamt vinkonu sinni árið 1997 þegar þær voru aðeins fimmtán ára að aldri. Í millitíðinni hefur hún mestmegnis svalað skrifabörfinni með ritun fræðigreina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flugan hefur sjónarhorn barnsins

**Bryndís Björgvinsdóttir** þjóðfræðingur lítur ekki á sig sem rithöfund en hlaut þó Íslensku barnabókaverðlaunin í ár fyrir bók sína Flugan sem stöðvaði stríðið. Hún sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá sögunni, sem á rætur sínar að rekja til þekktra orðatiltækja.

**M**ér finnst eins og þessi saga hafi alltaf verið til. Hún er svo sjálf-sögð. Það eina sem þurfti var að koma henni niður á blað," segir Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur, sem fyrir skömmu hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bók sína Flugan sem stöðvaði stríðið.

Þetta er önnur bók Bryndísar en sú fyrsta, Orðabelgur Ormars ofurmennis, sem hún skrifaði ásamt Auði Magnðísi Leiknisdóttur vinkonu sinni, kom út árið 1997 þegar þær stóllur voru einungis fimmtán ára gamlar.

## Gerir upp vanlíðan

Í stuttu máli fjallar Flugan sem stöðvaði stríðið um húsflugur sem yfirgefa heimkynni sín í leit að friðsælla og fluguvænlegra lífi meðal góðra munda í Nepal. Á ferðalaginu drepa þær niður fæti í hinni ímynduðu borg Assambad, þar sem stríð hefur staðið yfir árum saman. Flugurnar skilja lítið í þeirri árátta mannfólksins að vera vont hvert við annað og taka því til sinna ráða.

*Flugurnar í bókinni ferðast til Nepal og hin ímyndaða borg Assambad er byggð á Kabúl, höfuðborg Afganistans. Hefðu persónulega reynslu af þessum slóðum?*

„Ég hef komið til Nepal en aldrei til Afganistans. Ég hef því ekki reynt þessar hörmungar á eigin skinni, en eins og margir aðrir hef ég áhuga á landinu og þeim sorglegu atburðum sem þar hafa gerst. Líklega vildi ég gera upp vanlíðan mína vegna þessa stríðs og langaði því að skrifa um það. Hins vegar efaðist ég um rétt minn til þess því ég er alls enginn sérfræðingur um þessi mál. Þess vegna ákvað ég að búa til nýtt land fyrir söguna en las mér vel til um Kabúl, skoðaði myndir og notaði þær upplýsingar í sögunni. Áin sem rennur í gegnum borgina, haugur af strætisvögnum sem tæmdir hafa verið af olíu til að nýta í stríðsrekstur, appelsínugult landslagið og

fleira, allt þetta má finna í Kabúl. Samtímis vildi ég búa til borg sem gæti verið samnefni fyrir alla staði þar sem slíkar hörmungar eiga sér stað. Ég vona að Assambad sé sannfærandi söguvið.“

## Sjónarhorn flugunnar og barnsins

*Hvernig fæddist sú hugmynd að hafa húsflugur í aðalhlutverkum og semja barnasögu með stríð í forgrunni?*

„Mörgum þykir það sérstakt og vissulega er þetta óvenjuleg nálgun. Ætli hugmyndin hafi ekki kviknað út frá öllum þessum orðteltækjum sem allir þekkja. Að gera ekki flugu mein, vera fluga á vegg og svo framvegis. Flugurnar eru þær verur sem búa næst okkur mannfólkinu en flest okkar pæla afar lítið í þeim. Við sjáum flugurnar en ekki kyn þeirra, hugsanir og áform. Í okkar augum eru þær bara að fljúga, skrifa eða éta. Á sama hátt sjá flugurnar bara gjörðir okkar en ekki pólitík, kynþætti eða trúarbrögð. Þess vegna finnst flugunum í bókinni svo óskiljanlegt að mannfólkið valdi sjálfu sér skaða. Rétt eins og þegar ég var lítil og botnaði ekki í því hvers vegna börn voru skotin í Palestínu. Þegar við eldumst getum við sett þessa hluti í samhengi, en vitum samt að ekkert réttlætir þá. Flugurnar í bókinni hafa því sjónarhorn barnsins. Einungis þannig fannst mér ég geta skrifað um stríð, því ég taldi það sjónarhorn geta veitt okkur einfaldari sýn á mannfólkið. Ég gat ekki skrifað nákvæmar lýsingar á stríði fyrir börn, en ég vildi heldur alls ekki fegra stríð á nokkurn hátt. Mín ósk er að þau börn sem lesa bókina átta sig á gildi þess að bera virðingu fyrir lífinu og þeim sem eru minni máttar á einhvern hátt.“

## Lít ekki á mig sem rithöfund

Aðspurð segist Bryndís fyrst hafa fengið hugmyndina að Flugunni sem stöðvaði stríðið fyrir fimm árum. Tvö ár hafi farið í að melta hugmyndina og punkta hjá sér atriði, en sjálfar

skriftirnar hafi hún framkvæmt í nokkrum góðum rispum samhliða því að ljúka námi og sinna öðrum störfum. Hvert einasta smáatriði í sögunni sé því þaulhugsað, ekki síður en það veigamesta: hvernig lítil fluga fer að því að stöðva heilt stríð.

*Sumir barnabókahöfundar veigra sér við að hafa boðskap í sögu sínum. Það hefur bersýnilega ekki truflað þig?*

„Nei. Í raun lít ég ekki á mig sem rithöfund. Í það minnsta ekki af því tagi sem vaknar klukkan átta á morgnana, fær sér jógi og byrjar að skrifa. Kannski er stærsta ögrunin sem ég stend frammi fyrir að finna hjá mér sjálfstraust og trú á því að ég get gert eitthvað þessu líkt. Stundum er ég spurð að því um hvað ég ætli að skrifa næst eða hvernig nútími rithöfundarins sé, en ég á erfitt með að svara slíkum spurningum því ég hef ekki hugmynd um hvað ég vil gera næst. Ég veit bara að mér finnst gaman að fást við hluti sem ég álit mikilvæga. Helst vona ég að Flugan sem stöðvaði stríðið sé myndin og áhugaverð saga. Það er nauðsynlegt að hún sé skemmtileg svo krakkarnir nenni hreinlega að lesa hana.“

*Þú lítur ekki á þig sem rithöfund en samt fékkstu gefna út bók eftir þig aðeins fimmtán ára gömul og enn í grunnskóla. Hvernig kom það til?*

„Ég kem alls ekki úr sérstakri menningarfræðisögu og var aldrei beinlínis hvött til að leggja listir af nokkru tagi fyrir mig. En í grunnskóla hékk ég inni á bókasafni í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði í öllum frímínútum og las og las og las. Eitt árið fékk ég meira að segja jólakort frá bókasafnsverðinum þar sem hann þakkaði mér fyrir allt gamalt og gott á árinu sem var að líða. Fyrri bókin, Orðabelgur Ormars ofurmennis, varð til þannig að foreldrar mínir fóru til útlanda og ég gisti hjá Auði Magnðísi Leiknisdóttur, vinkonu minni, í tvær vikur. Eina nóttina þar dreyndi mig að ég hefði unnið til verðlauna fyrir barna-



Í raun lít ég ekki á mig sem rithöfund. Í það minnsta ekki af því tagi sem vaknar klukkan átta á morgnana, fær sér jógi og byrjar að skrifa.

bók. Þegar ég vaknaði sagði ég strax við Auði: „Skrifum bók og fáum verðlaun!“ Það gekk alveg ótrúlega hratt og vel fyrir sig og áður en við vissum af var bókinn kominn út. Við vorum svo ungar og óhræddar og bókin fékk rosalega góðar viðtökur. Þegar ég fer út á lífið í dag, kannski á Kaffibarinn eða á móta staði, hitti ég stundum fólk sem segir mér að Orðabelgur Ormars ofurmennis sé uppáhaldsbókin þess. Ég hef mjög gaman af því.“

## Svalar þörfinni með fræðigreinum

Eftir Víðistaðaskóla lá leið Bryndísar í Menntaskólann við Hamrahlíð og þaðan í Háskóla Íslands, þar sem hún lauk BA-námi í sagnfræði. Mastersnám í þjóðfræði stundaði hún bæði við HÍ og Berkeley-háskólann í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Aðspurð segist Bryndís alla tíð hafa haft þörf fyrir skrifa.

*Hefur þér tekist að svala þörfinni fyrir ritstörfin að einhverju leyti með skrifum á fræðigreinum og ritgerðum?*

„Leiðbeinendurnir mínir í gegnum tíðina hafa haft á orði að fræðigreinar mínar séu oft alveg á mörkunum að vera fræðilegar, því ég hef verið mikið fyrir að koma fyrir í þeim bröndurum og heimspekilegum pælingum. En kannski er það einmitt sú tilhneiging sem gerir það að verkum að fólk hefur gaman af að lesa þær.“

*Hvernig er starf þjóðfræðingsins í stuttu máli?*

„Ég hef til að mynda verið að kenna þjóðfræði, menningarfræði og fleira í Háskólanum og Listaháskólanum, auk þess að skrifa fræðigreinar. Eitt af því sem ég hef rannsakað er það sem við köllum þjóðfræði samtímans, sögur og annað efni sem gengur munnlega milli fólks. Í dag eru þetta flökku-sögur, kjafasögur og brandarar, en var í gamla daga kallað þjóðsögur. Ég hef unnið að uppsetningu gagnagrunns slíkra sagna síðasta áratuginn á Íslandi, sem verður vonandi hægt að nýta í þeim tilgangi að skilja samfélagsástandið, og okkur sjálf, betur.“



# FRYSTIKISTUR

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ



## ALLAR STÆRÐIR – ALLAR GERÐIR

Whirlpool frysti-kistur	Lítrar nettó	Hæð í sm	Breidd í sm	Dýpt í sm	Körfur	Ljós	Frystig. 24 klst.	Orkufl.	FRÁBÆR TILBOÐ
AFG610MB	103	85	53	58	1	Nei	7,5 kg	B	<b>Kr. 49.995</b> VERÐ ÁÐUR 64.995
AFG6142B	138	88,5	57	67	1	Nei	11 kg	B	<b>Kr. 59.995</b> VERÐ ÁÐUR 69.995
WH1000	103	86	52,7	56,9	1	Nei	7,5 kg	A	<b>Kr. 62.995</b> VERÐ ÁÐUR 69.995
AFG6262B	258	89	95	66	1	Já	18 kg	B	<b>Kr. 69.995</b> VERÐ ÁÐUR 84.995
WH2000	212	86,5	80,6	64,8	1	Nei	14 kg	A	<b>Kr. 74.995</b> VERÐ ÁÐUR 79.995
AFG6323B	320	89	112	66	1	Nei	24 kg	B	<b>Kr. 79.995</b> VERÐ ÁÐUR 94.995
WH2500	258	88,1	95	64,2	1	Já	17 kg	A	<b>Kr. 84.995</b> VERÐ ÁÐUR 94.995
WH3200	320	88,1	112	64,2	3	Já	18 kg	A	<b>Kr. 97.995</b> VERÐ ÁÐUR 104.995
WH4000	400	88,1	134,5	64,2	5	Já	23 kg	A	<b>Kr. 114.995</b> VERÐ ÁÐUR 124.995
WH5000	503	88,1	162	64,2	5	Já	23 kg	A	<b>Kr. 124.995</b> VERÐ ÁÐUR 134.995

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ



**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT





**TÖFRAFLAUTAN** „Það kemur væntanlega til með að taka okkur þrjár til fjórar uppsetningar að læra til fulls á sviðið og kynnst kostum þess og göllum til hlítar. Það er fullkomlega eðlilegt í svona nýjum kringumstæðum,” segir Stefán Baldursson óperustjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Breyttar aðstæður Óperunnar

Íslenska óperan frumsýndi Töfraflautuna, sína fyrstu uppfærslu í Hörpu, um síðustu helgi. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við óperustjórann **Stefán Baldursson** um kosti og galla flutninganna úr Gamla bíói og rekstrarhlíðina sem lítur öðruvísi út.

**F**yrsta sýningin gekk ótrúlega vel og mér heyrst almenn ánægja ríkja með hana. Meðal annarra voru hér nokkrir blaðamenn frá stærstu enskumælandi óperutímaritunum á borð við Opera Magazine og Opera Now og þeir voru mjög ánægðir. Einn sagði að uppfærslan væri stórkostleg og annar tjáði okkur að þetta væri ein besta Töfraflautusýning sem hann hefði orðið vitni að. Þetta lýsir vel andanum sem við finnum fyrir í kringum okkur,” segir Stefán Baldursson, óperustjóri Íslensku óperunnar, sem frumsýndi Töfraflautuna eftir W.A. Mozart í Eldborgarsal Hörpu um síðustu helgi. Sýningin er sú fyrsta sem Íslenska óperan setur upp í Hörpu, en hún hefur haft aðsetur sitt í Gamla bíói frá árinu 1982.

## Allt aðrar aðstæður

Aðspurður segir Stefán, sem hefur starfað sem óperustjóri síðan 2007, vissulega viðamiklar breytingar fólgnar í flutningi Óperunnar í Hörpu.

„Aðstæður eru allt aðrar, til dæmis varðandi það hversu knappan tíma við höfðum því það er svo mikið um að vera í þessum stóra Eldborgarsal. Við komumst ekki inn í hann nema síðustu tíu dagana til að koma sýningunni í sviðsform, undirbúa lýsingu og slíkt, en áður höfðum við æft í litlum æfingasal í Hörpu í fimm vikur. Auðvitað er það þannig að enginn veit fyrr en á reynir hvernig hlutirnir ganga upp. Menn eru að

þreifa sig áfram og kanna alla möguleika. Mesti léttirinn fyrir okkur var líklega að uppgötva hversu rosalega góður hljómburðurinn er í salnum, ekki bara á tónleikum eins og sýnt sig hefur hjá Sinfóníunni síðan í vor, heldur líka fyrir óperuflutning. Svo góðan hljómburð hefðum við aldrei getað fengið í Gamla bíói,” segir Stefán.

## Vandamál sem hægt er að leysa

Stefán dregur ekki dul á að heilmikil áskorun felist í að setja upp óperu á sviði sem er í raun ekki leiksvið, heldur fremur hugsað sem umgjörð fyrir hljómsveit og tónleika.

„Þess vegna kom það mörgum frumsýningargestum á óvart hversu mikið leikhús þetta er, hversu margt er hægt að gera með sviðsmynd, búningum og frábærri lýsingu. Afar vel hefur tekist til með þessa sjónrænu þætti og það gefur okkur byr í seglin varðandi framhaldið. Þegar svo vel tekst til í fyrsta sinn uppgötvar fólk að hægt er að gera allt mögulegt þrátt fyrir ýmsa annmarka á á sviðsbúnaði og tækni. Það kemur væntanlega til með að taka okkur þrjár til fjórar uppsetningar að læra til fulls á sviðið og kynnst kostum þess og göllum til hlítar. Það er fullkomlega eðlilegt í svona nýjum kringumstæðum.“

Óperustjórinn segir þó alla aðstöðu, meðal annars fyrir áhorfendur og starfsfólk utan sviðs, mun betri í Hörpu en áður hefur verið. „Takmarkanir einskorðast við sjálfar sviðsetningarnar. Sviðið í Eldborgarsalnum er ekki eiginlegt leiksvið með hliðarsviði og



**ÓPERUSTJÓRI** „Flestar forsendur til að setja óperu á svið hafa breyst til hins betra,” segir Stefán Baldursson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tækniþúnaði sem gerir kleift að hífa upp í loft, sökkva niður úr gólfi og þar fram eftir götunum. En þetta eru vandamál sem hægt er að lifa með og leysa á hugvitsamlegan hátt í hverri nýrri uppfærslu, svo vel megi við una.“

## Mun fleiri áhorfendur

Rekstrar- og fjármálahlíðarnar á uppfærslum Óperunnar taka stakkaskiptum

við flutninginn í Hörpu, að sögn Stefáns. Í Gamla bíói eru sæti fyrir tæplega 500 en í Hörpu komast rúmlega 1.400 áhorfendur á hverja sýningu.

„Hvað reksturinn varðar erum við mun betur sett nú,” segir Stefán. „Þótt hvert einasta sæti væri skipað í Gamla bíói, eins og mjög oft gerðist, urðum við samt að borga með sýningarkvöldunum því óperuuppfærslur eru afar fjölmennar. Yfirleitt tóku á annað hundrað manns þátt í sýningunum, stórhljómsveitir, stórir kórar og einsöngvarar svo fátt sé nefnt. Í rauninni bjuggum við við fjarstæðukenndar aðstæður í Gamla bíói. Þótt stofnkostnaður við óperuuppfærslur sé alltaf mikill, og aukist frekar en hitt í svona stóru húsi, eigum við nú möguleika á að koma út á sléttu á sjálfum sýningarkvöldunum eða jafnvel skila tekjum.“

## Jafnvel bætt við aukasýningum

Fljótlega seldist upp á þær sex sýningar á Töfraflautunni sem fyrirhugaðar voru og því var ákveðið að bæta við tveimur sýningum til viðbótar. Örfá sæti eru laus á aukasýningarnar og þarf því að fara rúman áratug aftur í tímann til að finna viðlíka aðsókn að íslenskrri óperuuppfærslu. Stefán segir jafnvel koma til greina að bæta við fleiri sýningarkvöldum til að anna eftirspurninni.

„Flestar forsendur til að setja óperu á svið hafa breyst til hins betra og við vonum að það verði til þess að almenningur sækir óperusýningar í meira mæli en verið hefur undanfarin ár,” segir Stefán.

## ■ ÁLIT FRUMSÝNINGARGESTA

### Mjög góð sýning miðað við aðstæður

Bergþór Pálsson barítónsöngvari



**M**ér fannst þetta dásamlegt,” segir barítónsöngvarinn Bergþór Pálsson, sem var á frumsýningu Töfraflautunnar í Hörpu. „Söngvararnir eru mjög jafnir, hljómsveitin mjög samtaka og flott og útlitið fallegt. Í heildina þótti mér sýningin mjög góð miðað við aðstæður.“

Bergþór segir að vissulega væri gaman ef óperuuppfærslur gætu farið fram í leikhúsi fremur en tónleikahúsi eins og Hörpu. „En þetta var vitað fyrir fram og ég lét það ekki fara í taugarnar á mér. Ég reyni yfirleitt alltaf að fara með jákvæðu hugarfari á sýningar og mér fannst Óperan leysa ýmis vandamál ótrúlega vel, sérstaklega með lýsingu. Þegar allt kemur til alls þarf í raun ekkert nema góða söngvara, því það er vel hægt að láta ímyndunaraflíð leika lausum hala. Mestu máli skiptir að það sé fólk á sviðinu sem maður trúir. Umgjörðin er ekki alltaf númer eitt,” segir Bergþór.

### Fannst vanta alla spennu í uppfærsluna

Sigurður Björnsson óperusöngvari



**M**ér fannst vanta alla spennu í þessa uppfærslu á Töfraflautunni og í raun skorti sýninguna ýmislegt sem þrýða á óperusýningu. Þetta staðfesti það sem ég óttaðist, að ekki er hægt að flytja óperu í Hörpu svo vel sé,” segir Sigurður Björnsson, óperusöngvari og fyrrverandi framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem telst til að hafa sungið Töfraflautuna um 150 sinnum í uppfærslum hér á landi, í Þýskalandi og Austurríki á nærri sex áratuga ferli sem söngvari. Sigurður segir mikið unnið með lýsingu í sýningunni, en veltir fyrir sér hvort framtíðin sé sú að allar óperusýningar hér á landi byggja mikið til á ljósum. „Það var ýmislegt sem kom einkennilega fyrir sjónir og einnig fyrir eyra. Í Eldborgarsalinn vantar baksvið og hliðarsvið, eins og er í öllum stærri og minni óperuhúsum erlendis, þar sem hægt er að athafna sig. Ég hef sagt það áður að Þjóðleikhúsið er eina húsið hér á landi þar sem hægt er að flytja óperu,” segir Sigurður.





# RITZ-SKRIFTIR

Uppskriftasamkeppni Gestgjafans og Ritz

Ritz og Gestgjafinn efna nú til uppskriftarsamkeppni og leita að bestu „Ritz-skriftinni“. Með „Ritz-skrift“ er átt við mataruppskrift sem annað hvort inniheldur Ritz eða er borin fram með Ritz kexi. Innsendar uppskriftir þurfa ekki að innihalda nákvæmt magn innihaldsefna, þ.e. nóg er að telja upp t.d. túnfiskur, kotasæla, agúrka, rauðlaukur, graslaukur, salt og pipar. Nánar á [www.ritz.is](http://www.ritz.is).

Taktu þátt fyrir 11. nóvember.

Þú gætir unnið!  
30.000 kr. gjafakort,  
Brunch á Vox, áskrift  
að Gestgjafanum og  
gjafakörfur!



Í samvinnu við  
**Gestgjafinn**



# Með lopa skal land byggja

Hin **rammíslenska lopapeysa** hefur fyrir löngu unnið sér sess í hugum og hjörtum landsmanna. *Kjartan Guðmundsson og Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* ræddu við nokkra sem komist hafa yfir sérþrjónaðar peysur með óhefðbundnum mynstrum.

## Gersemi sem ég klæðist bara á tyllidögum



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þessi peysa er algjör gersemi," segir **Úlfur Grönvold**, myndlistarmaður og leikmyndahönnuður hjá RÚV, um lopapeysu með merki Ríkisútvarpsins sem móðir hans, Hjördís Guðbjörnsdóttir (sú sama og þrjónaði KR-lopapeysu Þormóds sem sést hér á síðunni) þrjónaði á hann.

Gott ef þetta var ekki hugmynd mömmu. Hún hefur yndi af því að þrjóna peysur á alla fjölskylduna. En ég hef unnið hjá RÚV af og til í ein tuttugu ár og hætti því varla úr þessu. Ekki eftir að hafa látið sjá mig í þessari peysu," segir Úlfur og hlær. „Þetta er samt sparipeysa og ég klæðist henni eingöngu á tyllidögum, þegar RÚV á afmæli og slíkt. Eg tími ekki að spandera svona fínni peysu í smíðavinnu og annað róterí.“

## Góð leið til að kynnst fólki



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Thelma Björk Jónsdóttir** fatahönnuður, sem hefur vakið athygli fyrir hönnun á höttum og höfuðskarti, flutti til Seyðisfjarðar nú í sumar. „Mig langaði svo í fallega íslenska lopapeysu. Á Seyðisfirði býr kona sem heitir Bjarney og ég heimsótti hana með hugmynd að peysu. Þá var ég ólétt af Skorra Ísleifi (sem er á myndinni með mömmu sinni), þurfti að halda hita á öllum líkam-anum og úr varð þessi síða peysa. Mér þótti það skemmtileg þæling að skella stóru T-i framan á þar sem ég var nýflutt til bæjarins og enginn þekkti mig. Þetta er mjög góð leið til að kynnst fólki," segir Thelma.

## Sannur Hafnfirðingur



**Logi Karlsson**, sem stundar doktorsnám í markaðsfræðum í Ástralíu og er jafnframt markaðsstjóri Arctic Adventures, er bróðir Úlfs Grönvold, eiganda RÚV-lopapeysunnar. Bræðurnir eru sannir Hafnfirðingar og lagði Logi því hart að Hjördísi móður sinni að þrjóna á sig peysu með vitanum víðfræga, skjaldarmerki bæjarins.

Þetta er fyrsta óvenjulega peysan sem mamma var beðin um að gera," segir Logi. „Það kom henni dálítið á óvart þegar sonurinn tók sig til og gerði nokkuð vel útfærða teikningu af draumamynstrinu. Hver vill ekki láta bæjarmerki fallegasta bæjarfélags landsins ylja sér um hjartarætur á köldum vetrardegi?“

## Aðdáandi Space Invaders frá blautu barnsbeini



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta er ein af þeim flíkum sem mér þykir vænst um. Bæði vegna þess að hún er svo flott og líka vegna tilfinningagildisins," segir **Oddur Snær Magnússon** tölvuleikjaforritari, sem iðulega skartar forlátu lopapeysu með myndum úr Space Invaders-tölvuleiknum sem naut gríðarlegra vinsælda á níunda áratug síðustu aldar. „Ég hef verið aðdáandi þessa tölvuleiks frá blautu barnsbeini. Ég hef meira að segja farið í peysunni út á lífið og hún vekur hvarvetna húrrandi lukku.“

Peysan er með þeim fyrstu sem systir Odds, Margrét Gauja, gerði þegar hún fékk þrjónadellu fyrir um tveimur árum. „Ég fékk mér líka húðflúr með sömu figúrum fyrir nokkrum árum og er tölvuleikjaforritari, svo þetta er mér mjög kært," segir Oddur Snær.

## Gekk stoltur um í KR-peysunni í sumar



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég er nú svolítið tengdur þessu félagi," segir **Þormóður Egilsson**, íþróttakennari í Hagaskóla, um ástæður þess að hann gengur um göturnar í lopapeysu alskreyttri merki Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Þormóður var fyrirliði KR í áraraðir og vann fjölda bikara fyrir KR á sínum leikferli. „Tengdamamma mín, Hjördís Guðbjörnsdóttir, þrjónaði þessa einstöku peysu á mig og gaf mér hana í afmælisgjöf í sumar. Það er gaman að eiga svona grip. Ég átti mjög auðvelt með að ganga um í þessari peysu í sumar, enda gekk svo vel hjá KR. Það verður áfram auðvelt, það er alveg potþétt!“

SÆLLA ER AÐ  
GEFA  
EN ÞIGGJA

Sérblað um fyrirtækjagjafir kemur út þann 9. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10  
ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR  
TÍMANLEGA:

ÍVAR ÖRN HANSEN  
S: 512 5429, GSM: 615 4349  
ivarorn@365.is



# heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI]

október 2011



## NOTAÐ & NÝTT

Áhugi á notuðum húsgögnum hefur aukist eftir hrun og nú er aftur rúm fyrir verslunarrekstur sem lagði upp laupana í góð-ærinu.

## HEIÐUR

Torgið við tónlistarhúsið Hörpu hlaut norræn arkitektaverðlaun í vikunni, en það þykir besta almenningsrýmið á Norður-löndum.

SÍÐA 4



MÓDERN  
Hönnun 1-7 301 4000 / Sími 524 7777 / www.moder.is



## HVÍT HÁTÍÐ

Norrænn borðbúnaður úr ýmsum áttum á einu borði

BLS. 2

# BLOMBERG AFSLÁTTARDAGAR

Þvottavélar, ofnar, kælikápar, uppvottavélar og fleira ...



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)

**15%**  
afsláttur

**Blomberg**



UNDIR SÓLINNI...




● **Á FERÐ OG FLUGI** Íslensk hönnun er á meðal nýrra haustvara bandaríska framleiðslufyrirtækisins Fred and friends. Vörurnar voru kynntar á Facebook-síðu fyrirtækisins í sumar og komu á markað nú í haust erlendis en von er á hurðarstopparnum í verslanir hér á landi fyrir jól.

Hurðastopparinn Last Stop er eftir grafíska hönnuðinn og vöruhönnuðinn Isak Winther og dregur form sitt af pappírsskutlu. Isak segir hugmyndina hafa sprottið út frá þeirri tilhneigingu pappírsskutlna að lenda undir hurð þegar þeim er kastað. Nánar má forvitnast um hönnun Isaks á [www.magneat.com](http://www.magneat.com) og [www.behance.net/winther](http://www.behance.net/winther).

● **ENDURSPUGLA SÖGU POSTULÍNSGERÐAR**

Hönnuðurinn Hrafnkell Birgisson hefur undirskálina til vegs og virðingar í línunni Hoch die Teller. Þar endurheimtir Hrafnkell undirskálar úr postulíni frá evrópskum flóamörkuðum og blandar saman við gler svo úr verða skemmtilegir vasar með sögu. Sjá [birkiland.is](http://birkiland.is).



● **ÖÐRUVÍSI VASI** Nótt eina í desember árið 1945 henti Frank Hayostek flöskuskeyti í sjóinn. Það rak á fjörur írskrar mjaltakonu að nafni Bredu O'Sullivan sem svaraði Hayostek um hæl. Þetta varð upphaf sjö ára bréfaskrifta milli þeirra Hayostek og O'Sullivan áður en þau hittust loks í eigin persónu heilum sjö árum síðar. Þar með er ekki öll sagan sögð því hún varð síðan kveikjan að nýjasta útpili Bility, blómavasanum Flöskuskeyti. Vasinn er samansettur úr flötum pakkningum sem raðað er saman utan um tóma glerflösku. Hönnuður er Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir. Oddi framleiðir alla vöruna, vasa og pakkningar. Fæst í Epal, Minju, Mýrinni, Kraumi og víðar.



● **Forsíðumynd:** Valgarð Gíslason **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjóri:** Vera Einarsdóttir [vera@frettabladid.is](mailto:vera@frettabladid.is) **Auglýsingar:** Ívar Örn Hansen s. 512 5429 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason [sfa@frettabladid.is](mailto:sfa@frettabladid.is).

**Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!!**

**Eitt verð - niðurlagið kr. 6.390 m<sup>2</sup>**

**Verðdæmi:**

70 fermetra stigahús með 8 íbúðum  
Heildarverð kr. 447.300  
Endurg. VSK og meðal skattaafsl. (70.995)  
Raunverð kr. 376.305  
**pr. íbúð aðeins 47.038**



**Komum á staðinn með prufur og mælum, ykkur að kostnaðar lausu**

**ALFABORG**  
Skútuvoði 6 - Sími 568 6755



Útgangspunktur Ólafar Jakobínu Ernudóttur var norrænn borðbúnaður og valdi hún að takmarka sig við hvítan lit með bláu ívafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Borð minninganna

● Hvít jól er yfirskrift jólasýningar sem var opnuð í Hönnunarsafni Íslands í gær. Þar gefur að líta fjölbreyttan norrænan borðbúnað og stóla. Hvíti liturinn er allsráðandi með bláu ívafi.

„Við höfum leitað fanga á heimilum fólks og víðar og sett saman á eitt langborð, gamalt í bland við nýtt, stál í bland við silfur, kristal í bland við gler og kunnuglega hluti í bland við framandi,“ segir hönnuðurinn og sýningarstjórinn Ólöf Jakobína Ernudóttir.

„Þegar mér var falið þetta verkefni ákvað ég að einskorða mig við hvítan borðbúnað þótt sumt sé með bláu ívafi,“ segir Ólöf og nefnir postulínsstell með blárrí

skreytingu frá Royal Copenhagen sem hefur verið algengt jóla- og sparistell á norrænum heimilum um langt skeið. Þá er að finna diska, glös, hnífapör og ílát á sýningunni sem hönnunarsagan hefur skilgreint sem framúrskarandi hönnun og er orðin þekkt víða um heim. Við borðið eru þrettán mismunandi stólar sem eiga það þó sameiginlegt að vera hvítir. „Við það ætti því að vera pláss fyrir alla íslensku jólasveinana þó að

það hafi ekki endilega verið markmiðið,“ segir Ólöf.

Hún segir ýmsa hluti á sýningunni ekki endilega eiga þann stað í hugum fólks að eiga heima á uppdekkðu hátíðarborði þó aðrir eigi það svo sannarlega. „Sýningin er borð minninganna sem leiðir hugann að endurmati og endurnýtingu sem á vel við á okkar tímum.“

Sýningin stendur til 15. janúar. Upplýsingar um opnunartíma er að finna á [www.honnunarsafn.is](http://www.honnunarsafn.is). -ve



Sýningin leiðir hugann að endurmati og endurnýtingu.



Borðbúnaður er meðal annars frá littala og Royal Copenhagen.



Hlutirnir eiga ekki endilega heima á hátíðarborði í hugum fólks.



NYR  
VORULIS

# DESIGN

BOCONCEPT COLLECTION 2012



**BoConcept**  
urban design

*Komdu við  
og fædu þitt eintak!*

**BoConcept**  
urban design

**INN**  
Innréttingar

Fákafen 11 • 108 Reykjavík • Sími 577 1170  
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

100 01 11 XINNEX



Í samvinnu við  
**Gestgjafinn**



## RITZ-SKRIFTIR

Uppskriftasamkeppni Gestgjafans og Ritz

Við leitum að bestu „Ritz-skriftinni“ en með „Ritz-skrift“ er átt við mataruppskrift sem annaðhvort inniheldur Ritz eða borin fram með Ritz kexi. **Nánar á [www.ritz.is](http://www.ritz.is)**

**Pú gætir unnið m.a. gjafabréf í Smáralindina o.m.fl.**




Bryggja var á sama svæði og torgið er nú og skirskotar hönnun torgsins til bæði bryggjunnar og sjávarins. Myndin er tekin í kringum árið 1940. MYND/ MAGNÚS ÓLAFSSON/ LIÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



## Ertu þreytt(ur) á því að vera þreytt(ur)?

**ÉNAXIN Total** orkugefandi fjölvítamíntöflur eru snilldar lausn við orkuleysi og sleni. 1 tafla á dag inniheldur dagskammt af vítamínum og steinefnum auk orkugefandi jurta.

**Einfalt og áhrifaríkt fyrir alla, konur og kalla!**

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og heilsumillum stórmarkaðanna.



Innflutningsaðili: Gengur vel ehf

**ÉNAXIN**  
ORKA & KRAFTUR ÚR NÁTTÚRUNNI

## Verðlaunin mikill heiður

Torgið við Hörpu er besta almenningsskýmið á Norðurlöndunum að mati alþjóðlegrar dómnefndar Arkitekturmássonar í Gautaborg. Arkitektastofan Landslag hannaði torgið.

„Þetta er mikill heiður, sérstaklega að vera í hópi þeirra sem einnig voru tilnefndir, en það eru allt aðilar sem við berum mikla virðingu fyrir,“ segir Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt hjá Landslagi og hönnunarstjóri torgsins við Hörpu, en torgið hlaut norræn arkitektaverðlaun síðastliðinn mánudag.

Landslag hannaði torgið í samvinnu við Batteríð arkitekta, Henning Larsen Architects og Ólaf Elíasson. Þráinn segir verðlaunin hafa mikla þýðingu.

„Þau hafa heilmikla þýðingu fyrir okkur við að fá verkefni erlendis,“ útskýrir Þráinn, en Landslag vann einnig til alþjóðlegra verðlauna fyrir hönnun snjóflóðavarnargarða á Siglufirði árið 2003. „Þetta hjálpar okkur mikið að fá athygli.“

Við hönnun torgsins við Hörpu segir Þráinn að tillit hafi verið tekið til svæðisins eins og það var, en Harpa stendur á landfyllingu. Sjórinn náði áður þangað sem Seðlabankinn stendur nú.

„Við vildum halda í hafnar- og strandyfirbragðið. Því unnum við með vatn sem minnir á höfnina og eins á lækinn sem rann úr tjörninni um Lækjargötuna. Þarna voru einnig bryggjur í byrjun síðustu aldar og við vildum skirskota til þeirra. Við leyfðum okkur einfaldleika og hráleika svo fólk fengi tilfinningu fyrir því að Harpan væri hluti af hafnarvæðinu. Það fólst einnig í verkefninu að skapa byggingunni það andrými sem hún þarf



Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt og hönnunarstjóri verkefnisins, segir verðlaunin skapa atvinnutækifæri erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Haldið var í iðnaðar- og hafnaryfirbragð svæðisins með steypu, timbri og ryðguðu járn.

og leysa aðkomuleiðir að byggingunni fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur,“ segir Þráinn. „Þá vildum við tryggja góðar gönguleiðir yfir Kalkofnsveginn og tengja torgið alveg að Seðlabankanum.“

Arkitekturmássonar í Gautaborg var haldin í fyrsta skipti á dögnum en áformað er að festa hana í sessi sem stærsta norræna viðburðinn meðal arkitekta, landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga, sem haldinn verði annað hvert ár. -rat

**BYLGJAN** 25 ÁRA 989

**Heimir & Kolla vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



**JAFNVÆGI FYRIR LÍKAMA OG SÁL • HEILSUGJAFAVÖRUR • GJAFABRÉF**



**HEILSU DREKINN**

Kínversk heilsulind

SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS





**Innandyra hjólabretta- og BMX-keppni** verður haldin í Laugardalshöll í dag klukkan 13. Fram koma fremstu BMX- og hjólabrettamenn landsins, ásamt Emmsjú Gauta, Erpi Eyvindarsyni og fjölda annarra skemmtikrafta. Aðgangseyrir er 500 krónur. Ókeypiss veitingar í boði.

# CALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

## NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur  
eðlisfræði - þýska - franska - spænska - stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendapjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Gunnar Theodór Eggertsson stendur fyrir uppvakningahátíð um helgina í Bíói Paradís.



## Eilífðarunglingur og kammerpönkari

**V**íð í hljómsveitinni Malneirophrenia höfum svolítið verið að leika okkur að því að halda kvikmyndatónleika og leggja músíkina okkar að gömlum myndum. Eg hafði því samband við Bíói Paradís með þá hugmynd að halda einhvers konar hryllingskvikmyndatónleika í kringum Hrekkjavökuna," segir Gunnar Theodór Eggertsson, píanóleikari Malneirophreniu, um tildrög þess að um helgina verður uppvakningahátíð í Bíói Paradís. Þar verða sýndar sex kvikmyndir sem kljást við uppvakninga, eða zombíur eins og Gunnar kallar það, á einn eða annan hátt.

FRAMHALD | 4

## BURT MED BUMBUNA

395 KCAL



Fitness Burrito

Heilhvætti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. 1.190 kr

## Hot 'nSweet

salat m. kjúkling

Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchilli sósa, nachos og sýrður rjómi (guacamole +85 kcal) 1.350 kr

385 KCAL



383 KCAL



## Tacos

m. nautahakki

3 taoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi.

1.340 kr



Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

## ULLARKÁPUÚRVAL-DÚNÚLPUR - CREENSTONE GLÆSIKÁPUR



Skoðið sýnishornin á laxdal.is/yfirhafnir

**BERNHARD LAXDAL**

Laugavegi 63 • S:551 4422



Fallega Jólaskeiðin frá Ernu

Verð 16.500,-

ERNA

Skipholti 3, s.552 0775, erna.is





## Vísir að danskri veislu

Með örlíttilli fyrirhöfn og þolinmæði og skotheldar uppskriftir að vopni er hægt að útbúa fyrirtaks jólahlaðborð í heimahúsi. Þá er ekki úr vegi að leita í smiðju Dana, sem eru rómaðir fyrir ljúffenga matseld.

### TVÆR GERÐIR AF GÓMSÆTU SMURBRAUÐI

Smurbrauð með rækjum og smurbrauð með reyktum laxi, kaviár og avókadómauki

#### Smurbrauð með rækjum

Smyrjið rúgbrauðssneiðar með smjöri. Leggið salatblað ofan og því næst rækjur. Sprautið majónesi ofan á rækjur. Leggið tómát- og sítrónubát fallega ofan á.

#### Smurbrauð með reyktum laxi og kaviár

Smyrjið rjómaosti að eigin vali á rúgbrauðssneiðar, sem hafa verið skornar út í hringi með móti. Formið reyktan lax eins og rós og leggið ofan á. Á toppinn fer vænn skammtur af kaviár. Punkturinn yfir i-ið er örlítið af avókadó-mauki (sjá uppskrift fyrir neðan) skreytt með dillí eða öðru fersku kryddi.

#### Avókadómauk

2 avókadó  
tómatur  
laukur  
kóríander  
örlítið af  
sýrðum rjóma  
tabaskósósa,  
eftir smekk  
1 msk. sítrónu-  
safi  
salt, eftir smekk



Maukið avókadó í skál. Skerið lauk smátt og bætið út í ásamt tómátum, handfylli af kóríander, sítrónusafa, Tabaskósósu og sýrðum rjóma. Hærið vel saman. Geymið maukið í um klukkutíma áður en þess er neytt.

### SÍGILDAR KJÖTBOLLUR

Danskar frikadellur með lauksósu og rauðkáli

#### Frikadellur, fyrir 4

350 g svínahakk  
1 tsk. salt  
1 egg  
½ laukur  
1 dl mjólk  
4 msk. hveiti  
pipar

Fínsaxið lauk og blandið saman við kjöt, egg og salt í skál. Hellið mjólk smám saman út í. Bætið við hveiti og notið pipar eftir smekk. Mótið átta frikadellur úr deiginu með matskeið. Bræðið smjör á pönnu. Steikið bollurnar á pönnunni í allt að 5 mínútur á hvorri hlið.

#### Rauðkál

1 miðlungsstór rauðkálshaus  
2 græn epli  
1 dl sykur  
2/3 dl óblönduð sólberjasaft  
2/3 dl rauðvínsedik  
½ tsk. salt  
1 msk. smjör

Sneiðið rauðkálshaus og fjarlægjið kjarnann. Skerið eplin í ferninga. Setjið allt í stóran pott. Hitið rólega. Látið suðuna koma upp við vægan hita í allt að 2 klukkustundir eða þar til hráefnin hafa blandast vel saman og tekið á sig fallegan rauðan lit.



#### Lauksósa

1 laukur  
1 msk. smjör  
½ l mjólk  
2 stk. kjötkraftur  
1 dl vatn  
matarlitur  
salt og pipar

Fínsaxið lauk og steikið upp úr smjöri á pönnu í mínútu. Bætið við vatni og kjötkrafti. Látið sjóða í allt að 5 mínútur. Hrærið saman mjólk og hveiti. Bætið út í lauksóðið. Látið suðuna koma rólega upp. Látið blönduna malla í allt að 5 mínútur. Hrærið. Bætið við matarlit. Kryddið með salti og pipar eftir smekk.

Berið frikadellurna fram ásamt sósunni, rauðkálínu, soðnum eða brúnuðum kartöflum og grænmeti eftir smekk.

# Jólastjörnur

## Hemma Gunn

# á Spot



Nú höfum við á Spot blásið í lúðra og fengum til liðs við okkur þann síunga gleðigjafa Hemma Gunn og hans jólastjörnur.

Við bjóðum gestum uppá glæsilegt jólahlaðborð þar sem matreiðslumeistarar tefla fram dýrindis kræsingum sem gæla við bragðlaukana.

Að borðhaldi loknu hefst svo mikil söngveisla þar sem hver stjarnan stígur á stokk og skín undir góðri handleiðslu Hemma Gunn.

Kvöldið endar svo með stórdansleik eins og okkur er einum lagið.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Sýningar:

25. - 26. nóv.  
og 2 des

2. - 3. des.

9. - 10. des.

16 - 17 des





Jón Birgir ætlar að kenna fólki að búa til léttan ís með eplum og kanil með jólalegri lykt og bragði á námskeiðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Jólaísinn útbúinn heima

Fátt er betra en heimagerður ís á hátíðlegum stundum. Jón Brynjar Birgisson kennir ísgerð á námskeiðum Landbúnaðarháskólans á næstunni, fyrst í Keldnaholti 31. október. Svo er hann með nýja ísbók.

„Ég fer ekki alveg hefðbundnar leiðir við ísgerðina, eins og að nota egg og þeyttan rjóma heldur halla mér við fituminna hráefni. Þannig ís getur hver sem er búið til heima í eldhúsi,“ segir Jón Brynjar Birgisson mjólkurfræðingur. Hann fullyrðir að hægt sé að gera möndlu- og Toblerone-ís eða hvern annan sem fólki finnst ómissandi á jólahlaðborðið þótt dregið sé aðeins úr fitunni, án

þess að það komi niður á bragðinu. „Ísinn verður bara ferskari fyrir vikið og hentar vel ef fólk er satt eftir aðalréttinn,“ bendir hann á. Jón Brynjar verður leiðbeinandi á ísgerðarnámskeiðum sem Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands stendur fyrir á næstunni, bæði sunnan og norðan heiða, því fyrsta nú á mánudaginn í Keldnaholti. Þar verður farið í val hráefna og þróun uppskrifta.

Nánari upplýsingar eru á [www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid)

„Uppskriftir í nýju bókinni minni og á námskeiðunum byggja ég upp þannig að ég er með eina grunnblöndu, nokkurs konar þykkni, sem hægt er að búa til á 20-30 mínútum og geymist í vikur eða mánuði í kæli eða frysti. Úr því er svo hægt að búa til mjólkur-ís, jógúrtís eða sorbet.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

### ÞRÍR GÓÐIR ÚR SAMA GRUNNI

Súkkulaði-jólaís, Eggjapúnsís og Bailey's-ís eru allir tilvaldir á hátíðaborð.

#### Súkkulaði-jólaís

Grunnur:

1,3 dl mjólk  
4½ msk. undanrennuft  
1,3 dl sykur  
2 matarlímsblöð  
½ tsk. vanilludropar  
½ l matreiðslurjómi

Viðbót:

100 g uppáhaldssúkkulaðið skorið smátt og því bætt út í lokin.

Leggið matarlímsblöðin í kalt vatn í 5-10 mínútur.

Hitið mjólkina, undanrennuftið og rjómann upp í 50 gráður. Blandið öllu saman við með töfrasprota eða í blandara. Hitið upp í 75 gráður og kælið vel.

**Gert í ísvél:** Frystið í ísvél samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

**Gert án ísvélar:** Hellið þunnu lagi af ísblöndunni í málmkál. Setjið skálina í frystikistu í klukkustund. Takið skálina úr frystinum, skafið frá börmunum og hamist á henni með gaffli. Frystið aftur í hálf tíma og endurtakið tvisvar til þrisvar. Gott er að þeyta ísinn með handþeytara áður en hann er alveg frossinn.



#### Eggjapúnsís

Sami grunnur og í Súkkulaði-jólaís

Viðbót:

5 eggjarauður  
1 msk. romm (má einnig nota kóniak eða viskí)  
1 tsk. múskat  
Aðferðirnar þær sömu og í Súkkulaði-jólaís.



#### Bailey's-ís

Sami grunnur og í Súkkulaði-jólaís nema hvað matreiðslurjómanum er sleppt.

Viðbót:

1 dl Baileys-líkjör  
örlítill brúnn matarlitur (má sleppa)  
Aðferðirnar þær sömu og í Súkkulaði-jólaís.

### Forréttir

Jóla og karrýsild borin fram með nýbökðu hverabrauði / Reyktur lax með piparrót og baquette / Hunangsgrafinn lax með sinnepssósu og maltbrauði / Innbakað villibráðarpaté með rifsberjum / Grafinn gæsabringa í einiberjum

### Aðalréttir

Sinnepsgljáður hamborgarahryggur / Kalkúnabringur í salvíu / Stökku grísabógur (purusteik) / Jólakryddaðar hreindýrabollar

### Meðlæti

Sætkartöflusalat með graskeri / kartöflugratín / Eplasalat með vínberjum / Sesarsalat / Villisveppasósa / Rauðvínssósa / Laufabrauð

### Eftirréttir

Ris ala Mande með kirsuberjasósu / Crème Brûlée með karamellusósu / Súkkulaðimús með vanillu

Bjarni Arason



Allar sýningar

Bryndís Ásmunds



Allar sýningar

Mugison



25. nóv.

Ingó



9. - 10. des.

Eyþór Ingi



26. nóv.  
2. - 3. des.

Matti Matt



2. - 3. des.  
9 - 10. des.

SPOT

VÍKING

LÉTTÖL

Pantanir í síma 841 0947 | 544 4040

Bæjarlind 6, Kópavogi | [spot@spot.is](mailto:spot@spot.is)

Magni



Allar sýningar





**Vigdís Grímsdóttir** sýnir málverk í Kaffihúsi Gerðubergs um þessar mundir. Á sýningunni eru málverk af rauðum köttum sem tengjast nýjustu bók Vigdísar, Trúir þú á töfra? Sýningin stendur til 20. nóvember. Kaffihúsið er opið virka daga milli klukkan 10 og 16 og um helgar frá klukkan 13 til 16.

**GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS**

KOMDU MEÐ EÐA SENDU OKKUR MÁLIN OG VIÐ HÖNNUM, TEIKNUM OG GERUM ÞÉR HAGSTÆTT TILBOÐ.

**ARKITEKTÞJÓNUSTA**

**Friform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500  
Fax: 544 2060 - www.friform.is

**NÝKOMNAR Í ÚRVALI ÚLPUR OG KÁPUR**

**VALDAR DÚN - OG VATTKÁPUR 50% afsl.**

**TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA**

**TOPPHÚSIÐ**

Mörkinni 6 - Sími 588 5518  
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16  
www.topphusid.is

**NÆG BÍLASTÆÐI**



Askur Yggdrasill er meðal þeirra hljómsveita sem keppa á Rokkstokk í kvöld í Frumleikhúsinu í Reykjanæsbæ.

**HOLLUR BITAFISKUR**

**+80% prótín**

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurlflugvelli

**Á FERÐINNI**

**Sölufulltrúar:**

**Jóna María**  
jmh@365.is 512 5473

**Brynja Dan**  
brynjadan@365.is 512 5465

**Snorri**  
snorris@365.is 512 5457

## Ungt tónlistarfólk keppir

Keflavík var lengi vel vaggja rokktonlistar og bílskúrsbönd í hverri götu. Hljómsveitarkeppnin Rokkstokk fer fram í Reykjanæsbæ í kvöld þar sem ungt fólk á Suðurnesjum er hvatt til dáða í tónlistinni.

Spenna er í loftinu í Reykjanæsbæ fyrir hljómsveitakeppninni Rokkstokk sem fram fer í Frumleikhúsinu í Reykjanæsbæ í kvöld. Í fyrra fylltist húsið af áhorfendum en keppnin er fyrir tónlistarfólk á aldrinum 13-25 ára og vegleg peningaverðlaun eru í boði.

Rokkstokk var endurvakin í fyrra en keppnin hefur áður verið haldin þrisvar sinnum, á árunum 1997-1999. Tónlistarmenn sem kepptu þá eru margir vel þekktir í tónlistinni í dag. Klamedía X sigraði á Rokkstokk 1998 og varð kunn hljómsveit en meðal meðlima þeirrar hljómsveitar var Bragi Valdimar Skúlason, betur þekktur í dag sem Bragi Bagga-lútur.

Silfurfálfkinn tók þátt í Rokkstokk 1999 en maðurinn þar á bak við var Sigurður Guðmundsson, kenndur við Hjálma. Brain Police var síðan sigurhljómsveit keppninnar 1999.

„Jú, það er svona von fólks að þessi keppni hvetji ungt hæfileikaríkt tónlistarfólk hér til dáða. Keppnin lá í dvala nokkuð lengi og síðustu árin hefur orðið hér á svæðinu mikil breyting frá því sem áður var í tónlistinni, þegar bílskúrsbönd voru í öðrum hverjum skúr. Það er gaman ef þetta nær að vekja tónlistarlífið almennilega til lífsins,“ segir Davíð Óskarsson, frístundaleiðbeinandi félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima.

SamSuð, samstarfsvettvangur félagsmiðstöðva á Suðurnesjum, stendur að keppninni í samstarfi við Rás 2 sem mun útvarpa upptökum frá tónleikunum í þættinum Skúrnum. Keppnin er styrkt af Menningarráði Suðurnesja.

„Sex hljómsveitir eru skráðar til leiks en peningaverðlaun eru veitt hljómsveitinni í fyrsta sæti, 100.000 krónur, og einnig fær svokölluð hljómsveit hússins sérstaka viðurkenningu. Húsið opnar klukkan 17.30 og hljómsveitirnar byrja að spila klukkan 18,“ segir Davíð. Hljómsveitirnar koma fram við afbragðs aðstæður hvað hljómgæði og aðra tæknivinnslu varðar. „Þá er þetta að sjálfsögðu vímulaus skemmtun.“ juliam@frettabladid.is

**EXTRA 4x3 miðjubjálfun og lóð**

**EXTRA 4x3 miðjubjálfun og lóð**

Skráning í síma 581 3730

**Nýtt 12 tíma námskeið, EXTRA 4x3 í 40 mínútur**

3x í viku í heitum sal - *Mitti, mjaðmir, magi og handleggir*

**12:10** mánud/Sara, miðvikud/María, föstud/Guðný

Ástkær móðir okkar, amma  
og langamma,

### Oddný Kristjánssdóttir

áður húsfreyja á Borg í Skriðdal,

lést mánudaginn 24. október á Hjúkrunar- og dvalar-  
heimilinu Hlíð. Útförin fer fram frá Lögmannshlíðar-  
kirkju á Akureyri þriðjudaginn 1. nóvember kl. 13.30.  
Minningarathöfn verður haldin í Egilsstaðakirkju  
5. nóvember kl. 16.00.

Guðmundur Már Franz Sigurðsson  
Jens Kristján Höskuldsson  
Sigurður Reynir Höskuldsson  
Ágúst Þorvaldur Höskuldsson  
Margrét Kristín Ragnarsdóttir  
Ingibjörg Ragnarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



# MANNFÓLKID ER MERKILEGT

„Hann er rosalegur stílisti. Það er unun að lesa  
texta eftir Guðmund Andra.“

EGILL HELGASON / KILJAN



GUÐMUNDUR  
ANDRI THORSSON

**JPV**  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Í Valeyrrarvalsinum er lesandinn leiddur til dillandi fundar við lífið í litlu þorpi.

Persónur og kenndir kvikna til lífs og tónlistin umvefur allt í

ómótstæðilegum sagnasveig þar sem hið stóra endurspeglast í hinu smáa.





## Fjallabúinn Róbert fer til byggða

Bragi Halldórsson

6

Eftir að hafa ráðið vísnaðátuna hans Róberts sagði Lísaloppa: „Mig langar að sýna ykkur þraut sem kennarinn okkar kenndi okkur. Hún er kölluð krossglíma. Við fáum uppgefið eitt orð en eigum að finna fleiri orð sem tengjast merkingu þess. Í hverju þeirra orða þarf að vera einn stafur úr fyrsta orðinu.“ Róbert klóraði sér í hausnum. „Nú skil ég ekki,“ sagði hann. „Jú, sjáðu,“ sagði Lísaloppa. „Notum orðið VETUR. Getið þið fundið fimm orð sem öll tengjast vetri og hvert þeirra þarf að innihalda einn staf úr orðinu vetur?“ „Þú meinar eins og FROST,“ sagði Konráð. „Það er R í frost.“ „Já, einmitt,“ sagði Lísaloppa.

Konráði datt í hug orðið FROST. Getið þið fundið fjögur orð til viðbótar sem tengjast orðinu VETUR og innihalda einn staf úr því orði?

V  
E  
T  
U  
F  
R  
O  
S  
T

# ÞAÐ ER EKKERT AÐ ÓTTAST

Hlína kóngsson og Signý Karlsdóttir bóndadóttir eru bæði einkabörn sem dvelja núna í Kúlunni, barnleikhúsi Þjóðleikhússins, þar sem þau lenda í ótrúlegum ævintýrum með skessum, fljúgandi rúmi og leikhústöframanninum Óla.

**Hvað heitið þið?** „Hlína Hringsson prins og Signý Karlsdóttir bóndadóttir.“

finnst mjólk beint úr kúnni best en Hlína finnst best að borða konunglegar snittur.“

**Eigið þið eftirlætislag?** Signý: „Uppáhaldslagið er auðvitað Hetjulagið, sem við syngjum þegar við fljúgum á töfrarúminu.“ Hlína: „Mér finnst Prince líka ægilega skemmtilegur.“

**Hvað eigið þið heima?** Hlína: „Ég bý í höll en Signý býr á bóndabæ sem er svo hrörlegur að hann er að detta í sundur.“

**Hvernig er að búa í konungsríki Hlína og hvernig er að búa á bóndabæ Signý?** Hlína: „Það getur verið skemmtilegt, en líka mjög einmanalegt.“

**Hvað viljið þið segja að lokum við krakka sem koma í leikhúsið að sjá ykkur?** „Það er ekkert að óttast og með ykkar hjálp komumst við aftur heim, heil á húfi.“

**Eigið þið foreldra, systur og bræður?** Signý: „Ég á mömmu og eina kú en Hlína á þabba sem er kóngurinn í Hringsríki. Það má segja að við séum einstaklega efnileg einkabörn.“

Signý: „Það getur verið skemmtilegt, en líka mjög erfitt.“

**Hvað gerið þið dagsdagslega?**

Hlína: „Ég sef fram undir hádegi og þarf svo að leika mér einn allan daginn. Svo fer auðvitað mikill tími í að hugsa um hárið mitt.“

Signý: „Ég eyði öllum deginum við að hjálpa mömmu minni við hússtörfin og hef því lítinn tíma til að gera neitt annað. En ef ég á smá pásu finnst mér skemmtilegast af öllu að lesa.“

**Hvernig er að vera á sviðinu í Þjóðleikhúsinu?** Bæði: „Það er töfrum líkast!“

**Hverjir eru fleiri með ykkur í för?** „Varðmenn, skessur, fljúgandi rúm og auðvitað ævintýrabókin. Og við megum auðvitað ekki gleyma Óla sem er leikhústöframaður. Svo eru einhverjir tveir leikarar að sniglast þarna um líka.“

**Lendið þið í einhverju hættulegu?** „Í ævintýrinu er skessa sem er stórhættuleg! Og svo er líka leikhúspoka, sem er auðvelt að tynast í.“

**Eruð þið lík í ykkur?** „Signý er hugrökk en Hlína er uppátækjasamur.“

**Hver er uppáhaldsmaturlin ykkar?** Signý: „Mér

Signý: Mér finnst mjólk beint úr kúnni best en Hlína finnst best að borða konunglegar snittur. ....



## BRANDARAKISTAN

Þjónn, hvað er flugan að gera í súpunni minni? Mér sýnist hún vera að synda.

Þjónn, það er lítill snigill í salatinu mínu. Afsakaðu það, viltu að ég sæki stærri?

Þjónn, ertu með froskalappir? Neí, ég hef alltaf labbað svona.

Þjónn, það er fluga í súpunni minni. Engar áhyggjur, köngulóin á brauðinu þínu mun ná henni fljótlega.

Þjónn, það er lirfa í salatinu mínu. Engar áhyggjur, þú þarft ekki ekki að borga neitt aukalega fyrir hana.

Þú getur sent brandara til [krakkar@frettabladid.is](mailto:krakkar@frettabladid.is)

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.

Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugir ára.

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“

## KRAKKAKYNNING

**Katrín Ósk Einarsdóttir, 9 ára**

- **Í hvaða skóla ertu:** Hvassa-leitisskóla.
- **Í hvaða stjörnumerki ertu:** Steingeit.
- **Áttu happatölu?** Já, hún er 4.
- **Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Karate, dans, söngur, lesa og líta.
- **Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Finnboji og Felix.
- **Besti matur?** Jólatur. Við fáum alltaf hamborgarhrygg.
- **Eftirlætisdrykkur?** Mjólk.
- **Hvaða námsgreini er í eftirlæti?** Stærðfræði.
- **Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Ég á gullfisk, hann heitir Cortez.
- **Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Miðvikudagur, því þá fæ ég alltaf að fara heim til bestu vinkonu minnar eftir skóla.
- **Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Britney Spears.
- **Uppáhaldslitur?** Grænn.
- **Hvað gerðirðu í sumar?** Fór á siglinganámskeið og til Frakklands með fjölskyldunni. Ég vann líka í búðinni hjá ömmu og afa og fór að veiða.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Galdrastelpur.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin/n stór?** Söngkona, danskona og leikona og teiknari.





HÚSGAGNAHÖLLIN

# HEIMA ER BEST!

## HUGGULEG HÚSGÖGN TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ


Tilboðin gilda til 4. nóvember eða meðan að birgðir endast.



NÚNA  
**50.000**  
KR. AFSLÁTTUR

**TWISTER** borðstofuborð, stækkanlegt, hnota. B:185/265 D:104 cm.

**199.990**  
FULLT VERÐ: 249.990



NÚNA  
**50.000**  
KR. AFSLÁTTUR

**129.990**  
FULLT VERÐ: 179.990

**SKOVBY** sjónvarpsskenkur, eik/sápa. B:162 D:47 H:52 cm. Með remote tækni þar sem þú getur stjórnað tækjunum með fjarstýringuni þó að skenkurinn sé lokaður.



**69.990**  
FULLT VERÐ: 89.990

**SVEN** hægindastóll með innbyggðum skemli. Grátt áklæði. B:62 D:70 H:105 cm.



NÚNA  
**30.000**  
KR. AFSLÁTTUR



**149.990**  
FULLT VERÐ: 179.990

**COBRA** tungusófi, Svart áklæði. B:250 D:83/145 H:80 cm. Fæst með hægri og vinstri tungu.

**6.990**  
fullt verð 7.990

**SPIZY** teppi. Grænt eða svart.



**2.490**  
fullt verð 2.990

**SPIZY** púði. Margar gerðir og litir.



NÚNA  
**10.000**  
KR. AFSLÁTTUR



**14.990**  
FULLT VERÐ: 24.990  
**MERIT** borðstofustóll, grátt áklæði.



**79.990**  
FULLT VERÐ: 99.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Brúnt eða natur áklæði. B:80 D:85 H:100 cm.

NÚNA  
**20.000**  
KR. AFSLÁTTUR



**89.990**  
FULLT VERÐ: 109.990

**RIALTO** La-z-boy stóll. Brúnt, svart eða natur áklæði. B:80 D:90 H:100 cm.



**13.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**MEGAN** borðstofustóll, grátt áklæði.



**16.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**ANDREW** borðstofustóll. Brúnt eða svart endurunnið leður.



## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. varsla, 6. líka, 8. ringulreið, 9. blundur, 11. hróp, 12. yfirstétt, 14. laust bit, 16. tveir eins, 17. þörungur, 18. orlof, 20. golfáhald, 21. starf.

## LÓÐRÉTT

1. bera að garði, 3. strit, 4. spariföt, 5. fjör, 7. gott verk, 10. óvild, 13. lærir, 15. slepja, 16. vafi, 19. í röð.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. vakt, 6. og, 8. tjá, 9. mók, 11. óp, 12. aðall, 14. glæfi, 16. ee, 17. sól, 18. fti, 20. tí, 21. iója.  
LÓÐRÉTT: 1. koma, 3. at, 4. kjóft, 5. táp, 7. góðgerð, 10. kal, 13. les, 15. slím, 16. efi, 19. íj.

## Tilgangur og meðal

BAKPANKAR  
Davíðs Þórs  
Jónssonar

Fíkniefnasala og -neysla er mér og mörgum öðrum mikill þyrnir í augum auk þess að varða við landslög. Ekki er laust við að manni renni til rifja úrræðaleysi og vanmáttur yfirvalda við að ráða bót á þessum mikla og brýna vanda. En nú er ný baráttuáferð komin fram. Hún er í því fólgin að einkaaðilar fari út á meðal fólks og bjóði því fíkniefni til sölu. Um leið og einhver lætur í ljós áhuga á viðskiptunum og fer að ræða verð og tegundir er viðkomandi umsvifalaust kærður til lögreglu því samtalið var tekið upp. Þrást lögreglan við að taka ábendingarnar alvarlega, gefi í skyn að það sé ekki einkaaðila að rannsaka glæpi með því að hvetja til þeirra, þeir sem séu að verki kynnu jafnvel að freistast til að setja persónulega óvildarmenna sína á þennan lista að ósekju, verður rekið upp ramakvein í fjölmiðlum yfir skilnings- og skeytingarleysi hennar.

AD öllu gamni slepptu held ég að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það af hverju þessi baráttuáferð er ónothæf. Enginn, held ég, vill búa í landi þar sem fólk er dæmt fyrir glæpi sem það hefur ekki framið heldur aðeins

látið í ljós áhuga á að fremja eftir að hafa verið hvatt til þess af þeim sem ættu að gæta laga og reglu. Það gildir einu hvert brotið er, fíkniefnasala, umferðarlagabrot, innbrot eða vændi. Ef brotið er ekki framíð er óverjandi að refsar fyrir það, ekki síst ef brotaviljinn er aðeins látinn í ljós sem viðbragð við hvatningu til lögbrots.

VÆNDI hefur stundum verið kallað elsta atvinnugreinin. Vera má að það sé rétt, en það réttlætir það hvorki né afsakar. Það segir okkur aðeins hve neyð kvenna á sér langa sögu. En vændi verður aldrei upprætt með öllu. Með því að útrýma neyðinni, valdleysinu og kúguninni sem rekur langflestar konur út í vændi hyrfi það þó vafalaust næstum því alveg. Næstum því.

PAD er eðlilegt að vilja berjast gegn vændi. En það réttlætir ekki tálbeitar og njósnir. Tilgangurinn helgar aldrei meðalíð því árangurinn sem næst er alltaf skilgetið afkvæmi aðferðanna sem beitt er til að ná honum. Barátta gegn vændi verður að vera barátta gegn neyð kvenna, fátækt og valdleysi, fyrir mannréttindum þeirra og sjálfsákvörðunarrétti yfir eigin líkama. En þeim sjálfsákvörðunarrétti fylgir líka réttur þeirra til að ráðstafa honum samkvæmt sínu eigin siðferði, ekki siðferði sjálfskipaðrar stóru systur þeirra.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman

RE/MAX  
SenterEr eignin þín „gleymd“  
á fasteignamarkaðnum?

Hafðu samband við verðlaunaðan sölumann og fáðu að vita hvað hægt er að gera, það kostar ekki krónu.



Vernharð Þorleifsson  
Sími: 699 7372  
venni@remax.is

Ástþór Reynir  
lögg. Fasteignasali  
senter@remax.is  
414 4706



## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 12 - 13.

## Barónsstígur 18 – N. Sérhæð

Stórglæsilega nýinn-réttuð 3. herb. íbúð í miðbæ Rvk. Íbúðin er í tvíbýlishúsi og er 108,4 fm. með sérinngangi og á 2 hæðum. Fallega hönnuð eign, og mikið endurnýjuð, sjón er sögu ríkari. Öll eignin nýlega tekin í gegn og hin glæsilegasta.  
Verð 35,5 milljón



Sigurður H. Ólafsson  
GSM: 822-8440



FASTEIGNASALAN  
fasteign.is

SÍMI 5 900 800

Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

FASTEIGNA-  
MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Sóleyjarimi 11  
Íbúð fyrir 50 ára og eldri

Opið hús í dag frá kl. 15.00 -16.00

OPIÐ HÚS



Góð 82,8 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi í nýlegu fjölbýli í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, opið eldhús, rúmgóða stofu/borðstofu með útgangi á yfirbyggðar svalir, svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Sér staði í bílageymslu. Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar.  
Verð 22,9 millj.

Íbúðin verður til sýnis í dag - íbúð merkt 0103. Verið velkomin.



# PRISAA

# TAX FREE

helgi á Korputorgi um helgina

# TAX FREE

helgi á Korputorgi um helgina



Tax free gildir ekki í verslun Bónus.  
Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.



## KORPUTORG





**KÍNVERSKIR KVIKMYNDADAGAR** Kínverskir kvikmyndadagar hófu göngu sína í Bíó Paradís í gær. Þar verður tekinn púlsinn á stöðunni í kvikmyndagerð í Kína, sem hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Átta nýjar myndir eru á dagskrá. Myndirnar eru allar með enskum texta. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á bioparadis.is.

# Pungbær örlög og veik von um betri heim

Leiklist ★★

**Hreinsun**

Þjóðleikhúsið

**Höfundur:** Sofi Oksanen. **Þýðing:** Sigurður Jónsson. **Leikarar:** Margrét Helga Jóhannsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Ólafur Egill Egilsson, Pálmi Gestsson. **Leikstjóri:** Stefán Jónsson.

Á fimmtudagskvöldið var leikritið Hreinsun eftir Sofi Oksanen frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins. Kúgun Eistlands og eistnesku þjóðarinnar er meginuppistaða verksins.

Leikurinn hefst á hinni viðurstygglegu örlagaríku nótt sem á eftir að móta allt líf aðalpersónunnar Aliide upp frá því. Í fyrri hluta verksins er farið svolítið bratt og sundurlaust milli atriða og hefði mátt stytta einstök þeirra eins og samtál skúrkaða þegar unga stúlkan flýr frá þeim.

Við kynnumst Aliide fullorðinni konu í afskekktari sveit í Eistlandi, sem býr ein í húsi sínu og er sífellt að búa sig undir nýja styrjöld eða verri hörmungar því hún fæst við það eitt að sjóða niður matvöru til mögru árána. Hún trúði á Sovét sem er ástæða þess að nágrennar hennar sýna henni lítilsvirðingu með því að krota á dyr hennar og maka aur á gluggana. Hún tilheyrir landi þar sem gildunum var troðið

óní kokið á fólkinu og nú er kominn tími til að skoða þau í nýju ljósi. Dag nokkurn finnur hún unga skjálfandi stúlku fyrir framan hús sitt. Stúlkan segist vera frá Vladivostok en talar þó eistnesku, sem þeirri gömlu þykir undarlegt. Allt fas stúlkunnar gefur greinilega til kynna við hvaða iðju hún fæst. Sú unga segist vera á flóttu undan hræðilegum mönnum á svörtum bíl. Mennirnir tveir koma og leita hennar en sú gamla felur hana og kemur síðar í ljós að þetta er í raun og veru barnabarn systur hennar, sem hafði lent í fangabúðum meðan hún sjálf bjargaði lífi sínu, en ekki sál, með því að ganga að eiga sovéskan flokkserindreka.

Titill verksins vísar til þess að fólk var flutt nauðugt úr landi sínu, hreinsun og aftökur þeirra sem ekki hugsuðu og höndluðu rétt í anda Sovétskipulagsins, en það mætti líka hugsa sér að hreinsunin ætti að gerast hjá hverjum og einum, eins og endirinn gefur til kynna. Örlagasögur kvenna á mismunandi tímum í sögu Eistlands eru málaðar sterkum litum og ná saman á býlinu þar sem jörðin er líklega eitruð eftir kjarnorkuslysið í Tsjernobyl. Önnur lendir í valdniðslu og niðurlægingu kommúnismans meðan hin verður fyrir valdbeitingu kapitalismans. Eiginmaður systurinnar sem var tekin höndum bjó áfram á býlinu, þó sem falinn maður í kjallara, og fór Stefán Hallur Stefánsson ágætlega með það erfiða hlutverk.

Þorsteinn Bachmann sem lék flokkserindrekann sovéska, brá



sér léttilega inn í hlutverk hins nokkuð lummulega foringja með yfirbragð Stalíns. Þeir Ólafur Egill og Pálmi sem léku ribbaldana tvo, náðu góðu samspili í sínum svörtu leðurjökkum bæði í samtölum sín á milli og eins í samskiptum við þá gömlu er þeir voru að leita að hinni ungu Söru sem flúið hafði úr þeirra þjónustu. Arnbjörg Hlíf Valsdóttir var með einkar góða nærveru og sýndi fantagóðan leik í hlutverki Söru. Vigdís Hrefna átti góða spretti þar sem hún leikur tveimur

skjöldum og með líkamanum lýsir hún vel óbeit sinni á því lífi sem hún hefur valið til að halda sér gangandi. Þegar hin aldna tekur reykjandi óhrædd á móti skúrkanum bauð Margrét Helga upp á eina af sínum albestu hliðum. Leikstíllinn hefði mátt vera dempaðri og tilfinningar liggja fremur undir niðri í stað þess að hrópa þær. Leikmynd Ilmar Stefánssdóttur sem hvíldi á mörg hundruð niðursuðukrökkum var hreysi og í senn höll. Sjónarhorn sem tekið úr gleiðlinsu.

Timburhús en samt eins og fiskbein eða tágar. Lokað en samt svo opið. Möguleikar til austurs og vesturs með rifnum veggjum. Textinn var lipur. Tónlistin ýtti undir stemningu. Það hefði mátt þetta og stytta fyrri hluta verksins því eiginlegri spennu og áhuga fyrir aðfrifum fólksins gætir ekki fyrir en undir lok fyrri hlutans. **Elisabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Áhugaverð sýning um brennandi málefni.

**Átt þú svona gjafakort?**

Vegna kerfisbreytinga munu gjafakort Kringlunnar í þessu útliti falla úr gildi frá og með 1. nóvember næstkomandi.

Hægt verður að skipta gjafakortinu út fyrir nýtt kort á þjónustuborði Kringlunnar án kostnaðar.

Kringlan biðst velvirðingar á þeim óþægindum sem kunna að skapast vegna þessa.

Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

Bækur ★★

**Nóvember 1976**

Haukur Ingvarsson

**Mál og menning**

**Hvenær drepur maður sjónvarp?**

Hvað var að gerast í nóvember 1976? Hver voru umræðuefnin í þjóðfélaginu? Gengu konur virkilega um með svuntu og var meiriháttar mál að eignast sjónvarp? Ég bara man það ekki – minnið er svikult dýr sem fer sínar eigin leiðir – en finnst þó ekki að sú forneskja hafi ríkt í samfélaginu sem Haukur Ingvarsson lýsir í sinni fyrstu skáldsögu Nóvember 1976. Það skiptir heldur ekki öllu máli. Þótt sagan sé negld niður á ákveðinn dag á ákveðnu ári lýtur hún sínum eigin lög- málum og gengur ágætlega upp innan eigin ramma.



Sagan fjallar um íbúa í þremur íbúðum í stigagangi í nýbyggðu hverfi í Reykjavík: Hjónin Ríkharð og Dórotheu og tvítugan son þeirra, hann Þórodd, Bjarna allsherjarreddara og þýðanda í íbúðinni fyrir neðan þau og hina ógrandi miðaldra Bibí, sem neitar að fylgja síðareglum samfélagsins, fyrir ofan. Sagan hverfist um þann atburð er sjónvarp Ríkharðs og Dórotheu gefur upp öndina og það leiðir til þess að íbúarnir í stigaganginum kynnast á nýjan hátt.

Haukur Ingvarsson var ekki fæddur árið 1976 svo augljóslega byggir hann á heimildum og sögusögnum við skriftirnar. Leitar og í smíðju sér eldri höfunda og hrærir saman orðfæri þeirra, persónusköpun og stíl þannig að lesandinn sér áhrif Einaris Kárasonar hér, Ólafs Gunnarssonar þar og Guðmundar Andra Thorssonar á enn öðrum stað. Úr þessum hrærigraut verður til bráðskemmtilegur og prýðilega vel skrifaður texti sem er aðalmerki bókarinnar og fyllir lesandann bjartsýni á að höfundurinn eigi eftir að skrifa margar góðar bækur í framtíðinni.

Sagan sjálf er rýrari í roðinu, framvindan glöppót, persónurnar kunnuglegar og endurlit þeirra til æskuáranna ansi klisjukennd. Konurnar eru í forgrunni en eru algjörlega steriótýpískar; hin undirokaða húsmóðir sem á ekkert ljós í lífinu nema blessaðan drenginn sinn og hin sem hefur rífið sig lausa úr vonlausu hjónabandi, hlustar á Megs, gengur um nakin og sefur hjá sér yngri mönnum til að bæta upp fyrir æskuárin sem hún missti af í hjónabandinu. Karlarnir eru svipaðar andstæður; ruddinn með brilljantíngreiðsluna annars vegar og ljóðelski, útsmogni allsherjarreddarinn hins vegar. Ungi maðurinn er svo, eðli málsins samkvæmt, eins og mús undir fjalaketti á milli þessara afturgangna úr bókmenntasögunni og uppreisn hans dæmd til að mistakast.


Í heildina er Nóvember 1976 þó hin ágætasta skemmtun. Kraumandi hómorinn lætur höfundu best, það eru dramatiseringarnar sem leiða hann afvega á köflum, en hann bætir það upp með góðum stíl, skemmtilegum samtölum og bráðfyndnum atvikum. **Fríðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Brokkgeng saga með kunnuglegum persónum, en prýðilega stíluð og bráðskemmtileg.





# Fuglar Íslands teiknaðir af Benedikt Gröndal



Útgáfa **Íslenskra fugla** er stórviðburður í íslenskri menningarsögu. Loksins kemur fyrir almenningsjónir eitt af lykilritum íslenskra náttúrufræða, rúmri öld eftir að það var samið.

„Á bók þessa hef eg gert myndir allra þeirra fugla sem kallaðir eru íslenskir, en þeir eru ýmist standfuglar, sem eru hér allt árið, eða þá farfuglar, sem eru hér á sumrin og verpa en fara héðan á haustin.“

Benedikt Gröndal



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 29. október

### → Tónleikar



**22.00** Hljómsveitin **Hjálmar** heldur útgáfutónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.900.

**15.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalónssal Hörpu. Efnisskráin er helguð stórsveit Counts Basie. Miðaverð er kr. 2.200.

**16.00** Kvinnakórinn Vocalis frá Moss í Noregi undir stjórn Ninu T. Karlson og kvinnakórinn Cantabile undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur koma fram á glæsilegum tónleikum í Grensáskirkju. Miðaverð er kr. 1.000.



**20.00 Guðrún Gunnarsdóttir** og Stefán Hilmarsson flytja dægurperlu Oddgeirs Kristjánssonar í Salnum. Tílefið er að 100 ár eru liðin frá fæðingu Oddgeirs. Miðaverð er kr. 3.900.

### BRÚÐUHEIMAR BORGARNESI




#### SÍÐUSTU SÝNINGAR!

★★★★★ FBL, E.B. GRANN

## GILTRUTT

BRÚÐUHEIMAR  
Center for Puppetry Arts

Sími 530 5000 www.bruðuheimar.is



**21.00** The Dandelion Seeds, Bárújarn, Gang Related og Súr koma fram á Gauki á Stöng. Aðgangseyrir er kr. 500.



**22.00 Valdimar** kemur fram á tónleikum á Café Rosenberg.

**22.00** Ingvar Grétarsson heldur tónleika á Obladí Oblada ásamt Tómasi Tómassyni. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Pétur Ben og Ourlives spila á tónleikum á Café Oliver.

### → Leiklist

**16.00** Einleikurinn Blótgoðar, uppstand um heiðingja, er sýndur í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 3.500.



**20.00** Leikritið Eftir lokin í leikstjórn **Stefán Halls Stefánssonar** verður frumsýnt í Tjarnarbiói. Miðaverð er kr. 3.200.

**20.00** Hjónabandsæla verður sýnd í Gamla biói. Miðaverð er kr. 4.300.

**22.00** Þörupiltar og Viggó og Víóletta sýna leiksýninguna Uppnám í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### → Opnanir

**14.00** Bókverkfélagið Arkir opnar sýningu á nýjum verkum í sýningarsal Íslenskrar grafíkur, Tryggvagötu 17.



**15.00** **Hildur Yeoman** og Saga Sigurðardóttir opna sýninguna Hamskipti í Hafnarborg. Allir velkomnir.

**15.00** Tvær nýjar sýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafni Íslands. Í Myndasal og á Vegg verður opnuð sýningin Hjálmar R. Bårðarson í svarthvítu en á Torgi verður sýningin Skipulag og óreiða með teikningum Ólafar Oddgeirsdóttur.

**16.00** Baldur Geir Bragason opnar sýninguna Borðar í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ.

**17.00** Einkasýning Bergs Anderson, það tæmir sig og fyllir, opnar í Galleri Klósetti við Hverfisgötu 61. Allir velkomnir.

### → Sýningar

**20.00** Þórarinn Hjartarson segir og syngur Lífsdagbók Páls í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 2.500.

**23.30** Sirkus Íslands sýnir Skinnsemi #3 á Bakkusi. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### → Síðustu forvöð

**12.00** Einkasýningu Huldu Hlínar í Listasal Mofstellsbæjar lýkur í dag. Listamaðurinn verður á staðnum.

### → Söngskemmtun

**15.00** Söngskemmtun í Hömrum á Ísafirði þar sem flutt verða lög eftir alþýðutónskáldið Carl Michael Bellman.

### → Myndlist

**14.00** Kristjana Rós Guðjohnsen verður með leiðsögn um sýninguna Grasrót IX ásamt nokkrum listamönnum sýningarinnar kl. 14. Viðburðurinn I(m) material girl, sem Bryndís Björnsdóttir stendur fyrir, mun eiga sér stað kl. 15. Bæðir viðburðirnir verða í Nýlistasafninu.

### → Leiðsagnir

**14.00** Margrét Valdimarsdóttir, verkefnastjóri sýningarinnar LeikVerk, með leiðsögn um sýninguna í Gerðubergi.

### → Tónlist



**21.00** Hrekkjavökupartí tónlistarmannsins **Haffa Haff** og Dj Dramatik verður á Barböru.

**22.00** Dj Bogi og Dj Hlynur mastermix þeyta skífum á Esjunni.

**22.00** Hrekkjavökufögnum verður á Faktory. Kanil bræðingur, Dj Housekell og Dj Logi Pedro stjórna tónlistinni.

**22.00** Símon þeytir skífum á Vegamótum.

**22.00** Benni B Ruff spilar tónlist af skífum á Prikinu.

**22.00** Hljómsveitin Achtung flytur lög U2 og Dj Fúsi spilar tónlist á Hressó.

**23.00** Dj KGB þeytir skífum á Bakkusi.

**23.00** Alfons X stjórnar tónlistinni á Kaffibarnum.

**23.00** Hrekkjavökuball verður haldið á Square. Mikill fjöldi plötusnúða stjórna tónlistinni. Miðaverð er kr. 1.500.

### → Leiklist

**23.59** Páll Óskar verður með hrekkjavökuball á Nasa þar sem hann tekur öll sín bestu lög. Miðaverð er kr. 2.000.



### → Sýningarstjórspjall

**15.00** Jóna Hlíf Halldórsdóttir verður með sýningarstjórspjall um sýninguna Áratugur af tísku, afmælisýningu Fatahönnunarfélags Íslands, í Gerðarsafni. Brynhildur Þórðardóttir, fatahönnuður hjá Lúka Art & Design, verður einnig með leiðsögn.

### → Kvikmyndahátíð

**15.30** Kvikmyndahátíðin Berlín og Bláir englar: Þýskar kvikmyndir frá milli- og eftirstríðsárunum fer fram í kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Menschen am Sonntag verður sýnd í dag.

**18.00** Uppvakningahátíð í Bió Paradís yfir helgina. Nokkrar kvikmyndir um uppvakninga sýndar ásamt kvikmynda-tónleikum, sem fara fram í kvöld kl. 20, í flutningi hljómsveitanna Malneio-phrenia og Radio Karlsson. Miðaverð á staka sýningu er kr. 1.000, kr. 2.000 fyrir heilt kvöld og kr. 3.500 fyrir helgina.

### Sunnudagur 30. október

### → Tónleikar

**17.00** Jóhanna Halldórsdóttir og Steingrímur Þórhallsson halda tónleika í Nes-kirkju. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00** Söngsveitin Filharmónía kemur fram á tónleikum í Norðurljóssal Hörpu. Miðaverð er kr. 3.700.

**20.00** Tónlistarhópurinn Elektra Ensemble stígur á stökk ásamt messósópransöngkonunni Sigríði Ósk Kristjánsdóttur á Kjarvalsstöðum.

### → Sýningar

**16.00** Þórarinn Hjartarson segir og syngur Lífsdagbók Páls í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 2.500.



**20.00** Sýningin Söngleikur með **Margrétu Eir** verður sýnd í Tjarnarbiói. Hægt er að njóta kræsinga frá Friðriki V fyrir sýningu kl. 19. Miðaverð er kr. 3.200 en kr. 5.400 fyrir mat og sýningu.

### → Fræðsla

**14.00** Barnaleikritið Kallinn sem gat kitlað sjálfan sig er sýnt í Norðurpólnum. Miðaverð er kr. 1.900.

**20.00** Hjónabandsæla er sýnd í Gamla biói. Miðaverð er kr. 4.300.

**22.00** Sýningin Judy Garland verður sýnd í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### → Fræðsla

**15.00** Dag-skrá um krumma fyrir börn verður í Borgarbókasafni Reykjavíkur á Tryggvagötu 15. Aðgangur er ókeypis.

### → Félagsvíst

**14.00** Félagsvíst spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### → Kvikmyndir

**15.00** Verkfall (Statska), sovísk kvikmynd frá árinu 1924 verður sýnd í sal Mír á Hverfisgötu 105.

**22.00** Kvikmyndin Clerks verður sýnd á Prikinu. Popp í boði.

### → Dansleikir

**20.00** Félag eldri borgara í Reykjavík stendur fyrir dansleik í Stangarhl 4. Hljómsveitin Klassik leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

### → Tónlist

**21.00** Lifandi djass er leikinn á Faktory.

### → Listamannspjall

**15.00** Listamannspjall með Hildi Bjarnadóttur um Hamskipti, sýningu Hildar Yeoman og Sögu Sigurðardóttur í Hafnarborg.

### → Uppstand



**20.30** Hugleikur Dagsson verður með uppstand á Café Rosenberg.

### → Leiðsagnir

**14.00** Fjölskylduleiðsögn í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg um sýninguna Þá og nú í fylgd Ásgerðar Júlíusdóttur menningarfræðings.

### → Kvikmyndahátíð

**13.00** Kvikmyndahátíðin Berlín og Bláir englar: Þýskar kvikmyndir frá milli- og eftirstríðsárunum fer fram í kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Kvikmyndin Auge in Auge er sýnd kl. 13 og 15.

### → Gestaspjall



**15.00** **Dr. Dagný Kristjánsdóttir**, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum við Háskóla Íslands, verður í gestaspjalli hjá Jóni Proppé á Kjarvalsstöðum. Í framhaldi af því munu Tinna Þorsteinsdóttir og Fengjastrútur flytja verk eftir Pauline Oliveros og John Cage.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is).



## KÍNVERSKIR KVIKMYNDADAGAR 2011

ÁTTA NÝJAR MYNDIR 28. OKTÓBER - 6. NÓVEMBER  
[WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS)

Okkar  
hlutverk  
er að  
dreifa

fjölpósti, blöðum,  
tímaritum, bréfum  
og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - [www.postdreifing.is](http://www.postdreifing.is)

Gott í bió: Anna Margrét Björnsson, kynningarfulltrúi hjá Hörpunni

## Spennt en kvíðin fyrir Tinna

„Mig langar mikið að fara með fjölskylduna á Tinna þar sem ég las bækurnar spjaldanna á milli þegar ég var yngri. Uppáhaldsbækurnar mínar voru Kristalskúlurnar og Sólhöfið. Tinni kveikti áhuga minn á ferðalögum um heiminn. Ég er samt dálítið kvíðin því að sjá þessa útgáfu en vona það besta.“





# FULL BÚÐ

## AF NÝJUM VÖRUM

NÝ  
SKÓSENDING

7.990

10.990

8.990

8.990

PEYSA  
5.990  
Til í 3 litum

LEGGINGS  
4.990  
Til í 3 litum

KJÓLL  
6.990

**E**  
SMÁRAR

SMÁRALIND  
KRINGLUNNI  
LAUGAVEGI 25  
SÍMI 571 1700





**40 ÁRA** afmælisdagur leikkonunnar Winonu Ryder er í dag. Við sjáum hana næst í kvikmyndinni The Stare, þar sem hún leikur á móti spjátrungnum James Franco.

# Nýrri veiðibók Bubba Morthens fagnað

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens er einn kunnasti laxveiðimaður landsins enda er ástríða hans slík að landsmenn hafa ekki komist hjá því að fréttastofur henni. Bubbi sendir frá sér nýja bók í næstu viku sem kallast Veiðisögur en í henni segir hann veiðisögur af sinni alkunni snilld. Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari leggur Bubba lið við útgáfuna með skemmtilegum veiðimyndum en sjálfur er hann mikill veiðimaður. Útgáfu bókarinnar var fagnað á fimmtudagskvöld og var glatt á hjalla í hófinu.



Benedikt Kristjánsson og Kristján Benediktsson.



Völundur Snær Völundarsson kokkur og Arnar Eggert Thoroddsen blaðamaður.



Bubbi og ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson sem leggur til myndir í bókina Veiðisögur.



**FJÖLSKYLDUGLEÐI** Bubbi Morthens stíllti sér upp með eiginkonu sinni, Hrafnhildi Hafsteinsdóttur, og dótturinni Dögun París.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hilmar Hansson og Gunnar Helgason leikari.



Guðrún Birna Ólafsdóttir, Hildur Hermóðsdóttir og Kristín Birgisdóttir.

## Áhyggjufullur Jake

Söngkonan unga, Taylor Swift, reyndi án árangurs að endurvekja ástarsamband sitt og leikarans Jake Gyllenhaal. Vinir þeirra segja Gyllenhaal ekki vilja umgangast Swift eftir að hún vingaðist við fyrrum kærustu hans, Reese Witherspoon.

„Taylor hefur nokkrum sinnum sett sig í samband við Jake en hann vill ekkert með hana hafa. Jake er frekar afslappaður náungi en honum finnst tilhugsunin um venskap Taylor og Reese óþægileg. Reese var stóra ástin hans og hann gat hvorki sofið né borðað í marga daga eftir að hún sleit sambandinu,“ var haft eftir vininum.

Nýverið fluttu slúðurrit þar vestra fréttir af því að Gyllenhaal væri helsta umræðuefni vinkvinnanna Swift og Witherspoon þegar þær hittust. Sé það rétt er



**GYLLENHAAL** Jake Gyllenhaal vill ekki byrja aftur með Taylor Swift vegna nýs venskapar hennar og Reese Witherspoon.

NORDICPHOTOS/GETTYVI

engin furða að leikaranum hrylli við hugmyndinni um venskap þeirra.

## Sveppi afhendir verðlaun á þýsku

„Ég kann ekkert í þýsku, við erum búnir að fá einhvern texta sem við eigum að lesa, ég veit ekkert hvernig þetta fer,“ segir sjónvarps- og kvikmynda- stjarnan Sverrir Þór Sverrisson.

Sveppi heldur til Lübeck í Þýskalandi á mánudaginn. Þar fer hann á norræna kvikmyndahátíð sem þar er haldin í 53. skiptið með kvikmyndir sínar um Algjöran Sveppa. Þær hafa slegið rækilega í gegn hér á landi og eins og Fréttablaðið greindi frá hyggst Árni Samúelsson, eigandi Sambíóanna, fara með þær til Bandaríkjanna og reyna að koma þeim í dreifingu þar.

Ferðin til Þýskalands tók hins vegar óvænta stefnu þegar forsvarsmenn hátíðarinnar höfðu samband við Sverri og Braga Þór Hinriksson, leikstjóra Sveppamyndanna, og báðu þá um að afhenda verðlaun. Verðlaunaafhendingin er sýnd í beinni útsendingu og Sverrir segist ekki einu sinni hafa hugmynd um hvaða verðlaun þeir eigi að veita. „Ég velti því fyrir mér hversu aftarlega í röðinni við vorum, hvað þeir voru búnir að tala við marga áður en þeir leituðu til tveggja íslenskra bjána,“ segir Sverrir og hlær.

Á morgun, sunnudag, verða þeir félagar hins vegar



**Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS** Sverrir Þór og Bragi Þór með börnin sín á teiknimyndinni Þór. Þeir verða með kvikmyndasýningu til styrktar Umhyggju í Kringlubíói klukkan tólf á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

með sérstaka kvikmyndasýningu fyrir Umhyggju, samtök langveikra barna, í Kringlubíói klukkan tólf og geta heppnir kvikmyndagestir unnið hjólin sem notuð er í myndinni Algjör Sveppi og töfraskápurinn. Allur ágóði af miðasölu rennur síðan beint til Umhyggju.

- fgg



## Richie hvetur stúlkur til að hylja holdið

Hrekkjavökuhátíðin verður um helgina. Hátíðin, sem snerist einu sinni um blessuð börnin, virðist hafa breyst í afsökun fyrir fólk að klæða sig druslulega. Raunveruleikabáttastjarnan Nicole Richie hefur fengið nóg af því.

„Stelpur, við skulum allar að heita því að klæða okkur ekki druslulega á hrekkjavökunni,“ sagði hún á Facebook-síðu sinni í vikunni. Sjálf hefur hún klæðst sómasamlega á hrekkjavökum síðustu ára, en hefur þó gerst sek um að sýna aðeins of mikið af holdi í fortíðinni. Nú virðist hún hafa snúið við blaðinu.



PRÚÐ STÚLKA Nicole Richie er prúð í dag, en á villta fortíð.

## Stórleikarar til liðs við Bond

Leikstjórinn Sam Mendes virðist vera að safna góðu liði fyrir 23. Bond-myndina, sem samkvæmt síðustu fréttum á að heita Skyfall. Þegar hefur verið greint frá því að Javier Bardem muni leika aðalskúrinn og nú hefur verið gengið frá samningum við stórleikaranna Albert Finney og Ralph Fiennes. Judi Dench verður sem fyrr í hlutverki M.

Þetta hlutverkaval þykir vera til marks um að síðasta Bond-mynd Daniels Craig verði í alvarlegri kantinum og sumir vefmiðlar hafa jafnvel gengið svo langt að Mendes renni hýru auga til Óskarsverðlauna. Það yrði þá í fyrsta skipti sem James Bond kæmi til greina til slíkra verðlauna enda verið höfuðvígi hasarmynda.

Samkvæmt einum heimildarmanninum verður hasarnum hins vegar haldið í lágmarki og harðir Bond-aðdáendur eru sagðir verulega áhyggjufullir yfir þeirri þróun. Forsvarsmenn Bond hafa hins vegar lýst því yfir að þeir þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur, öllu verði tjaldað til enda eigi leyniþjónustumaðurinn hálfra aldar afmæli á næsta ári þegar kvikmyndin verður frumsýnd.

STÓRSKOTALIÐ Albert Finney og Ralph Fiennes hafa gengið til liðs við Bond-kvikmynd númer 23. Daniel Craig er leyniþjónustumaðurinn ráðagóði og Javier Bardem vondi karlinn.



PLOKKAR SIG Megan Fox segist hafa verið sambrýnd þegar hún fæddist.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Plokkaði sig nýu ára

Leikkonan Megan Fox þykir vera ein fallegasta kona heims í dag. Leikkonan segist þó ekki alltaf hafa verið svo snoppufríð.

Í viðtali við InStyle segist Fox vera sambrýnd og að hún þurfi því að plokka sig reglulega. „Ég fæddist sambrýnd! Ég byrjaði að plokka augabrúnirnar þegar ég var nýu ára og hef haldið því áfram síðan,“ sagði leikkonan sem er meðal annars andlit Armani-nærfatalínunnar.



VESEN Melissa Joan Hart var kærð

## Táningsnornin kærð

Leikkonan Melissa Joan Hart, sem gerði garðinn frægan sem táningsnornin Sabrina, hefur verið kærð tvisvar í þessum mánuði.

Fyrsta kærán kom frá fyrrverandi starfsmanni sælgætisverslunar Joan Hart. Kærán snerist um ólöglegan brottrekstur og kynþáttanið. Fyrrverandi umboðsmaður hennar fylgdi fyrri kærúni eftir með því að kæra hana fyrir sammingsbrot.

Í báðum kærúnum er farið fram á háar skaðabætur, svo nornin fyrrverandi virðist ekki í góðum málum.

# 3 fyrir 2

af Blue Lagoon andlitsvörum\*

Tilboðið gildir til og með 31. október í verslunum Bláa Lónsins á baðstað og að Laugavegi 15

\*óðýrasta varan fylgir frítt með Gildir ekki með öðrum tilboðum

BLUE LAGOON ICELAND

hydrating 24h serum

anti-aging eye cream

anti-aging day cream

anti-aging night cream

anti-aging day serum

anti-aging night serum

www.bluelagoon.is



## Er ekki ólétt

Leikkonan Jennifer Aniston blæs á allar sögusagnir í viðtali við nýjasta tölublað tímaritsins Hello!. Orðrómur um væntanlegt barn og brúðkaup hafa verið í kreiki í dágóðan tíma og hlutu byr undir báða vængi þegar Aniston tók saman við leikarann Justin Theroux.

„Ég hef þegar verið gift einu sinni og veit ekki hvort ég kæri mig um að giftast aftur. Ég get staðfest að ég hef engin plön um að giftast núna, skiljið þið það?“, segir Aniston ákveðin við tímaritið Hello! og lætur ekki þar við sitja. „Við eigum heldur ekki von á barni. Ég hætti að reykja og bætti á mig nokkrum kílóum í kjölfarið.“



**BLÆS Á ALLAR KJAFASÖGUR** Jennifer Aniston segist ekki vera barnshafandi heldur bætti hún á sig eftir að hún hætti að reykja.

NORDIPHOTOS/GETTY

## Muse-menn þola ekki Hudson

Kate Hudson, unnusta söngvarans Matts Bellamy, er fallin í ónáð hjá liðsmönnum hljómsveitarinnar Muse ef marka má nýjustu fréttir. Félögum Bellamys þykir Hudson of afskiptasöm og eru farnir að uppfefna hana Yoko Ono sem er gjarnan kennt um endalok Bítlanna.

„Kate var viðstödd allar hljómsveitaræfingar Muse. Hún trúir því að hún sé tónlistarsnillingur og hefur skoðanir á öllu,“ var haft eftir heimildarmanni sem bætir við að það fari einnig í taugarnar á Muse-félögum þegar Bellamy skreppur frá til að sinna föðurlegum skyldum sínum. „Matt er gjarnari á að skröpa á æfingar eða fara fyrr heim því hann segist þurfa að aðstoða Kate með barnið. Hann er farinn úr því að vera rokkstjarna yfir í að vera heimilisfaðir.“




**SKRÖPAR** Matt Bellamy fer nú fyrr heim af hljómsveitaræfingu til að sinna syni sínum og það fer í taugarnar á Muse-mönnum.

NORDICPHOTOS/GETTY



## Í FULLUM GANGI Í PERLUNNI

# ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN



## FRÁ 28. OKT. TIL 20. NÓV.

## GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR, HLJÓÐBÓKA OG DVD MYNDA

# OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11 - 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR



**RYAN OG BLAKE** Ryan Reynolds hefur þegar verið kynntur fyrir eldri systur kærustu sinnar, Blake Lively.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Hitti stóru systur Blake

Blake Lively og Ryan Reynolds eru nýjasta Hollywood-parið ef marka má fréttir bandarískra slúðurmiðla. Parið hefur nokkrum sinnum verið myndað saman undanfarnar vikur.

Reynolds dvelur í Boston þessa dagana við tökum á gamanmyndinni R.I.P.D. og hefur Lively verið dugleg að heimsækja hann á tókustað. Lively virðist mjög hrifin af Reynolds því síðast þegar hún heimsótti hann bauð hún systur sinni með í þeim tilgangi að kynna hana fyrir nýja kærastanum. Vinir þarsins virðast einnig hrifnir af ráðahagnum. „Blake var mjög fljót að jafna sig á sambandslitunum við Leonardo, en við vonum að þetta gangi upp. Hún og Ryan virðast smellpassa saman,“ var haft eftir einum vini þarsins.



**BEYONCÉ** í nýju myndbandi sínu leikur Beyoncé stúlku úr hjólhýsahverfi sem klæðist hátísku.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Dýr smekkur

Söngkonan Beyoncé frumsýndi nýverið tónlistarmyndband við lagið Party. Myndbandið gerist í hjólhýsahverfi þar sem Beyoncé og vinir hennar skemmta sér við söng og dans.

Í myndbandinu klæðist Beyoncé litríkum og djörfum fatnaði og þrátt fyrir að persóna hennar búi í hjólhýsi virðist það ekki stöðva hana í að kaupa hátískufatnað. Hjólhýsa-Beyoncé klæðist nefnilega flíkum frá tískuhúsum á borð við Louis Vuitton, Givenchy og Nicholas Kirkwood fyrir Rodarte sem er ekki beint trúverðugt.



# Dóttir Cobains lofuð

Frances Bean Cobain, dóttir Courtney Love og Kurts Cobain, trúlofaðist nýverið kærasta sínum, tónlistarmanninum Isaiah Silva. Þau hafa verið saman í rúm t ár og virðast nú ætla að taka næsta skref og ganga í hið heilaga.

Parið breytti sambandsstöðu sinni á Facebook nýlega og skrifaði Cobain meðal annars: „Fæ að eyða ævinni í að elska besta vin minn. Ég er heppnasta kona heims.“

Ungfrú Cobain hefur ekki átt í samskiptum við móður sína um nokkra hríð og bjó lengi hjá föðurömmu sinni. Hún var aðeins 20 mánaða gömul er faðir hennar lést.



TRÚLOFUÐ Hin nítján ára gamla Frances Bean Cobain hefur trúlofast kærasta sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Finnst Rihanna vond fyrirmynd

Breski söngvarinn Will Young er ekki par ánægður með poppsöngkonuna Rihönnu og telur hana ekki vera góða fyrirmynd fyrir konur. Þessu uppljóstraði Young, sem vann raunveruleikakeppnina Idol í Bretlandi árið 2002, upp í viðtali við sjónvarpsþáttinn The Jo Whiley Music Show.

„Ég er femínisti og finnst það sem Rihanna gerir ekki vera konum til framdráttar. Hún er mjög kynferðisleg,“ segir Young og bætir við að Rihanna eigi það til að vera kynferðisleg í mynd-

böndum og þegar hún kemur fram á tónleikum en á þann hátt að það er niðrandi fyrir konur.

„Það eru allir að leika sama leikinn í poppbransanum en öðrum tekst betur til. Til dæmis finnst mér Lady Gaga vera mun áhuga-verðari,“ segir Young en Rihanna var nýlega valin kynþokkafyllsta kona heims af tímaritinu Esquire.

**GAGNRÝNINN** Will Young vill meina að framkoma Rihönnu í myndböndum og á tónleikum sé of kynferðisleg og niðrandi fyrir konur.



KYNFERÐISLEG Rihanna var kosin kynþokkafyllsta stjarna heims af tímaritinu Esquire á dögnum. NORDICPHOTOS/GETTY

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppistandssýningin Steini, Pési og gaur á trommu var frumsýnd í Gamla bíói á fimmtudagskvöld.

**Þorsteinn Guðmundsson** og Pétur Jóhann Sigfússon skiptast á um að fara með gamanmál og trommarinn Helgi Svavar Helgason skreytir uppistandið með tónlist sinni.



Landslið grínista var mætt til að horfa á félagana og Pétur Jóhann sagði uppi á sviði að ef allir gestirnir myndu brenna inni yrði þjóðin skilin eftir með grín Bjarna töframans. Honum brá aðeins

í brún þegar heyrist kallað úr sal: „Ég er hér!“ – en þá kom á daginn að Bjarni var meðal áhorfenda...

Meðal gesta á frumsýningunni var gríntvíeykið **Steindi** og Bent, verðandi útvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal og sambýlismaður hans, Sverrir Bergmann. Sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi mætti einnig á svæðið, rétt eins og samstarfskona hans úr Týndu kynslóðinni, Þórunn Antonía. Bræðurnir Sigurjón og Sindri Kjartanssynir gnæfðu yfir mannfjöldann og stórleikarinn Ingvar E. Sigurðsson lét einnig sjá sig...



Dr. Gunní fékk að kenna á því á uppistandinu, enda með sæti á fremsta bekk og Þorsteinn skaut einnig á líkamsræktarfrömuðina í salnum, þá Ívar Guðmundsson, Arnar Grant og Egil Gillzenegger.

Sigríður Elva og **Sigrún Ósk** úr Íslandi í dag létu sig að sjálfsögðu ekki vanta og Ásgeir Kolbeinsson þóttist ætla að stela sælgæti úr eftirpartíinu við mikinn fögnuð nærstaddra.



- afb

## ÞURRKUR KLÁÐI SVEPPASÝKINGAR?

Veltir þú fyrir þér hvað þú ert að nota á þitt viðkvæmasta svæði

### LÍFRÆN

- dömubindi og tíðatappar
- án klórs
- án ilmefna
- án plastefna

**natracare**  
NATTÚRULEG VELLÍÐAN



# Foreldrar Britney stjórna lífi hennar algerlega

Drátt fyrir að Britney Spears hafi þénað í kringum þrjátíu milljónir dollara á síðasta ári sér hún varla dollara af því. Allir peningarnir renna til foreldra hennar sem enn þann dag í dag fylgjast með hverju skrefi dóttur sinnar.

Nicole Lampert, blaðamaður Daily Mail, skrifar ítarlega úttekt á högum popprinsessunnar Britney Spears í vefútgáfu blaðsins. Lampert var viðstödd sérstakt hóf sem haldið var til heiðurs Spears en hún er á tónleikaferðalagi um Bretland. Gestirnir voru að mestum hluta D-stjörnur, blaðamenn og fjármálaráðgjafar. Britney Spears var á staðnum með freðið bros, umkringd lögfræðingum og lífvörðum. „Hún var þarna eins og dýr í búri enda manneskjan sem allir vildu sjá,“ skrifar Lampert.

Tónleikaferðalagið, sem nefnist Femme Fatale, hefur verið hálfmislukkað. Gagnrýnendur á Írlandi segja Spears taktlaus og reynt sé að fela það með allskyns farartækjum sem þeyta henni um sviðið. Aðrir nefna að krafturinn í augum hennar sé horfinn og hún þykist syngja nánast öll löggin. Hér áður fyrr gerði hún það

eingöngu ef dansarnir voru líkamlega erfiðir, en slík átök heyrast sögunni til. Kannski er því ekkert skrytið að Britney, sem varla mátti hnerra án þess að það rataði í blöðin, skuli ganga jafnilla að selja miða og raun ber vitni; það er til nóg af lausum sætum.

Það eru þrjú ár síðan Spears fékk taugaáfall, hún missti forræðið yfir sonum sínum tveimur og myndin af henni, bjargarlausri í sjúkrahúsi, var allt að því óhugnanleg; konan sem átti allt hafði tapað áttum. En nú er árið 2011, nýjasta platan hennar fór beint á toppinn á Billboard og á síðasta ári þénaði hún yfir þrjátíu milljónir dollara eða rúma þrjá milljarða íslenskra króna. Samt sem áður eru það foreldrar hennar, James og Lynne Spears, sem passa upp á hverja krónu. Og það er ekkert skrytið við fyrstu sýn, fjöldi málsókna bíður hennar, kærur fyrir kynferðislegt áreiti, samningsrof og svo mætti lengi telja. Fyrir skömmu var málskostnaður

**HANDVALINN** Kærastinn Jason Trawick er sagður hafa verið valinn af foreldrum Britney Spears. Hún vill sjálf giftast honum og eignast fleiri börn.



**TAPADI ÁTTUM** Britney Spears þegar hún var flutt í sjúkrahúsi af heimili sínu.

hennar lagður fyrir dómara, hann reyndist vera 900 þúsund dollara eða hundruð milljónir íslenskra króna. „Ég sé ekki að þessum afskiptum eigi eftir að ljúka, hún getur ekki stjórnað sjálfri sér,“ hefur Daily Mail eftir George Rush, blaðamanni í skemmtanabransanum. Foreldrarir virðast telja að Spears sé of viðkvæm til að sjá um sitt eigið líf, þó ekki nógu viðkvæm til að koma fram og syngja fyrir þúsundir aðdáenda sinna, nánast á hverju kvöldi.

Samkvæmt Daily Mail hafa foreldrarir ekki bara yfirumsjón með peningunum heldur líka lífi hennar almennt. Hún var á sínum tíma svipt sjálfræði og hefur ekki fengið það aftur. Hún má til að mynda ekki fara á salerni án fylgdar og foreldrarir völdu kærasta hennar, Jason Trawick. Sá var umboðsmaður Britney rétt áður en ferill hennar fór í ræsið og hefur háleitar hugmyndir um unnu sína samkvæmt heimildum blaðsins. „Hann telur hana vel geta náð fyrri stöðu og þénað tvær milljónir dollara á dag, bara ef hún heldur sig á mottunni og réttu megin við strikið.“ Þangað til reynir Britney að gera það sem hún getur best, syngja og dansa, og endurheimta stöðu sína sem popprinsessan.

freyrgigja@



**BROTHER STJARNNA** Foreldrar Britney Spears sjá um öll hennar fjármál og fylgjast með hverju skrefi hennar. Þau hafa öll völd í hennar lífi eftir að söngkonan fékk taugaáfall fyrir þremur árum. Endurkoman gengur hins vegar hálf brósuglega, illa gengur að selja miða á tónleika hennar í Bretlandi og söngkonan virkar bæði stíð og áhugalaus.



NÚ BYRJAR BALLIÐ!  
**DANS - DANS - DANS**  
Á RÚV Í KVÖLD KL. 19.40

 **RÚV**

Annað og meira



# Brand ósáttur við Rihönnu

Vinskapur söngkvinnanna Katy Perry og Rihönnu fellur ekki vel í kramið hjá eiginmanni þeirrar fyrrnefndu, gamanleikaranum Russell Brand. Honum finnst víst nóg um skemmtanahald vinkvinnanna og hefur óskað eftir því að Perry hætti að umgangast Rihönnu.

„Hann er grænmetisæta sem hvorki reykir né drekkur en hún er ung, efuð og vill skemmta sér. Þau lifa mjög ólíku lífi. Honum er illa við Rihönnu og finnst þær helst til of skemmtanaglaðar. Hann hefur sagt Katy að full-orðnast og taka á sínum málum,“ var haft eftir vini parsins.

Perry og Rihanna hafa verið góðar vinkonur í nokkur ár og samkvæmt heimildum deilir Perry ekki skoðunum eiginmanns síns því henni finnst hún eiga skilið að sletta úr klaufunum inni á milli. „Rihanna er góð vinkona mín og við erum báðar farþegar í sama klikkaða rússíbananum,“ hefur Perry sagt um vináttu þeirra Rihönnu.

**GÓÐAR VINKONUR** Russell Brand, eiginmaður Katy Perry, er óánægður með vináttu þeirra Rihönnu. NORDICPHOTOS/GETTY



## Þessum hjólum var stolið

úr geymslu í Hafnarfirði í október.

GasGas 50cc barnahjól  
Suzuki RM65 barnahjól  
Honda CRF 150 árg 2010



Peir sem geta gefið upplýsingar um hvar þessi hjól er að finna, vinsamlega hafið samband við Steingrím í síma 840 0072.



**KRISTEN STEWART** Vill lítið ræða um ástarsamband sitt og einkalífið við fjölmiðla. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þögn sem gröfin

Kristen Stewart hefur ávallt verið mjög þögn um samband sitt og mótleikara síns, Roberts Pattinson. Í viðtali við Glamour segist hún kjósa að ræða sem minnst um sambandið.

„Mér er nokk sama hvað fólk segir, það má segja það sem það vill. En þegar einkalíf manns verður eins konar söluvara þá finnst mér það andstyggilegt. Ég vil ekki gefa fólk hlutdeild í einkalífi mínu, það er eins og að gefa þeim dýrmæta gimsteina. Þess vegna reyni ég að segja sem minnst um mitt einkalíf og í raun finnst mér áhugi fólks á því svolítið myndinn,“ sagði leikkonan.



**VONAÐIST EFTIR STÚLKU** Beyoncé Knowles og Jay-Z eiga von á stúlkunni í febrúar á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eiga von á dóttur

Stjörnuþrátt Beyoncé Knowles og Jay-Z eiga von á dóttur segir í tímaritinu In Touch. Þrátt ku vera í skýjunum en þó skipti mestu máli fyrir þau að barnið sé heilbriggt. Sagt er að Beyoncé hafi vonað það innst inni að frumburðurinn yrði stúlka.

„Beyoncé er ótrúlega náin móður sinni og óskar þess að upplifa það sama með sinni eigin dóttur,“ segir heimildarmaður blaðsins en söngkonan á von á sér í febrúar 2012.

Samkvæmt In Touch hefur Beyoncé þegar fyllt fataskáp barnsins með merkjafatnaði sem verður bara klætt í fót frá Gucci og Louis Vuitton þegar það er komið í heiminn.

# Jólahlaðborð

## og dansleikur í Súlnasal!

Örn Árna og Siggí Hlö  
á frábærri kvöldskemmtun

Hlaðborðið er með sígildu ívafi, með ríkulegu úrvali gimnilegra forréttu, aðalréttu og eftirréttu.


Tekið er á móti gestum með lifandi tónlist. Örn Árnason skemmtir eins og honum einum er lagið við undirleik Jónasar Þóris.

Sjálfur Siggí Hlö heldur svo uppi fjörinu og spilar frábæra danstónlist fram á nótt.

Það er allt að fyllast á  
jólahlaðborðið okkar!

Föstudagskvöldið	<b>18. nóvember</b>	– Laust
Laugardagskvöldið	<b>19. nóvember</b>	– Örfá sæti laus
Föstudagskvöldið	<b>25. nóvember</b>	– Örfá sæti laus
Laugardagskvöldið	<b>26. nóvember</b>	– Uppselt
Föstudagskvöldið	<b>02. desember</b>	– Örfá sæti laus
Laugardagskvöldið	<b>03. desember</b>	– Uppselt
Föstudagskvöldið	<b>09. desember</b>	– Laust
Laugardagskvöldið	<b>10. desember</b>	– Örfá sæti laus
Laugardagskvöldið	<b>17. desember</b>	– Aukavöld laust

Bókaðu núna á [hotelsaga@hotelsaga.is](mailto:hotelsaga@hotelsaga.is),  
eða í síma 525 9930. [www.hotelsaga.is](http://www.hotelsaga.is)







**BLEIKAR** Þær Guðbjörg Hjálmarsdóttir, Lára Jóna Sigurðardóttir og Hafdís Stefánsdóttir klæddust bleiku í tilefni kvöldsins.



**SKOPPA OG SKRÍTLA** Leikkonurnar Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir, betur þekktar sem Skoppa og Skríttla, létu sig ekki vanta.



**GLAÐAR** Þær Arnfríður Aradóttir, Guðrún Hauksdóttir og Brynja Vermundardóttir gerðu sér glaðan dag í Hörpu.

## VEL HEPPNAÐ BLEIKT KONUKVÖLD Í HÖRPU

Konur flyktust í Hörpu á fimmtudagskvöldið þar sem Krabbameinsfélagið stóð fyrir Bleiku konukvöldi til styrktar áttakinu Bleika slaufan. Veislustjórar voru leikkonurnar Bryndís Ásmundsdóttir og Brynja Valsdóttir en fjölmargir listamenn stigu á svið eins og hljómsveitin Dikta og söngvararnir Friðrik Ómar og Jógvan. Fimleikafélagið Gerpla var með atriði sem og Sigrún Blomsterberg sem setti saman dans-tískusýningu í samstarfi við Fatahönnunarfélag Íslands. Einnig voru íslenskir hönnuðir með sölubása þar sem hluti ágóðans rann til Krabbameinsfélagsins.



**SKÁLUÐU** Ingibjörg Stefánsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir og Steinunn Finnsdóttir skemmtu sér í Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BROSMILDAR** Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Elín Hirst mættu í Bleika boðið en Elín skrifaði einmitt ævisögu Guðrúnar Ebbu, Ekki líta undan, sem kom út fyrir stuttu.



Vertu vinur okkar á facebook



[www.facebook.com/Iglo.kids](http://www.facebook.com/Iglo.kids)

Ígló verslun Laugavegi 39 // s. 517 7913 // [www.iglokids.com](http://www.iglokids.com)

Englabörnin Kringlunni // Debenhams Smáralind // Fífa Húsgagnahöllinni // Hríml Akureyri  
Ozone Akranesi og Selfossi // Leggur og skel Ísafirði // Framtíð Vestmannaeyjum  
Tákn Húsavík // Ígló fötin eru nú fánleg í Magasin Du Nord Kaupmannahöfn





## Hugsar líkt og stelpa

Leikarinn Ryan Gosling er talinn vera meðal þeirra efnilegustu í Hollywood í dag. Hann segist ekki hafa átt marga vini í æsku og hugsar meira eins og kona en karlmaður.

„Ég hugsar eins og stelpa. Það er kannski ekki skrítið því ég var alinn upp af móður minni og systur og ég gæti líklega ekki hugsað öðruvísi þótt ég vildi. Þar að auki var systir mín minn besti vinur og fyrirmynd og þar sem ég fékk kennslu heima átti ég fáa aðra vini. Ég æfði líka ballett þegar ég var yngri og var umkringdur stelpum þar líka. Þetta hlýtur að hafa haft áhrif á mig og þann mann sem ég hef að geyma,“ sagði leikarinn í viðtali við The Independent.



**STELPULEIGUR** Ryan Gosling segist hugsa meira eins og stelpa en strákur.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Áhættuleikari lést við tökur

Áhættuleikari lét lífið við tökur á hasarmyndinni The Expendables 2 nú á fimmtudag. Tökur á myndinni fara fram í borginni Sofíu í Búlgaríu og staðfestu þarlend yfirvöld fréttirnar.

Áhættuleikarinn var staddur á gúmmibát ásamt tveimur öðrum þegar slysið átti sér stað, engar upplýsingar hafa verið veittar um hvað olli slysinu. Áhættuleikarinn lét lífið en hinir tveir slösudust alvarlega.

The Expendables 2 er framhald samnefndrar kvikmyndar sem kom út árið 2010 og skartar öllum helstu hasarstjörnum níunda og tíunda áratugarins. Arnold Schwarzenegger, Sylvester Stallone, Jason Statham, Jean-Claude Van Dam, Jet Li, Bruce Willis og Liam Hemsworth eru á meðal þeirra sem fara með hlutverk í myndinni.



**ÁFALL** Áhættuleikari lét lífið við tökur á kvikmyndinni The Expendables 2. Sylvester Stallone og Bruce Willis leika í myndinni.

NORDICPHOTOS/GETTY



**ÓÞÆGILEGT** Carey Mulligan þurfti bæði að syngja og koma fram nakin í nýrri mynd sinni, Shame.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Söngur verri en nektin

Leikkonan Carey Mulligan fer með hlutverk í kvikmyndinni Shame þar sem hún þarf bæði að syngja og leika í nektaratriði. Leikkonan lét hafa það eftir sér að af tvennu illu hafi henni þótt verra að þurfa að syngja.

„Mér finnst hræðilegra að syngja en að leika í nektarsenu. Maður er svo berskjaldaður þegar maður syngur og mér fannst það erfitt,“ sagði leikkonan, en þetta var í fyrsta sinn sem hún hefur þurft að gera slíkt fyrir hlutverk. „Ég hef aldrei kunnað við tilhugsunina um að koma fram nakin, en þetta er verra.“




**SAMAN Á NÝ** Justin Timberlake og Jessica Biel hlustuðu á hljómsveitina One Republic ásamt Elton John og David Furnish.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Nutu lífsins á tónleikum

Justin Timberlake og Jessica Biel nutu lífsins á tónleikum með sveitinni One Republic. Þarið, sem nýlega tók saman aftur, sat við sama borð og breski söngvarinn Elton John og eiginmaður hans David Furnish. Mikil gleði var við borðið en þau voru öll að fagna afmæli sameiginlegs vinar. Samkvæmt tímaritinu People sparaði Timberlake ekki kampa-vínið og kepptist við að opna flöskur og hella í glös sessunauta sinna.

## Ertu með viðskiptahugmynd?



ÍSLANDBANKI KYNNIR NÁMSKEIÐ FYRIR KONUR Í GERÐ VIÐSKIPTAÁÆTLANA.

5 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFST 1. NÓVEMBER

Íslandsbanki og Félag kvenna í atvinnurekstri standa fyrir námskeiði í gerð viðskiptaáætlana í samstarfi við Opna háskólann í HR. Skólinn býr að mikilli reynslu í námskeiðshaldi af þessu tagi og kennarar eru þeir bestu sem völ er á í faginu.

Námskeiðið er 27 klst. og stendur frá 1. til 29. nóvember. Kennst verður þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.15–20.15.

Í framhaldinu verður efnt til samkeppni um bestu viðskiptaáætlunina. Sigurvegarinn hlýtur 2 milljónir króna í verðlaun frá Íslandsbanka.

[Skráning og nánari upplýsingar á islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

**FKA**  
Félag kvenna í atvinnurekstri

**OPNI HÁSKÓLINN**  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK



**50%**  
afsláttur í boði  
Íslandsbanka

[islandsbanki@islandsbanki.is](mailto:islandsbanki@islandsbanki.is)  
[www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)  
Sími 440 4000

**Íslandsbanki**



# Barði og Keren Ann setja upp óperu í Frakklandi

Barði Jóhannsson og franska söngkonan Keren Ann fengu hugmynd að óperu fyrir fimm árum sem er loksins að verða að veruleika.

„Þetta er risastór framkvæmd og það gengur rosalega vel,“ segir tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson. Barði vinnur nú að uppsetningu óperunnar Red Waters ásamt frönsku tónlistarkonunni Keren Ann. Sýningin verður frumsýnd 4. nóvember í Rouen og verður svo sýnd víða um Frakkland. Barði og Keren Ann sömdu verkið, en Sjón vann með þeim að sögunni. Þá kemur þrettán manna sinfóníuhljómsveit, dansarar, íslenskur kór, leikarar, danshöfundar og

Pað er fullt af fólki. Þetta er risastór framkvæmd.

**BARÐI JÓHANNSON**  
TÓNLISTARMAÐUR

fatahönnuðir að sýningunni. „Það er fullt af fólki. Þetta er risastór framkvæmd,“ segir Barði. Óperan í Rouen og Centre Dramatique National D'Orleans framleiða sýninguna, en hugmyndin kom upp fyrir fimm árum þegar Barði og Keren Ann voru að semja saman. „Við sömdu lag sem okkur fannst vera hluti af ósaminni óperu,“ segir hann. „Svo byrjuðum við að spjalla saman um þetta og



STÓRT VERKEFNI Barði Jóhannsson og franska söngkonan Keren Ann sömdu óperu sem nú er verið að setja upp í Frakklandi.

ég held að síðan séu liðin fimm ár. Þetta er svo stórt verkefni, þannig að það tók langan tíma að semja verkið og að finna framleiðanda sem er tilbúinn til leggja í svona stórt verk.“ Barði segir verkið byggt upp eins

og óperu að öllu leyti. „Nema það er mikill dans og við látum söngvarana ekki syngja með víbratí,“ segir hann. „Við ákváðum strax að óska eftir því við söngvarana að sleppa öllu víbratí, það hefur farið í okkur.“

atlifannar@frettabladid.is

**SMÁRABÍÓ**

FRÁ STEVEN SPIELBERG OG PETER JACKSON

**TINNA**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**HÁSKÓLABÍÓ**

FRÉTTAMINN

**ÞÓR**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**BORGRIKI**

FRÉTTAMINN

**BOGRÁRBIÓ**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

SMÁRABÍÓ	GLÆRUGU SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
ÆVINTYRI TINNA 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7	ÆVINTYRI TINNA 3D KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20	7
ÆVINTYRI TINNA 3D LÚXUS KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7	HEADHUNTERS KL. 8	16
ÆVINTYRI TINNA 2D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	7	ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.40 (TILBOÐ) - 5.50	L
HEADHUNTERS KL. 5.45 - 8 - 10.15	16	BORGRIKI KL. 10.15	14
ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30 - 5.50	L	MIDNIGHT IN PARIS KL. 3.40 - 5.50 - 8	L
ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40	L	WHAT'S YOUR NUMBER KL. 10.10	12
BORGRIKI KL. 8 - 10	14	ELDEJALL KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

**mid.is**

Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ**

www.laugarasbio.is  
-bara lúxus sími 553 2075

**TINNA**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**ÞÓR**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**BORGRIKI**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**THE THING**

ENGIN UNÐANKOMA, ENGIN MISKUNN

**Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.**

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
ÆVINTYRI TINNA - 3D	2(950 kr), 5 og 8
ÆVINTYRI TINNA - 2D	1,45(700 kr) og 5
THE THING	8 og 10.15
BORGRIKI	4, 6, 8 og 10.15
ÞÓR - 3D	2(1050 kr) - ISL TAL
KILLER ELITE	10.15

**the inbetweeners**

forsýnd um helgina movie

**the Help**

Myndin sem allir eru að tala um sem óvantaða smell ársins

**TINNA**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**ALL FOR ONE**

THE THREE MUSKETEERS

**FRÁBER TÓNLIST**

MÓGNÚÐ DANSAÞRÍÐI

**Bangsímon**

Glæslegt ævintýri um bangsann sem allir elskar

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	SMÁRABÍÓ	KRINGLUNNI	SMÁRABÍÓ	AKUREYRI	SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK
TINNA	Ensku Tali kl. 12-2 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	ÆVINTYRI TINNA kl. 12:40 - 3:10 - 5:40 - 8 - 10:30	ÞÓR	HET JUR VALHALLAR kl. 12:40 - 3:10 - 5:50	THE HELP	kl. 5 - 8 - 10:50	TINNA	Ensku Tali kl. 1:30 - 5:40 - 8
THE HELP	Luxus VIP kl. 2 - 6:20 - 9:20	HELP	THE INBETWEENERS	kl. 6 - 9	THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20	BANGSÍMON	kl. 1:30 - 5:50 - 8
THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 12 - 2:10 - 4:10	BANGSÍMON	THE THREE MUSKETEERS	kl. 8 - 10:30	FOOTLOOSE	kl. 1:30 - 5:50 - 8	REAL STEEL	kl. 12 - 2:10 - 4:10
FOOTLOOSE	kl. 1:30 - 5:50 - 8	ALGJÖR SVEPPI	ALGJÖR SVEPPI	kl. 12:40 - 3:10	REAL STEEL	kl. 10:10	JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 10:10
BANGSÍMON	kl. 1:30 - 5:50 - 8	REAL STEEL	REAL STEEL	kl. 5:20	JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 3:40 - 5:50 - 8	KONUNGUR LJÓNANNA	kl. 3:40 - 5:50 - 8
KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 1:30 - 3:40	DRIVE	DRIVE	kl. 10:20	KONUNGUR LJÓNANNA	kl. 1:30 - 3:40	ALGJÖR SVEPPI	kl. 1:30 - 3:40
ALGJÖR SVEPPI	kl. 1 - 3	ALGJÖR SVEPPI	ALGJÖR SVEPPI	kl. 1 - 3	ALGJÖR SVEPPI	kl. 10:20	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
BANGSÍMON	kl. 2	BANGSÍMON	BANGSÍMON	kl. 2	BANGSÍMON	kl. 10:20	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 4	KONUNGUR LJÓNANNA 3D	KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 4	KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 2	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
HELP	kl. 6 - 9	HELP	HELP	kl. 6 - 9	HELP	kl. 2	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 2	ALGJÖR SVEPPI	ALGJÖR SVEPPI	kl. 2	ALGJÖR SVEPPI	kl. 2	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
REAL STEAL	kl. 3:50	REAL STEAL	REAL STEAL	kl. 3:50	REAL STEAL	kl. 3:50	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10	THE THREE MUSKETEERS	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10	THE THREE MUSKETEERS	kl. 6 - 8 - 10:10
TINNA	kl. 1:30 - 5:40 - 8	TINNA	TINNA	kl. 1:30 - 5:40 - 8	TINNA	kl. 1:30 - 5:40 - 8	TINNA	kl. 1:30 - 5:40 - 8
THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	THE THREE MUSKETEERS	THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20
HET JUR VALHALLAR : ÞÓR	kl. 3:40	HET JUR VALHALLAR : ÞÓR	HET JUR VALHALLAR : ÞÓR	kl. 3:40	HET JUR VALHALLAR : ÞÓR	kl. 3:40	HET JUR VALHALLAR : ÞÓR	kl. 3:40
BANGSÍMON	kl. 2 - 4	BANGSÍMON	BANGSÍMON	kl. 2 - 4	BANGSÍMON	kl. 2 - 4	BANGSÍMON	kl. 2 - 4
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	ALGJÖR SVEPPI	ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	ALGJÖR SVEPPI	kl. 6
BORGRIKI	kl. 8	BORGRIKI	BORGRIKI	kl. 8	BORGRIKI	kl. 8	BORGRIKI	kl. 8
KILLER ELITE	kl. 10	KILLER ELITE	KILLER ELITE	kl. 10	KILLER ELITE	kl. 10	KILLER ELITE	kl. 10

Sími: 553 2075

**LAUGARÁS BÍÓ**

- bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

**TINNA**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**ÞÓR**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**BORGRIKI**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**THE THING**

ENGIN UNÐANKOMA, ENGIN MISKUNN

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

**TILBOÐSBÍÓ**

**LAUGARDAGUR - SUNNUGAGUR**

**SMÁRABÍÓ**

**mid.is**

ÆVINTYRI TINNA 3D	KL. 1	7
ÆVINTYRI TINNA 2D	KL. 1	7
ÞÓR 3D ÍSL.TAL	KL. 1	L
ÞÓR 2D ÍSL.TAL	KL. 1	L
<b>HÁSKÓLABÍÓ</b>		
ÆVINTYRI TINNA 3D	KL. 3.20	7
ÞÓR 3D ÍSL.TAL	KL. 3.40	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

**TINNA**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**Bangsímon**

Glæslegt ævintýri um bangsann sem allir elskar

**LEONKING**

LEIÐARÐÓMUR EIMYFNINGINS

**tryggðu þér miða á sambio.is**

## SPARBÍÓ

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AUGLÝSINGUM  
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

**SAMBÍÓ** SAMbio.is

## BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR: KÍNA: DEEP IN THE CLOUDS 20:00 ■ KÍNA: BODYGUARDS AND ASSASSINS 22:00 ■ UPPVAKNINGAR: NIGHT OF THE LIVING DEAD 18:00 ■ L'INFERNO m. MALNEIROPHRENIA 20:00 ■ THE GRAPES OF DEATH 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 18:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 22:00 ■ SVINALANGORNA 18:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00 ■ JODOROWSKY: SANTA SANGRE 20:00

SUNNUGAGUR: KÍNA: UNDER THE HAWTHORNE TREE 20:00 ■ KÍNA: IF YOU ARE THE ONE 22:00 ■ UPPVAKNINGAR: WHITE ZOMBIE 18:00 ■ LET SLEEPING CORPSES LIE 20:00 ■ ZOMBIE 2 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 22:00 ■ JODOROWSKY: SANTA SANGRE 20:00

ISL. TEXTIL / ENGLISH SUBTITLES.

**KÍNVERSKIR**  
KVIKMYNDADAGAR

**UPPVAKNINGA-**  
HÁTÍÐ!

**Mid**



# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR 20.000 MANNS Á 2 VIKUM!

HETJUR VALHALLAR

# ÞÖR



Gagnrýnendur eru  
á einu máli:



„Til hamingju, Ísland. Fullt  
hús stiga og fimmfalt húrra“  
-H.S.S, MBL



„Feykilega vel gerð mynd í  
alla staði sem gefur erlendum  
stórmyndum ekkert eftir“  
-R.E., FBL

„Glæsilega unnin mynd með  
líflegum, litríkum teiknistíl og  
afar flottri grafík sem gleymir  
ekki smáatriðum“  
-T.V., Sjóð og Heyrt/kvikmyndir.is



„Góður sopi af sagnabrunni.  
Allt er gert með miklum  
ágætum og kryddað með  
klassískum íslenskum húmor“  
-Þ.P., FT



„Brugðið upp mjög fjölskrúðugri  
og spennandi atburðarrás“  
-Ó.H.T., Rás 2

[www.sena.is/thor](http://www.sena.is/thor) - [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

SAMBIÐIN EGILSHÖLL

SAMBIÐIN KEFLAVÍK

sena





**KJARTAN HENRY FINNBOĞSON** er nú til reynslu hjá enska B-deildarfélaginu Brighton & Hove Albion en þetta kom fram á Fótbolti.net í gær. Liðið er nýliði í deildinni en eftir góða byrjun hefur liðinu fátast flugið á síðustu vikum. Stjóri liðsins er Gus Poyet en Kjartan Henry var lykilmáður í Íslands- og bikarmeistaraliði KR í sumar.

Umdeild félagaskipti:

## Salan á Veigari á borð lögreglu

**FÓTBOLTI** Sagan endalusa um vistaskipti Veigars Páls Gunnarssonar frá Stabæk til Vålerenga í norska fótboltanum ætlar engan endi að taka. Félögin þurfa að greiða háa sekt og þrjú háttsettir aðilar fá ekki að koma nálægt fótbolta í 12-18 mánuði – og nú hefur norska lögreglan áhuga á að rannsaka málið.

„Við lítum á þetta sem brot á norskum lögum og ef málinu hefur verið rétt lýst í fjölmiðlum eigum við von á tilkynningu frá norska knattspyrnusambandinu,“ sagði fulltrúi lögreglunnar við norska fjölmiðla.

Stabæk og Vålerenga eru grun- uð um að hafa sett á svið leikþátt sem átti að koma í veg fyrir að Stabæk þyrfti að greiða allt að 50 milljónir kr. af söluverðinu til Nancy í Frakklandi. Veigar var seldur á 20 milljónir kr. og með í kaupnum fylgdi 15 ára unglingur sem metinn var á 80 milljónir kr. Nancy fékk því aðeins 10 milljónir kr. í sinn hlut. Stjarnan og KR, sem Veigar lék með hér á landi, voru einnig hlunnfarin í þessu máli, en þau eiga rétt á hlut af söluverði hans.

Sjálfur segir Veigar, sem er saklaus aðili að málinu, að hann kæri sig ekki um þessa byrði. „Ég vil eiginlega ekki segja meira um þetta mál. Þetta hefur verið auka- byrði á mér sem ég þarf ekki á að halda. Ég mun ekki tjá mig meira um þetta.“

- seth, esá



**VEIGAR PÁLL** Lékk lengi með Stabæk við góðan orðstír en sala hans hjá félaginu er afar umdeild. MYND/SCANPIX



**ÓVÆNTUR FULLTRÚI ÍSLANDS Á OLYMPIULEIKUNUM?** Hinn tvítugi leikmaður Vals, Atli Már Báruson, er á góðri leið með að tryggja sér sæti í ólympíuhópi breska landsliðsins í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## YRÐI ALGJÖR DRAUMUR

Valsarinn Atli Már Báruson hefur sótt um að komast í breska ólympíuliðið í handbolta. Hinn tvítugi Atli hefur verið í sambandi við forráðamenn breska liðsins, sem vilja ólmir fá hann til reynslu. Málið skýrist væntanlega í janúar.

**HANDBOLTI** Svo gæti farið að Ísland ætti þátttakanda í handbolta- keppni Ólympíuleikanna þó svo að íslenska landsliðið komist ekki til London. Hinn tvítugi Valsari Atli Már Báruson hefur nefnilega sótt um að komast í lið heimamanna.

Bretar hafa ekki verið þekktir fyrir afrek sín á handboltavellinum en þar sem þeir halda leikana fá þeir að vera með í handbolta- keppninni.

Bretar auglýstu eftir leikmönnum um allan heim sem hefðu reynslu af handbolta og gætu spilað undir merkjum Bretlands. Faðir Atla er Breti og þess vegna á hann kost á að spila undir merkjum Bretlands.

„Það er smá vinna eftir. Ég hef ekki verið í miklu sambandi við föður minn en þarf að ná sambandi við hann og fá ýmislegt frá honum svo ég geti gengið frá umsókninni um tvöfalt ríkisfang. Það er því aðalmálið núna. Ef það gengur eftir fer ég út til reynslu hjá Bretunum í janúar,“ segir Atli Már, en Bretarnir eru spennir fyrir því að skoða strákinn.

„Deir vilja ólmir fá mig út og vonandi ganga málin hratt fyrir

“Þessi grínhugmynd er á góðri leið með að verða að veruleika. Það er frekar fyndið.”

**ATLI MÁR BÁRUSON**  
HANDBOLTAMAÐUR HJÁ VAL

sig. Þetta er spennandi ævintýri.“ Það var upphaflega vinur Atla sem kom honum í samband við Bretana og eftir það fóru hjólin að snúast.

„Ég hafði grínast með það lengi að ég gæti spilað með Bretum á Ólympíuleikunum. Ingvar, vinur minn og markvörður Vals, sendi fyrirspurn út til þeirra fyrir mig. Þeir svöruðu um hæl og eru spennir fyrir því að fá mig til sín,“ segir Atli og það leynir sér ekki að hann er talsvert spennur.

Þar sem Bretar hafa ekki iðkað handbolta mikið gerir hann sér grein fyrir því að hann á mjög góða möguleika á að komast í liðið, fari svo að hann fái leyfi til þess að keppa undir merkjum Bretlands.

„Ég geri mér ekki alveg grein fyrir styrk þeirra sem fara í

æfingabúðirnar í janúar og hversu margir þeir verða. Það eru tveir landsliðsmenn Breta að spila hér á landi og miðað við styrk þeirra tel ég mig eiga góðan möguleika. Þessi grínhugmynd er á góðri leið með að verða að veruleika. Það er frekar fyndið.“

Það er stærsti draumur flestra íþróttamanna að spila á Ólympíuleikunum og Atli viðurkennir að hann hafi ekki átt von á að sá draumur myndi kannski rætast á næsta ári.

„Í það minnsta ekki með Bretlandi. Ég sá það ekki fyrir. Það er alveg ótrúlegt. Þetta ætti að skýrast allt í janúar en ég er bjartsýnn á að dæmið gangi upp. Ég er orðinn gríðarlega spennur og þetta yrði algjör draumur.“

Atli er uppalinn Valsari og hann nýtti öll ráð til þess að heilla Bretana. „Ég sagði þeim að ég spilaði með félaginu sem Ólafur Stefánsson ólst upp hjá. Sagði að frá þessu félagi kæmu einnig leikmenn eins og Dagur Sigurðsson, Sigfús Sigurðsson og Guðmundur Hrafnkels- son. Það var um að gera að nýta það sem ég get,“ segir Atli og hlær við.

henry@frettabladid.is



**HELGI MÁR** Gamli KR-ingurinn átti ótrúlegan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sænski körfuboltinn:

## Helgi Már skoraði 39 stig

**KÖRFUBOLTI** Svíþjóðarmeistarar Sundsvall Dragons eru enn á toppi sænsku úrvalsdeildarinnar eftir öruggan sigur á Södertälje. Liðin voru jöfn að stigum fyrir leikinn.

Hlynur Bæringsson skoraði 13 stig og tók 6 fráköst fyrir Sundsvall. Jakob Örn Sigurðarson skoraði 11 stig, tók 4 fráköst og gaf 2 stoðsendingar. Pavel Ermolinskij skoraði 10 stig og gaf 8 stoðsendingar.

Helgi Már Magnússon fór algjörlega á kostum og skoraði heil 39 stig þegar lið hans, 08 Stockholm, lagði hans gamla félag, Uppsala. Forráðamenn Uppsala hafa klárlega séð á eftir Helga í kvöld enda var þetta lang- besti leikur hans í sænska bolt- anum. Helgi tók einnig 7 fráköst í leiknum og gaf 3 stoðsendingar.

Brynjar Þór Björnsson og félagar í Jämtland höfðu síðan betur gegn Loga Gunnarssyni og félögum hans í Solna. Brynjar og Logi skorðu báðir 17 stig í leiknum. - hbg

Þýska úrvalsdeildin:

## Afmælisbarnið Kári tapaði

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmunds- son landsliðsþjálfari var ekki á því að gefa Kára Kristjáni Krist- jánssyni neina afmælisgjöf í gær þegar Löwen, lið Guðmundar, sótti Kára og féлага í Wetzlar heim.

Löwen vann öruggan sigur, 27-33, og leiddi allan tímann. Kári var í afmælisstuði og skil- aði sínu fyrir Wetzlar. Var næst- markahæstur með sex mörk. - hbg

SPORT 2  
enski boltinn

Síminn ICELANDAIR 101 OPIN KERFI

LUNDÚNASLAGUR Á BRÚNNI

# CHELSEA

GEGN

# ARSENAL

LAUGARDAG KL. 11:30



## ÚRSLIT

## Iceland Express-deild karla:

**Keflavík-Haukar 85-76**  
Keflavík: Charles Michael Parker 24/11 fráköst/6 stoðsendingar, Steven Gerard Dagustino 17, Jar-ryd Cole 15/12 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 12/6 stoðsendingar, Valur Orri Valsson 5, Almar Stefán Guðbrandsson 4/5 fráköst, Gunnar H. Stefánsson 3, Sigurður Friðrik Gunnarsson 2, Ragnar Gerald Albertsson 2, Andri Skúlason 1.  
Haukar: Jovanni Shuler 18/16 fráköst, Christopher Smith 17/8 fráköst/4 varin skot, Örn Sigurðarson 15/4 fráköst, Sævar Ingi Haraldsson 10/7 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 6, Davíð Páll Hermannsson 5, Óskar Ingi Magnússon 4, Helgi Björn Einarsson 1.

**Fjöltnir-Valur 81-77**  
Fjöltnir: Nathan Walkup 24/11 fráköst, Calvin O'Neal 18/5 fráköst, Árni Ragnarsson 13/6 fráköst/7 stoðsendingar, Arnþór Freyr Guðmundsson 11, Jón Sverrisson 7/9 fráköst, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 5, Ægir Þór Steinarsson 2, Trausti Eiríksson 1/8 fráköst.  
Valur: Darnell Hudgee 30/11 fráköst/6 varin skot, Birgir Björn Pétursson 13/9 fráköst/3 varin skot, Igor Tratnik 13/11 fráköst/3 varin skot, Ragnar Gylfason 10, Austin Magnus Bracey 7, Snorri Þorvaldsson 2, Alexander Dungal 2.

**Grindavík-Tindastóll 85-65**  
Grindavík: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21/13 fráköst/5 stölnir, J'Nathan Bullock 18/8 fráköst, Giordan Watson 17/7 stoðsendingar, Páll Axel Vilbergsson 15, Ólafur Ólafsson 7, Ómar Örn Sævarsson 4, Jóhann Árni Ólafsson 3.  
Tindastóll: Maurice Miller 20/11 fráköst, Trey Hampton 17/10 fráköst, Friðrik Hreinsson 11, Helgi Rafn Viggósson 5/6 fráköst, Hreinn Gunnar Birgisson 5, Helgi Freyr Margeirsson 3, Þróstur Leó Jóhannsson 2, Svavar Atli Birgisson 2.

**STADAN:**

Grindavík	4	4	0	353-294	8
<b>KR</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>359-350</b>	<b>6</b>
Stjarnan	4	3	1	366-321	6
<b>Keflavík</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>362-320</b>	<b>6</b>
Þór Þ.	4	3	1	360-340	6
<b>ÍR</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>359-369</b>	<b>4</b>
Njarðvík	4	2	2	348-329	4
<b>Snæfell</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>372-359</b>	<b>4</b>
Fjöltnir	4	2	2	355-370	4
<b>Haukar</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>324-374</b>	<b>0</b>
Tindastóll	4	0	4	323-374	0
<b>Valur</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>298-379</b>	<b>0</b>

Grindavík	4	4	0	353-294	8
<b>KR</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>359-350</b>	<b>6</b>
Stjarnan	4	3	1	366-321	6
<b>Keflavík</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>362-320</b>	<b>6</b>
Þór Þ.	4	3	1	360-340	6
<b>ÍR</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>359-369</b>	<b>4</b>
Njarðvík	4	2	2	348-329	4
<b>Snæfell</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>372-359</b>	<b>4</b>
Fjöltnir	4	2	2	355-370	4
<b>Haukar</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>324-374</b>	<b>0</b>
Tindastóll	4	0	4	323-374	0
<b>Valur</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>298-379</b>	<b>0</b>



**BIRGIR LEIFUR** Er einu skrefi nær PGA-mótaröðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Komst áfram á úrtökumótinu

**GOLF** Kyllingurinn Birgir Leifur Hafþórsson komst í gær áfram á 1. úrtökumóti PGA-mótaröðarinnar. Birgir Leifur lék á 74 höggum og það dugði til.

Birgir Leifur var samtals á tveim höggum yfir pari en kyllingar sem léku á þrem höggum yfir pari komast á næsta úrtökumót. Það mátti því ekki mikið tæpara standa hjá Birgi en vel gert engu að síður.

Hringurinn í dag var hans lakasti, en hann lék tvo hringi á 73 höggum og einn hring á 70 höggum. - hbg

Carlos Tevez:

## Ekki valinn í landsliðið

**FÓTBOLTI** Alejandro Sabella ákvað að velja Carlos Tevez ekki í landsliðshóp Argentínu fyrir leiki liðsins gegn Bólivíu og Kólumbíu í undankeppni HM 2014 í næsta mánuði.

Tevez hefur hvorki spilað né æft með Manchester City síðan hann neitaði að koma inn á sem varamaður í leik liðsins gegn Bayern München í síðasta mánuði. Mikið hefur verið fjallað um málið, en því lyktaði með því að Tevez var sektaður um tveggja vikna laun.

Pablo Zabaleta og Sergio Agüero, félagar hans hjá City, voru báðir valdir í landsliðið, sem og þeir Lionel Messi hjá Barcelona og Javier Pastore, leikmaður PSG í Frakklandi. - esá

Fjöltnir marði sigur án Ægis Þórs Steinarssonar:

## Grindavík enn taplaust

**KÖRFUBOLTI** Það er ekkert lát á góðu gengi Grindvíkinga í Iceland Express-deild karla. Liðið vann í gær þægilegan sigur á Tindastóli en þetta var fjórði sigurleikur liðsins í röð.

Sigurður Gunnar Þorsteinsson fór mikinn í leiknum og réðu Stólarinnir ekkert við hann. Kanarnir og Páll Axel einnig sterkir. Grindavík var komið yfir 29-13 eftir fyrsta leikhluata og dagskránni í raun lokið.

Mesta spennan í leikjum gærkvöldsins var í Grafarvogi. Fjöltnir

missti Ægi Þór Steinarsson meiddan af velli í fyrri hálfleik og við það jafnaðist leikurinn mikið.

Fjöltnismenn þjoppuðu sér þó saman og náðu að merja sigur eftir allt saman. Útlendingarnir í fararbroddi hjá Fjöltnismönnum en Árni Ragnarsson átti einnig mjög fínan leik.

Charles Michael Parker fór svo mikinn í liði Keflavíkur sem vann góðan sigur á Haukum. Jafnt var með liðunum framan af en Keflavík gerði út um leikinn í þriðja leikhluata. - hbg



**HORÐU TIL HIMINS, MEÐ HÖFUÐIÐ HÁTT** Leikmenn Vals og Fjöltnis leita að boltanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## SÖNGSKEMMTUN UM ÓÐINN VALDIMARSSON II. OG 12. NÓVEMBER

# LÖGIN HANS ÓÐA

Söngskemmtun, föstudagskvöld kr. 2.500  
Húsið opnað kl. 21 og sýning hefst 21.30.

Söngskemmtun, laugardagskvöld og 3ja rétta kvöldverður ásamt dansleik í Súlnasal á kr. 7.900.

Dansleikur á laugardagskvöldi opinn öllum.  
Aðgangseyrir kr. 1.500.

Rafn Sveinsson rekur feril söngvarans

Matseðill laugardagskvöld

Rjómalöguð sjávarréttasúpa með gulrótarflani  
Lambahryggvöðvi með smjörbakaðri kartöflu,  
fennelsalati og rauðvínssósu  
Súkkulaði-brownie með karamellu, salthnetum  
og vanilluís

### Flytjendur:

Brynleifur Hallsson  
Helena Eyjólfsdóttir  
Einar Bragi Bragason  
Björn Þórarinnsson  
Óskar Pétursson  
Finnur Finnsson  
Þorleifur Jóhannsson  
Hermann Arason  
Friðjón Jóhannsson  
Valgarður Óli Ómarsson  
Snorri Guðvarðsson

### Hver man ekki eftir lögum eins og:

Í kjallaranum  
Ég er kominn heim  
Einsi kaldi úr eyjunum  
Magga  
Útlaginn  
— og fjölda annarra laga



Ljóm: Gunnlaugur P. Kristinn/Miðjafnið

**Radisson** BLU  
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK





ALBERT BRYNJAR Gæti mögulega verið á leið frá Fylki, en hann var einn sterkasti maður liðsins í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Albert Brynjar Ingason: Ákveður sig um helgina

**FÓTBOLTI** Albert Brynjar Ingason, einn eftirsóttasti knattspyrnumaðurinn á markaðnum í dag, ætlar líklega að ákveða framhaldið nú um helgina. Albert hefur verið á mála hjá Fylki en samningur hans rann út fyrr í mánuðinum og hefur hann verið að ræða við önnur félög.

„Ég hef rætt við fimm félög sem öll enduðu í efri hluta deildarinnar í haust en líka mikið við Fylkismenn. Ég hef gefið þeim tíma til að vinna í sínum málum og mér líst virkilega vel á þjálfarateymið sem hefur verið ráðið til starfa,“ sagði hann, en Ásmundur Arnarsson er nýr þjálfari Fylkis og Haukur Ingi Guðnason aðstoðarmaður hans. Þá mun Björgólfur Takefusa spila með Fylki á ný á næsta sumri.

„Það er spennandi tilhugsun að spila með honum en ég verð líka að líta á heildarmyndina. Ég hef rætt við félög sem hafa verið að vinna titla á undanförunum árum og er núna að velja fyrir mér hvort ég vilji fara í þann pakka eða hjálpa Fylki í að komast í þá baráttu á næstu árum. Svo skiptir líka máli hvernig menn ná saman við samningsborðið. Það er að mörgu að huga,“ sagði Albert. - esá



MÆTAST AFTUR Bjarni Fritzon, Akureyri, og FH-ingurinn Ólafur Gústafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eimskipsbikarinn:

## Akureyri mætir í Kaplakrika

**HANDBOLTI** Dregið var í 16 liða úrslit Eimskipsbikarkeppni karla og kvenna í gær. Stórleikur umferðarinnar karlamegin er viðureign FH og Akureyrar í Kaplakrika, en liðin áttust við í lokarimmu úrslitakeppni N1-deildar karla í vor. Þá hafði FH betur.

Akureyri komst í úrslit bikarkeppninnar í fyrra en tapaði fyrir Val, sem mætir ÍR í 16 liða úrslitunum.

Valur og Fram sitja bæði hjá í kvennaflokki, þar sem aðeins fjórtán lið voru skráð til þátttöku. Liðin mættust í úrslitaleiknum í fyrra og hafði Fram betur. Stórleikur umferðarinnar er viðureign Hauka og Stjörnunnar. - esá

### Eimskipsbikarinn

#### Karlar, 16 liða úrslit:

Afturelding - Grótta ÍR - Valur  
Hörður - Stjarnan 2 FH - Akureyri  
Stjarnan - HK Valur 2 - Fram  
ÍBV 2 - HK 2 ÍBV - Haukar  
Leikirnir fara fram 13. og 14. nóv.

#### Konur, 16 liða úrslit:

Víkingur - Selfoss Grótta - ÍR  
Afturelding - ÍBV HK - Fylkir  
Haukar - Stjarnan FH - KA/Þór  
Leikirnir fara fram 15. og 16. nóv.

# GOTT LIÐ ORÐIÐ ENN BETRA

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta endaði frábært ár með sigri á Norður-Írum á miðvikudaginn og náði því þeim einstaka árangri að tapa ekki alvöru landsleik á árinu. Stelpurnar okkar unnu sjö af níu landsleikjum ársins og halda því áfram að bæta sig undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar.

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar eru fyrir nokkru komnar í hóp bestu knattspyrnulandsliða heims og eru nú á góðri leið inn á sitt annað Evrópumót í röð. Það er samt óhætt að segja að liðið hafi stigið stórt skref upp metorðalistann í ár, sem var réttilega kallað af landsliðsþjálfaranum Sigurði Ragnari Eyjólfsyni besta ár kvennalandsliðsins frá upphafi.

Íslenska kvennalandsliðið vann 7 af 9 landsleikjum ársins og eina tapið kom í úrslitaleik Algarve-bikarsins á móti Bandaríkjunum, liðinu sem skipar efsta sætið á styrkleikalista FIFA. Stelpurnar eru í efsta sæti í sínum riðli í undankeppni EM í Svíþjóð 2013.

### Byrjaðar að ná blettinum úr

Stelpurnar léku alls fimm mótssleiki á árinu, unnu fjóra og gerðu eitt markalaust jafntefli á heimavelli á móti Belgíu. Belgíuleikurinn er kannski eini bletturinn á annars skjannahvítu ári en stelpurnar eru byrjaðar að ná honum úr með því að vinna tvo síðustu leiki sína í undankeppninni og tryggja sér toppsæti riðilsins fram á nýja árið.

Þetta er í fyrsta sinn sem íslenska kvennalandsliðið tapar ekki mótssleik á ári sem stelpurnar spila fleiri en einn leik í undankeppni HM eða EM. Íslenska landsliðið vann reyndar eina mótssleik sinn fyrir 18 árum þegar það vann 2-1 sigur á Hollendingum á Laugardalsvelli 26. september 1993. Frá þeim tíma hafði liðið alltaf þurft að sætta sig við að minnsta kosti eitt tap á hverju ári.

### Án Eddu, án Hólmfríðar

Gott dæmi um hversu óflugt liðið er orðið er frammistaða liðsins seinni hluta ársins án brimbrjóstins Eddu Garðarsdóttur, sem hefur verið lykilmaður landsins í meira en áratug.

Edda missti fyrst af leikjum vegna meiðsla og svo vegna veikinda. Stelpurnar unnu Noreg án hennar og klárðu tvo fyrstu útleiki ársins án þess að fá á sig mark. Fjarveran er að sjálfsgöðu leiðinleg fyrir Eddu, sem gengur illa að ná 90. landsleiknum, en jafnframt skilaboð um hversu mikið breidd íslenska kvennalandsliðsins er að aukast. Annað dæmi um það er árangur íslenska liðsins í Algarve-bikarnum þar sem liðið náði silfrinu án Hólmfríðar Magnúsdóttur, markahæsta leikmanns liðsins árið á undan.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur nú stjórnað íslenska liðinu til sigurs í 31 af 54 leikjum frá árinu



19 MÖRK Á ÁRINU Íslenska kvennalandsliðið fagnar hér einu af 19 mörkum sínum í ár en þetta mark kom í stærsta sigri ársins, á Búlgaríu í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

2007 og vantar nú aðeins einn sigur til að ná þeim tuttugasta í keppnisleik. Liðið hefur unnið 10 af síðustu 12 leikjum sínum í undankeppnum og markatalan í þeim leikjum er 27-2 íslenska liðinu í hag. Hann fékk stelpurnar strax til að stefna hátt og undir hans stjórn hefur sæti á stórmóti breyst úr því að vera aðeins draumur í það að vera fullgilt markmið liðsins.

### Varnarlínan alltaf eins

Sigurður Ragnar tefldi fram óbreyttri fjögurra manna varnarlínu í öllum níu leikjum ársins og það er enginn vafi um að stöðugleikinn fyrir framan Þóru Björgu Helgadóttur í markinu á mikinn þátt í traustum varnarleik liðsins.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Sif Atladóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir voru fjórir af sex leikmönnum sem byrjuðu alla níu leiki ársins. Hinar voru hin óþreytandi Sara Björk Gunnarsdóttir á miðjunni og Margrét Lára Viðarsdóttir, sem skoraði 8 landsliðsmörk á árinu og sýndi sitt rétta andlit á nýjan leik.

Sara Björk steig stóra skrefið út í atvinnumennsku og blómstraði með Svíþjóðarmeisturum Malmö

### Þjóðirnar sem stelpurnar okkar mættu á árinu 2011

(Raðað eftir stöðu á FIFA-listanum í upphafi árs)

- |   |  |
|---|--|
| ■ 1. sæti Bandaríkin<br>2-4 tap í úrslitaleik í Algarve-bikarsins | 16. sæti Ísland (nú í 15. sæti)                                |
| ■ 5. sæti Svíþjóð<br>2-1 sigur í Algarve-bikarnum                 | ■ 30. sæti Ungverjaland<br>1-0 sigur í undankeppni EM          |
| ■ 9. sæti Noregur<br>3-1 sigur í undankeppni EM                   | ■ 35. sæti Belgía<br>0-0 markalaust jafntefli í undankeppni EM |
| ■ 13. sæti Danmörk<br>1-0 sigur í Algarve-bikarnum                | ■ 48. sæti Búlgaría<br>6-0 sigur í undankeppni EM              |
| ■ 15. sæti Kína<br>2-1 sigur í Algarve-bikarnum                   | ■ 63. sæti Norður-Írland<br>2-0 sigur í undankeppni EM         |

og er fyrir löngu komin í kjarna íslenska liðsins. Útrás stelpunnanna okkar hefur gert þeim og ekki síst landsliðinu gott og hver veit nema fleiri bætist í hópinn í vetur.

### Ára Þóru markvarðar

Það má heldur ekki gleyma liðsfélaga Söru Bjarkar, Þóru Björgu Helgadóttur í íslenska markinu, sem hefur nú haldið markinu hreinu í 10 af síðustu 12 landsleikjum sínum. Þóra hefur verið mark besta liðsins í Svíþjóð undanfarið

tvo ár og á mikinn þátt í öruggum varnarleik íslenska liðsins bæði með frábærum tóktum í markinu og eins með áru sinni fullri af sjálfstrausti og metnaði.

Það verður erfitt að gera betur á næsta ári. Ekki gerum við kröfur á stelpurnar að vinna Algarve-bikarinn eða tapa ekki leik. Með því að tryggja sér sæti á EM 2013 munu stelpurnar okkar hins vegar sjá til þess að árið 2012 verði jafneftirnilegt fyrir alla og árið sem er að líða. ooj@frettabladid.is

Dagur Sigurðsson og Alfreð Gíslason mætast í stórslag helgarinnar í þýsku úrvalsdeildinni:

## Verður auðveldara að mæta Kiel en Saarlouis

**HANDBOLTI** Stórslagur helgarinnar í þýsku úrvalsdeildinni verður viðureign Fúchse Berlin og Kiel. Þjálfarar liðanna eru báðir íslenskir – þeir Dagur Sigurðsson og Alfreð Gíslason – en þar að auki eru landsliðsmennirnir Aron Pálmarsson (Kiel) og Alexander Petersson (Fúchse Berlin) mikilvægir leikmenn hjá liðunum.

Leiksins er beðið með mikilli eftirvæntingu, en Kiel er á toppi deildarinnar með fullt hús stiga eftir nú leiki. Fúchse Berlin er hins vegar geysstærkt á heimavelli og hefur unnið alla þrjá deildarleiki sína til þessa. Það er því ljóst að eitthvað verður að láta undan.

Max Schmeling-höllin í Berlínarborg verður troðfull á morgun, en hún tekur 8.500 áhorfendur í sæti. Í dag eru þetta tvö stórveldi í þýskum handbolta en saga liðanna er gjörólík. Kiel hefur verið við toppinn í fjölda mörkum ári og unnið marga titla, bæði heima fyrir og í Evrópu.

Fyrir aðeins sex árum var meðalfjöldi áhorfenda á leikjum Fúchse Berlin í C-deildinni um 350 manns. Síðan þá hefur uppgangur liðsins verið með ólíkindum og kom liðið öllum á óvart á síðasta tímabili er það hafnaði í þriðja sæti með jafn mörg stig og Kiel.

Lærissveinar Dags hafa sýnt að þeir geta


unnið hvaða lið sem er á heimavelli. Það gerðu þeir í september í fyrra er þeir unnu þriggja marka sigur á Kiel, 26-23. Átti það eftir að gefa tóninn fyrir frábært tímabili.

Það er engum blöðum um það að fletta að Kiel er í dag sterkasta handknattleikslið Þýskalands. Liðið virðist ógnarsterkt og hefur varla stigið feilspor. Það er greinilegt að Alfreð Gíslason ætlar að endurheimta titilinn úr greipum Hamborgar, sem hafði mikla yfirburði í deildinni í fyrra. Ekkert lið hefur áður unnið fyrstu níu deildarleiki sína og árangurinn því met.

En þrátt fyrir það virðist Dagur nálgast leikinn á sinn máta. Hann segir að það hafi verið erfiðara að mæta neðrdeildarliðinu Saarlouis í þýsku bikarkeppninni á dögunum, sem Fúchse Berlin vann örugglega, en stórliði Kiel í toppslag deildarinnar.

„Það er ekkert nýtt við Kiel. Við höfum margoft spilað við liðið og þekkjum það inn og út. Það mun ekkert koma okkur á óvart í þessum leik,“ sagði Dagur við þýska fjölmiðla. „Við þekktum hins vegar ekkert til Saarlouis. En það er ljóst að Kiel er gríðarlega sterkt um þessar mundir.“

Leikurinn hefst klukkan 16.30 á morgun og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. - esá



DAGUR SIGURÐSSON Hefur náð ótrúlegum árangri með lið Fúchse Berlin. NORDICPHOTOS/BONGARTS



Topplið Man. City tekur á móti Úlfunum á meðan Man. Utd mætir Everton:

# Lundúnabarátta á Stamford Bridge

**FÓTBOLTI** Að öllu eðlilegu fær Man. City þrjú auðveld stig í dag þegar Úlfarnir koma í heimsókn. Nágrannar City í Man. Utd eiga erfiðara verkefni fyrir höndum er þeir sækja Everton heim.

Stórleikur dagsins er þó viðureign Lundúnaliðanna Chelsea og Arsenal, sem mætast á heimavelli Chelsea, Stamford Bridge.

Mikið hefur verið rætt og ritað um John Terry, fyrirliða Chelsea, alla vikuna en hann var sakaður um kynþáttaníð í garð Antons Ferdinand um síðustu helgi. Andre Villas-Boas, stjóri Chelsea, segir

